## ÚR SVEPPARÆKT Í TÓNLISTINA

*Ragnar Kristinn Kristjánsson, oft kenndur við Flúðasveppi, hefur söðlað um og gefið út geisladisk.*




## HÁTÍÐ HESTAMANNA

*Bestu hestar og knapar landsins eru saman komnir á landsmóti.*





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. júlí 2008 — 181. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR




**Kominn með æðstu gráðu**

Sigurður Ragnar Eyjólfsson er kominn í hóp góðra manna með æðstu þjálfaragráðu sem UEFA veitir.



ÍÞRÓTTIR 42

FYLGIR Í DAG




## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI OG HLÝTT** í dag verður hægviðri eða hafgola. Hálfskýjað eða léttskýjað um mest allt land en hætt við þokulofti með norður- og austurströndinni. Hiti 13-21 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4

# Einungis lítið brot aðgerða framkomið

**Fjármálaráðherra segir gagnrýni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ótímabæra. Einungis brot af fyrirhuguðum aðgerðum séu komin í ljós. „Athugunarefni“ að sjóðurinn vilji að ríki og sveitarfélög dragi úr framkvæmdum í verðbólgu.**

**RÍKISFJÁRMÁL** „Þetta er nú ekki nema brot af þeim aðgerðum sem eru fyrirhugaðar gagnvart Íbúðalánasjóði. Því er ótímabært fyrir aðila að dæma um þær,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra.

Formaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Petra Koeva, sagði í gær að tímasetning Íbúðalánasjóðs-aðgerðanna, þegar hámarkslán voru aukin og veðrými breytt, hefði verið „óheppileg“ í ljósi aðgerða Seðlabankans gegn verðbólgu.

Spurður segist Árni ekki geta lesið út úr skýrslu nefndarinnar að ríkisstjórnin vinni gegn peningamálastefnu Seðlabankans. Gagnrýnin sé ótímabær, því „aðgerðirnar koma ekki að fullu í ljós fyrr en í haust“.

Að öðru leyti sé skýrsla nefndarinnar „jákvæð og yfirveguð“.

Árni viðurkennir að lengi hafi mátt bíða eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar og eðlilegt að þeir sem fylgist með séu óþolinmóðir.

Nefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins metur það svo að stjórnvöld og sveitarfélög eigi að hægja á fyrirhuguðum fjárfestingum og reyna að koma í veg fyrir launaskrið í verðbólgunni.

„Og þetta er svolítið í andstöðu við það sem hefur verið í umræðunni hérna að undanförnu, til dæmis hjá aðilum vinnumarkaðarins. Það er athugunarefni fyrir stjórnvöld og aðra að hugsa um það, hvað sé rétt í þeim efnum,“ segir ráðherra.

- kóþ / sjá síðu 8



**FLUTT MEÐ ÞYRLU TIL REYKJAVÍKUR** Karlmaður og kona slösuðust þegar þau misstu stjórn á bifhjóli sem þau tvímenntu á og hjólið hafnaði utan vegar við Garða á Snæfellsnesi laust fyrir klukkan hálftvö í gærdag. Kölluð var út þyrla sem sótti fólkið og flutti á Landspítala - háskólasjúkrahús. Fólkið var með meðvitund allan tímann en grunur var um innvortis áverka auk annarra meiðsla að sögn lögreglu í Ólafsvík. Bæði voru lögð inn á sjúkrahúsið eftir slysið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ ARNÞÓR

Ljósmóðirin Ann Lönnblad upplifði draumafæðinguna:

# Tók á móti sínu eigin barni

**FÓLK** „Þetta var ótrúleg reynsla,“ segir Ann Lönnblad ljósmóðir sem fyrir tæpu ári síðan tók á móti syni sínum í heitum potti heima í stofu.

„Ég var búin að ákveða fyrirfram að fæða heima ef allt yrði með felldu og reyna að taka sjálf á móti barninu. Þetta er auðvitað ekki mjög algengt en ljósmæðrum mínum leist vel á þetta,“ segir Ann sem tók hjálparlaust á móti stráknum en undir vökulum augum ljósmæðra.

Í viðtali við Fréttablaðið lýsir Ann fæðingunni sem gekk vel. „Þegar kollurinn var kominn fram studdi ég hendinni létt á hann og þreifaði eftir naflastrengnum. Svo fann ég axlirnar koma, tók á móti barninu og stýrði honum rólega upp úr vatninu,“ útskýrir Ann.

„Það að ganga með barn er ekki sjúkdómur og fæðingin er ekki sjúkdómur. Konur eru fæddar til þess að fæða börn en síðustu áratugina hefur verið svo mikil áhersla á tæknina og það að fæða á hátæknisjúkrahúsum með allar græjur við höndina. Margar konur verða óöruggar þegar þær koma inn á spítala og sjálfri fannst mér best að vera þar sem mér líður best - heima,“ segir Ann.

- þo/sjá síðu 24

Jean-Marc Caracci:

## Myndar mannlíf í Reykjavík

**SAMFÉLAG** Ljósmyndaverkefnið Homo Urbanus Europeanus eða HUE er hugarfóstur franska ljósmyndarans Jean-Marc Caracci sem ferðast um Evrópu til að mynda fólk og borgir.



JEAN-MARC CARACCI

Tilgangurinn er að sýna fram á líkindi með Evrópubúum þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og ýta undir samkennd og ábyrgð meðal íbúa álfunnar. Caracci er nú staddur hérlendis við tökur á mannlífinu í Reykjavík og hyggst innlima útkomuna í þetta göfuga verkefni.

Sjá Heimili og hönnun

Hörður Arnarson í LA:

## Gerir sjónvarpsþætti um Kára

**FÓLK Kvikmyndagerðarmaðurinn Hörður Arnarson er langt kominn með gerð sjónvarpsþáttaraðar í sex þáttum um Kára Stefánsson og deCODE-ævintýrið. Hörður hefur fylgst með Kára og fyrirtækinu í tæpan áratug og hefur viðað að sér miklu efni. Honum hefur þó ekki enn tekist að ná tali af Kára sjálfum fyrir myndina.**



HÖRÐUR ARNARSSON

**Hörður hefur lengi búið í Los Angeles og starfar sem kvikmyndaleikstjóri og klippari. Hefur hann þrisvar verið tilnefndur til Emmy-verðlauna. Hörður hefur meðal annars unnið að gerð sjónvarpsþáttanna Survivor.**

-jbg/sjá síðu 46










**SPURNING DAGSINS**



*Arnþór, er embættiskerfið blint á kosti þína?*

„Já, næstum því alblint."

Hinn blindi Arnþór Helgason sótti um stöðu mannréttindastjóra Reykjavíkur, en var ekki boðaður í viðtal vegna starfsins. Hann segir vinnubrögð embættiskerfis Reykjavíkurborgar forkastanleg og ófagleg.

Öðrum iPod-spilara ársins var stolið af Ásdísi Jennu sem er mikið fötluð:

# Fjölfötluð stúlka ítrekað rænd

**FÓLK** Óprúttnir aðilar stálu í gær iPod-tónlistarspilara af Ásdísi Jennu Ástráðsdóttur sem er fjölfötluð og bundin við hjólastól sem hún þarf að keyra með hökunni. Þetta er annar iPodinn sem stolið er af henni á árinu auk þess sem stolið var af henni síma fyrir nokkrum árum.

„Það er ekki hægt að leggjast lægra en að stela af manneskju sem getur enga björg sér veitt," segir Ástráður B. Hreiðarsson, faðir Ásdísar. „Það er ömurlegt að vita að til sé fólk sem er svo samviskulaust að það geti gert svona."

„Mér þótti vænt um þennan iPod bæði af því að hann var gjöf frá bróður mínum en aðallega af því ég var byrjuð að heyra aftur," segir Jenna sem er mjög heyrnarskert en eignaðist í janúar sérstakt heyrnartæki sem hægt er að tengja við svona spilara. Það var mikið áfall þegar fyrri spilaranum var stolið í febrúar en þjófnaðurinn í gær var þó sárastur.

„Ég skil ekki að báðum iPodunum mínum hafi verið stolið strax og ég fékk þá. Ég er svo fötluð að ég get ekkert gert til að verja mig. Afhverju er ekki hægt að láta mig í friði?"

Ástráður hvetur hinn seka til að sína iðrun og skila spilaranum, en nafn Ásdísar og símanúmer er grafið aftan á hann. „Annars er verðið ekkert stórmál. Aðalatriðið er að einhver fái sig til að gera svona lagað." - ges



**ÁSDÍS JENNA ÁSTRÁÐSDÓTTIR** Tveim iPod-spilurum hefur verið stolið frá henni. Þann síðari fékk hún að gjöf frá bróður sínum.

Lítið fiskað á úthafskarfa:

# Versta vertíðin hjá HB Granda

**FISKVEIÐAR** Verstu úthafskarfavertíð skipa HB Granda frá upphafi er nýlokið. Skipin veiddu um 3.200 tonn en á vertíðinni í fyrra veiddust 5.770 tonn.

Birkir Hrannar Birkisson, rekstrarstjóri togarafélagsins, segir að erfitt hafi verið að komast að torfunni. „Það varð aldrei nein veiði, torfan gekk ekki inn eins og í fyrra nema að litlu leyti."

Sökum hækkunar á olíuverði var ekki hægt að leita eins mikið að fiski og áður. „Þetta þýðir að sjálfsögðu eitthvert fjárhagstjón en sem betur fer erum við það kvótasterkir að við höfum getað sett skipin í önnur verkefni." - hþj

Lokun á Suðurnesjum:

# Sjúkum vísað til Reykjavíkur

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknavaktin á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja verður að loka vegna fjárskorts. Sigríður Snæbjörnsdóttir, forstöðumaður stofnunarinnar, segir fjárveitingar mjög lágar í samanburði við aðrar stofnanir, Heilbrigðisstofnunin fái um 50 til 75 prósent af því sem aðrar stofnanir fái. „Við berum okkur saman við heilbrigðisstofnanir um allt land. Til dæmis á Ísafirði, Selfossi og Akranesi."



**SIGRÍÐUR SNÆBJÖRNSDÓTTIR**

Frá og með 10. júní var hraðmóttöku heilsugæslunnar lokað og stefnt er á að loka læknavaktinni þann 16. júlí. „Vegna þess hve illa sett heilsugæslan er verður því þurfa á hefðbundinni þjónustu læknavaktar að halda vísað til Reykjavíkur," segir Sigríður. - hþj

Farið fram á gæsluvarðhald:

# Mikið þýfi hjá felguþjófnum

**LÖGREGLUMÁL Maður sem handtekinn var í fyrradag grunaður um að hafa stolið felgum undan bíl Páls Stefánssonar ljósmyndara reyndist hafa fengið felgurnar hjá öðrum manni, sem nú er grunaður um þjófnaðinn.**

**Á heimili þess manns fannst umtalsvert magn af öðru þýfi, meðal annars tölvum og myndavélum. Farið hefur verið fram á gæsluvarðhald yfir meintum þjófi.**

**Nokkuð hefur verið um þjófnaði á felgum og hjólbörðum undan bílum upp á síðkastið og rannsakar lögregla hvort málin tengist.** - sh

# Jón ákærður fyrir stórfelld skattsvik

**Saksóknari efnahagsbrota hefur gefið út ákæru á hendur Jóni Ólafssyni fyrir að svíkja rúmar 360 milljónir króna undan skatti. Þrír aðrir fyrrverandi starfsmenn Norðurljósa og undirfyrirtækja eru ákærðir. Rannsókn málsins hefur tekið sex ár.**

**DÓMSMÁL** Ákæra fyrir stórfelld skattsvik og bókhaldsbrot hefur verið gefin út á hendur Jóni Ólafssyni, fyrrverandi eiganda Norðurljósa, þar á meðal Stöðvar 2, Skífunnar og fleiri fyrirtækja. Þrír aðrir fyrrum starfsmenn Norðurljósa og undirfyrirtækja þeirra eru ákærðir með Jóni fyrir eigin skattsvik og brot framin í rekstri fyrirtækjanna.

Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hefur rannsakað málið í sex ár. Ákæran verður þingfest 16. júlí.

Jóni er gefið að sök að hafa á tímabilinu 1999 til 2002 vanrækt að telja upp til skatts um 350 milljónir af eigin launatekjum, fjármagnstekjur upp á um tvo milljarða og eignir upp á tæpar þrjú hundruð milljónir. Þannig hafi hann komist hjá því að greiða rúma 361 milljón króna í skatt.

Jón er jafnframt ákærður, ásamt öðrum, fyrir brot í rekstri þriggja fyrirtækja sem hann stýrði sem stjórnarformaður, Norðurljósa, Skífunnar og Íslenska útvarpsfélagsins.

Hreggviður Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Norðurljósa, er ákærður fyrir að svíkja rúmar 24 milljónir undan skatti af eigin launum. Honum er meðal annars gefið að sök að hafa kallað tekjur endurmenntunargjöld sem í raun voru persónuleg útgjöld. Hann er jafnframt ákærður ásamt Jóni fyrir meiriháttar skattalagabrot í störfum sínum fyrir Norðurljós.



**JÓN ÓLAFSSON** Jón segir það mannréttindabrot að þurfa að sæta rannsókn svo árum skipti. Hann tjáir sig ekki um efnisatriði ákærunnar að svo stöddu.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Ragnar Birgisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Skífunnar, er ákærður fyrir að hafa svikið tæpar fimm milljónir undan skatti af eigin launum og auk þess fyrir skattalagabrot í rekstri Skífunnar í félagi við Jón.

Þá er Símon Ásgeir Gunnarsson, fyrrverandi endurskoðandi Íslenska útvarpsfélagsins, ákærður, líkt og Hreggviður og Jón, fyrir brot gegn skattalögum í rekstri þess fyrirtækis. stigur@frettabladid.is

## ÁGREININGUR UM SKATTALÖG

Sigurður G. Guðjónsson, annar lögmanna Jóns, segir málið snúast um ágreining um skattalög. „Stærstu tölurnar í þessu snúast um ágreining um það hvort þetta eru persónulegar tekjur Jóns eða hvort hann hefur rétt til að taka þær inn í gegnum fyrirtæki," segir Sigurður.

Hann segir að eftir eigi að fara yfir það hvort Jón muni hafna öllum ákæruatriðunum. „Það er búið að takast á við skattayfirvöld um fjölmörg þessara atriða og greiða þá skatta sem á hafa verið lagðir með álögum. Hins vegar er ekki þar með sagt að Jón hafi sætt sig við þær niðurstöður."

Hann segir að refsimálið snúist nær eingöngu um atriði sem skráð eru í bókhaldi. Allt sé það uppi á yfirborðinu.

## „NÚ FER ÞESSU LOKS AÐ LJÚKA"

Jón Ólafsson er staddur erlendis og hafði ekki séð ákæruna þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Hann vill ekki tjá sig um efnisatriði ákærunnar að svo stöddu en fagnar því að biðin eftir henni sé loks á enda.

„Nú fer þessu loksins að ljúka. Núna fæ ég tækifæri til þess að hreinsa mannorð mitt," segir hann.

Jón gagnrýnir hversu langan tíma rannsóknin hefur tekið. „Það er skýrt mannréttindabrot að ég fjölskylda mín skulum hafa þurft að sitja undir þessu í allan þennan tíma."

Hann segir málið hafa rýrnað mjög frá því sem lagt var upp með í upphafi rannsóknar.

80 prósenta samdráttur:

# Kaupsamningum fækkar enn

**VIÐSKIPTI Þinglýstum kaupsamningum um fasteignir hefur fækkað um 80 prósent frá því í fyrra. Þetta kemur fram á vef Fasteignamats ríkisins.**

**Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu í júní var 208 og nam heildarvelta 7,4 milljörðum króna. Í júní á síðasta ári voru kaupsamningar 1.037 og var heildarveltan 28,8 milljarðar.**

**Kaupsamningum fækkaði um tæp átján prósent frá því í maí og fram í júní en heildarveltan var sú sama í báðum mánuðum.**

**Meðalupphæð kaupsamninga í júní í fyrra var 27,8 milljónir en í júní í ár er hún 35,5 milljónir króna.** - hþj

Umferðarslys í Grafarvogi:

# Ekið á átta ára dreng á hjóli

**SLYS** Ekið var á átta ára dreng við gangbraut á Fjallkonuvegi í Grafarvogi laust eftir hádegi í gær.

Drengurinn var fluttur á slysadeild með hraði en meiðsl hans voru ekki talin alvarleg að sögn lögreglu. Þó var grunur um að hann hefði hlotið heilahristing og lítilsháttar blæðing var úr eyra.

Ökumaðurinn hafði stöðvað bifreið sína við gangbraut en varð ekki drengsins var þegar hann ók af stað að nýju. Drengurinn varð því fyrir bílnum sem ekið var á litlum hraða þegar slysið varð. - ht

**RÚSSLAND**

**Abramovitsj hættur**

Dmítrí Medvedev, forseti Rússlands, hefur leyst auðjöfurinn Roman Abramovitsj, eiganda Chelsea-knattspyrnufélagsins, frá embætti héraðsstjóra í Tsjúkotka, austlægasta og einu minnst þróaða héraði Rússlands. Kvað Abramovitsj sjálfur hafa óskað eftir að hætta. Hann hefur fest mikið fé úr eigin sjóðum í innviðum Tsjúkotka.






Dómur féll í prófmáli Öryrkjabandalagsins gegn lífeyrissjóðnum Gildi í gær:

# Öryrkjar sigra lífeyrissjóðina

**DÓMSMÁL** Lífeyrissjóðnum Gildi var óheimilt að draga frá örorkulífeyri Margrétar Ingibjargar Marelsdóttur þann örorkulífeyri og tekjutryggingu er hún fær frá Tryggingastofnun ríkisins.

Þetta kom fram í dómi sem kveðinn var upp í gær í prófmáli Öryrkjabandalags Íslands fyrir hönd Margrétar gegn sjóðnum.

Verði dómnum ekki áfrýjað ber sjóðnum, og sömuleiðis öðrum lífeyrissjóðum sem drógu sambærilegar upphæðir frá örorkulífeyrisþegum, að leiðrétta þær greiðslur. Alls voru sextán þúsund einstaklingar sem fengu skerðingu eða niðurfellingu á rétti sínum.

Þetta felur þó ekki í sér að bannað sé að breyta samþykktum lífeyrisþega héðan í frá þar sem dómurinn miðast við atburði sem gerst hafa en ekki það sem síðar kann að gerast.

Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri og undirmenn hans voru samkvæmt dómnum vanhæfir til þess að staðfesta breytingar á samþykktum lífeyrissjóðanna vegna setu í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda að mati dómsins.

Lífeyrissjóðnum Gildi ber að greiða Margréti sjö hundruð þúsund krónur í málskostnað. - ges



**BALDUR GUÐLAUGSSON** Ráðuneytisstjórinn og undirmenn hans voru vanhæfir að mati dómsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Garðplöntuútsala í Blómavali

**ÖLL SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR 20-50% afsláttur**

# ÚT Í GÓÐA VEÐRIÐ

## MEÐ HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

## Útimálning

**Ný endurbætt utanhúss-málning frá Húsasmiðjunni á steinsteypta fleti, sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður með gott veðrunarþol.**

**30% AFSLÁTTUR** AF HÚSASMIÐJU ÚTIMÁLNINGU Í ALLT SUMAR

**NÝ MÁLNING BETRA VERÐ**

10 ltr
7207040-6
**4.990** ~~8.995~~




**Svefnpoki**
Oulu, 1,4 kg, -8°C
3000045
**2.990** ~~3.679~~



**Svefnpoki**
Quebec, 1,3 kg, -4°C
3000048
**2.690** ~~3.599~~

## Vindsængur
í miklu úrvali



**VERÐ FRÁ 1.490**

## Sumar dúndur



**VERÐ FRÁ 79**

**Plastdiskar -glös og-skálar**
4 litir
2202300-45

**Útilegusett**
2 bekkir og borð
3899360
**8.990** ~~10.590~~





**14.590** ~~17.690~~

**11.990** ~~15.490~~

**Kælibox,**
Mobicool,
W48, AC/DC,
12/230V, 48 ltr
3899294

**Kælibox,**
Mobicool,
W35, AC/DC,
12/230V, 35 ltr
3899293

**Á hjólum, tekur 2 ltr. flöskur.**

## Sylt
fjölskyldutjald



**4 manna**
2 svefnherbergi
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 185T polyester, Pu húðað
9,5/8,5 mm stangir
Stærð með fortjaldi:
460 x 210 x 190 sm
5869206
**8.590**

**6 manna**
2 svefnherbergi
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 185T polyester, Pu húðað
8,5 mm stangir
Stærð með fortjaldi:
450 x 210 x 185 sm
5869206
**12.590**

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

## GENGIÐ 05.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 77,1 | 77,46 |
| Sterlingspund | 152,87 | 153,61 |
| Evra | 120,89 | 121,57 |
| Dönsk króna | 16,21 | 16,304 |
| Norsk króna | 15,151 | 15,241 |
| Sænsk króna | 12,871 | 12,947 |
| Japanskt jen | 0,7219 | 0,7261 |
| SDR | 125,33 | 126,07 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

155,545

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi háskólakennari sem grunaður er um gróf kynferðisbrot:

# Sleppur kannski út á mánudag

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur ákveður eftir helgi hvort fyrrverandi háskólakennara sem sætir ákæru um gróf og langvarandi kynferðisbrot gegn nokkrum stúlkum og einum dreng verði sleppt lausum. Héraðsdómur hafnaði á fimmtudag kröfu Ríkissaksóknara um framlengingu gæsluvarðhalds yfir manninum, en það rennur út á mánudag. Úrskurðurinn var umsvifalaust kærður til Hæstaréttar.

Níu kærðu manninn, sem er rúmlega fimmtugur, fyrir kynferðisbrot. Ákæra á hendur honum var þingfest 30. júní. Hann hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því í byrjun apríl.



**HÆSTIRÉTTUR** Það stendur upp á Hæstaréttardómara að ákveða hvort maðurinn losnar úr haldi. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Ragnheiður Harðardóttir aðstoðarríkissaksóknari segir að héraðsdómur hafi fallist á þau rök ákæruvaldsins að það varðaði almannahagsmuni að halda manninum lengur í varðhaldi. Hún segist vonast til þess að Hæstiréttur kveði upp úrskurð á mánudag, áður en maðurinn losnar út.

Steinunn Guðbjartsdóttir, réttargæslumaður allra kærenda utan eins, segist vona að Hæstiréttur snúi úrskurðinum. „Ég held að það sé mjög mikilvægt málsins vegna og ekki síður stúlknanna.“ Spurð hvort hún telji stúlkunum stafa hætta af manninum segir Steinunn: „Það eina sem ég get sagt er að maðurinn hefur sætt gæsluvarðhaldi og það er ekki að ástæðulausu.“ - sh

Tveir pólitískir flóttamenn:

# Flúðu lífshættu á Srí Lanka

**SAMFÉLAGSMÁL Borgarráð samþykkti einróma tillögu um að taka á móti tveimur pólitískum flóttamönnum frá Srí Lanka á fundi sínum í gær. Um er að ræða mann, sem starfaði áður við vopnahléseftirlit á Srí Lanka og sem túlkur fyrir íslensku friðargæsluna, og konu hans.**

**Maðurinn var talinn vera í lífshættu eftir að vopnahlé Tamíltígranna og stjórnvalda á Srí Lanka rann út fyrr á árinu.**

**Dagur B. Eggertsson sagði „sjálfsagt mál“ að taka á móti fólkinu og Júlíus Vífill Ingvarsson, félagi hans í borgarráði, tók í sama streng.** - ges



**NEYÐARÁSTAND** Ummerki óeirðanna á höfuðstöðvum stjórnarflokks Mongólíu í höfuðborginni Úlan Bator. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ásakanir um kosningasvindl:

# Mannskæð átök í Mongólíu

**MONGÓLÍA, AP** Fimm manns hafa látið lífið og um þrjú hundruð særst í átökum sem brutust út eftir þingkosningar í Mongólíu um síðustu helgi. Forsetinn Nambaryn Enkhbayar lýsti á föstudag yfir neyðarástandi í landinu í fyrsta skipti, vegna ofbeldisins.

Stjórnarandstöðuleiðtogar hafa sakað stjórnarflokkinn MPRP, sem hlaut hreinan meirihluta í kosningunum, um svik. Kannanir höfðu þó bent til þess að MPRP myndi sigra, og kosningaeftirlitsmenn sáu engin merki um svindl. Kommúnismi lagðist af í Mongólíu árið 1990 og síðan þá hafa kosningar yfirleitt farið friðsamlega fram. Ástandið nú kemur því Mongólum í opna skjöldu. - þeb

## KJARAMÁL

### Árangurslaus fundur

Tveggja tíma samningafundur Ljósmæðrafélags Íslands og samninganefndar ríkisins í gærmorgun reyndist árangurslaus. Næsti fundur hefur verið boðaður á miðvikudag.

## LEIÐRÉTTING

Í gær birtist grein þar sem sagt var að stofnuð hefði verið nefnd til að gera úttekt á starfsháttum Alþingis. Nefndin á hins vegar að gera úttekt á eftirlitshlutverki Alþingis.

# Farið með Paul sem glæpamann á Ítalíu

**Flóttamaðurinn Paul Ramses svaf í herbergi með öðrum flóttamönnum í nótt. Komið var fram við hann eins og glæpamann á flugvellinum. Frænka Pauls hefur búið hér í 14 ár og þau hjónin eiga marga vini hér, en í Svíþjóð engan.**

**FLÓTTAMENN** „Hann fékk að hringja í morgun úr gæslunni og sagði að lögreglumenn með byssur kæmu fram við hann eins og glæpamann. Hann vissi ekkert hvað myndi um hann verða,“ segir Rosemary Atieno, eiginkona Pauls Ramses, sem var vísað úr landi á föstudaginn.

Að þessu loknu var innistæða Pauls á íslenska frelsis-símanúmerinu uppurin.

En Rosemary heyrði aftur í manni sínum um kvöldið. Þá var hann „kominn í gistihús og í herbergi með öðrum flóttamönnum“, segir hún.

Mikið álag er á Rosemary þessa dagana, en „fimm vikur og fjórir dagar“ eru síðan hún eignaðist soninn Fídel. Hún segist enn vera að jafna sig eftir erfiða fæðingu.



ROSEMARY ATIENO ATHIEMBO

„Ég bið stjórnvöld um að sýna miskunn. Þótt ég megi vera í Svíþjóð, þá má ég ekki vinna þar. Hér á Íslandi er móðursystir Pauls og við eigum fullt af vinum sem geta hjálpað okkur, en við þekkjum engan í Svíþjóð,“ segir Rosemary.

Lydia Henrysdóttir og Paul Ramses eru systkinabörn. Mæður þeirra eru systur. Lydia hefur búið hér í 14 ár. Hún hafði ekki heyrt í frænda sínum í gær, en var í sambandi við Rosemary.

Helga G. Halldórsdóttir hjá Rauða krossinum segir að stutt verði við Rosemary næstu dagana. Enginn viti hvenær henni verði vísað úr landi. „Það stóð til að hún færi fyrir nokkru síðan. Þetta er mjög erfið aðstaða fyrir hana. En við tökum upp þráðinn eftir helgi og skoðum hvaða möguleikar eru í stöðunni,“ segir hún.

Mál Pauls hafi verið óvenju illa úr garði gert af hendi yfirvalda: „Við vissum ekki að hann ætti að fara úr landi þennan dag fyrr en nokkrum mínútum áður en þessi staða kom upp á lögreglustöðinni. Þá hringdi lögreglan í vaktsíma Rauða krossins og okkur sagt að koma eins og skot. Það hefði verið eðlilegt að gefa þeim tíma til að gera ráðstafanir.“

klemens@frettabladid.is



**PAUL RAMSES OG FÍDEL SONUR HANS** Ramses gistir nú á gistihúsi með öðrum flóttamönnum á Ítalíu.

## BJÖRN, EN EKKI INGIBJÖRG

Í gær gekk sú saga um netheima að Paul Ramses hefði beðið um viðtal í tvígang fyrir allnokkru síðan, hjá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra. Og ekki fengið.

Ráðherra hefði því sagt ósatt í fyrradag, þegar hún kom af fjöllum um málið.

Þau Rosemary og Kjartan Due Nielsen hjá AUS, ungmennaskiptum, staðfesta að leitað hafi verið til utanríkisráðuneytisins eftir ráðgjöf, en embættismenn hafi útskýrt að málið væri á hendi Útlendingastofnunar. Utanríkisráðuneytið hefði ekki lögsögu í þessum málum, heldur dómsmálaráðuneytið.

„Þau báðu ekki um viðtal við utanríkisráðherra,“ segir Kjartan. Hins vegar bað hann um viðtal við dómsmálaráðherra vegna málsins á fimmtudag.

Kjartan hafði ekki fengið svar við beiðninni þegar Fréttablaðið ræddi við hann um kaffileytið í gær.

Viðræður um eldflaugavarnir:

# Tusk segir sátt ekki vera náð



DONALD TUSK

**PÓLLAND, AP** Pólski forsætisráðherrann Donald Tusk sagði í gær að nýjasta útspil Bandaríkjastjórnar í viðræðum um að koma upp í Póllandi gagneldflaugaskotstöð fyrir eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna væri ófullnægjandi. Hann lagði þó áherslu á að viðræður héldu áfram.

Tusk segir að samkomulag verði að fela í sér bætt öryggi fyrir Pólland. Nýjasta tilboð Bandaríkjamanna uppfylli ekki það skilyrði. Þar með væri þó ekki sagt að viðræðurnar væru strand. „Þær halda að mínu viti áfram.“

Pólverjar kváðu vilja að Patriot-flaugar, sem eru til að skjóta niður skammdrægar árásarflaugar, yrðu til frambúðar í Póllandi. - aa

Íslenskur nýgræðingur tekinn:

# Annar í haldi vegna hassmáls

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók á miðvikudag karlmann á fimmtugsaldri sem grunaður er um aðild að smygli á tæpum 200 kílóum af fíkniefnum til landsins um miðjan júní. Efnin, mestmegnis hass, en einnig kókaín og amfetamín, fundust í húsbíl um borð í Norrænu og hefur Hollendingur um sjötugt setið í varðhaldi vegna málsins síðan.**

**Hinn maðurinn er íslenskur og hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ekki komið við sögu í umfangsmiklum sakamálum áður. Hann var úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald á miðvikudag.** - sh




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**EINMUNA VEÐURBLÍÐA**
Það verður ekki annað sagt en að í dag og næstu daga verði einmuna veðurblíða á öllu landinu. Má búast við hægviðri og hita á bilinu 15-22 stig, hlýjast til landsins. Auk þessa verður bjart með köflum víða um land. Ekki sér fyrir endann á góðviðrinu í lengstu spám.







Á MORGUN
Hægviðri eða hafgola




MÁNUDAGUR
Hægviðri eða hafgola.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Billund | 25° |
| Ósló | 24° |
| Stokkhólmur | 19° |
| Gautaborg | 22° |
| Helsinki | 17° |
| Eindhofen | 24° |
| Amsterdam | 21° |
| London | 20° |
| Berlín | 23° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 26° |
| París | 23° |
| Basel | 24° |
| Barcelona | 29° |
| Alicante | 31° |
| Algarve | 27° |
| Tenerife | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# EIGNARHALDSFÉLAGIÐ STOÐIR

Eignarhaldsfélagið Stoðir er öflugur kjölfestufjárfestir með skýra fjárfestingarstefnu sem styður og eflir kjarnafjárfestingar sínar í Glitni, Baugi Group, Landic Property og TM.

**BAUGUR GROUP**
Baugur á eignarhluti í fjölmörgum fyrirtækjum í smásöluverslun í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Meðal helstu fjárfestinga Baugs eru Iceland, House of Fraser, Mosaic Fashions, Hamley´s, Magasin du Nord, Illum og Saks.




**GLITNIR**
Glitnir er norrænn banki með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í 10 löndum. Glitnir veitir víðtæka fjármálaþjónustu á borð við fyrirtækjalánastarfsemi og ráðgjöf, markaðsviðskipti, eignastýringu og viðskipta-bankaþjónustu á helstu mörkuðum sínum.






**TM**
TM er eitt stærsta tryggingafélag á Íslandi og býður alhliða vátryggingaþjónustu og víðtæka fjármögnunarþjónustu. Dótturfélag TM í Noregi er Nemi Forsikring.




**LANDIC PROPERTY**
Landic Property er eitt stærsta fasteignafélag Norðurlanda. Félagið á um 500 fasteignir í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og á Íslandi og leigir út um 2,6 milljónir fermetra til yfir 3.400 leigutaka.

**www.stodir.is**

STOÐIR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-1318

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú að íslensk lögregla fái heimild til forvirkra rannsóknaraðgerða?*

| | |
|---|---|
| Já | 55,4% |
| Nei | 44,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að rétt hafi verið að vísa flóttamanninum Paul Ramses úr landi?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Fákeppni á símamarkaði hugsanleg ástæða óhagstæðrar verðþróunar:

# Verðhækkanir í símaþjónustu

**NEYTENDUR** Verðþróun í símaþjónustu á Íslandi hefur verið óhagstæð á síðustu árum miðað við samanburðarlönd. Þetta kemur fram í ársskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar sem kom út í vikunni.

„Áður var verðlagið á þessari þjónustu hér með því lægsta sem fannst innan OECD en við föllum sífellt niður listann. Fyrir fimm árum var fyrirframgreidd GSM-símaþjónusta næstódýrust hér á landi en er nú komin niður í tíunda sæti,“ segir Óskar Þórðarson, forstöðumaður greiningardeildar stofnunarinnar. „Svipaða þróun má sjá á öðrum sviðum, ef undan er skilin þjónusta við heimasíma sem er ódýr hér. Líkleg skýring á þessari þróun er fákeppni á markaði,“ segir Óskar. „Þó er erfitt að slá því föstu þar sem margir þættir spila inn í svona samanburð, eins og til dæmis gengisþróun.“



**GAMLIR OG GÓÐIR SÍMAR** Þjónusta við farsímanotendur verður sífellt dýrari miðað við samanburðarlöndin.

Fyrirtækjum í farsímaþjónustu við almenning hefur fækkað undanfarin ár, oft með sameiningum eða kaupum eins og til dæmis á Íslandssíma og Tali á sínum tíma.

„Þegar markaðurinn er svona lítill getur hver aðili skipt sköpum. Við vonumst til þess að innkoma NOVA á markaðinn hafi jákvæð áhrif en þeir voru ekki komnir almennilega í gang þegar skýrslan var gerð,“ segir Óskar. -ges

Deiliskipulag tefur samninga

# Hundruð milljóna í hættu

**BOLUNGARVÍK Fjögur hundruð milljóna króna samningur um stangveiði gæti verið í uppnámi vegna deiliskipulags í Bolungarvík. Þetta kemur fram á fréttavef bb.is. Deiliskipulagið er háð breytingum á aðalskipulagi bæjarins.**

**Samningurinn er á milli Kjarnabúðar og þýsku ferðaskrifstofunnar Kingfischer Reisen sem er ein af stærstu ferðaskrifstofum Evrópu. Samningurinn var gerður til fimm ára og fól í sér framkvæmdir og uppbyggingu fyrir tuttugu hús og báta í Bolungarvík. Hluti þeirra á að vera tilbúinn næsta vor.** - hþj

Fjögur ungmenni handtekin:

# Máluðu á bifreiðar um nótt

**LÖGREGLUMÁL** Fjögur ungmenni voru handtekin eftir að þau unnu skemmdarverk á bifreiðum við Hólabraut í Hafnarfirði seint í fyrrinótt.

Höfðu ungmennin, þrír piltar og ein stúlka um átján ára aldur, málningu meðferðis sem þau máluðu bifreiðarnar með.

Ungmennin voru handtekin á staðnum, færð í fangageymslur og biðu skýrslutöku í morgunsárið. Þau voru öll talin undir áhrifum áfengis að sögn lögreglu. - ht



**SLÖKKVILIÐ Á VETTVANGI** Miklar eld- og reykskemmdir urðu á íbúðinni og stigagangi fjölbýlishússins við Vesturgötu.

Eldur kviknaði í uppþvottavél:

# Fjölskylda slapp út úr íbúðinni

**BRUNI Eldur kom upp í uppþvottavél í eldhúsi íbúðar í fjölbýlishúsi við Vesturgötu um klukkan ellefu í gærmorgun.**

**Fjölskylda var inni í íbúðinni þegar eldurinn kom upp en allir komust út heilir á húfi. Fólkið var ekki í hættu samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.**

**Eldurinn teygði sig í eldhúsinnréttingu og urðu miklar eld- og reykskemmdir í íbúðinni og stigagangi hússins. Greiðlega gekk að slökkva eldinn.** - ht

# FL Group verður Stoðir þegar Baugur fer úr landi

**Baugur er á leið úr landi. Eignarhlutur Baugs færður undir Stoðir, áður FL Group, sem eignast 39 prósenta hlut í Baugi. Stoðir greiða fyrir hlutinn með útgáfu nýs hlutafjár. Jón Ásgeir og fjölskylda ráða enn yfir eignum Baugs þrátt fyrir eignatilfærslu. FL Group verður Stoðir**

**VIÐSKIPTI** „Þetta skref að kaupa Baug sem kjölfestufjárfestingu er fjórða stoðin undir þessa langtíma hugsun hjá okkur að vera með ráðandi hluti í færri og stærri félögum,“ segir Júlíus Þorfinnsson upplýsingafulltrúi Stoða, áður FL Group.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að Baugur Group hefði lokið við sölu á öllum eignum félagsins á Íslandi og muni eftirleiðis leggja áherslu á fjárfestingar og smásöluverslun í Bretlandi, Norðurlöndum og Bandaríkjunum.

Eftir breytinguna færist Baugur undir Stoðir, áður FL Group. Stoðir eignast 39 prósenta hlut Styrks Invest í Baugi Group fyrir 25 milljarða króna sem greitt verður með útgáfu nýs hlutafjár í Stoðum. Gefinn var út B-flokkur hlutabréfa við eignatilfærsluna til að greiða fyrir hluta kaupanna. B-flokki hlutabréfa fylgir ekki atkvæðisréttur. Óljóst er á þessum tíma hvernig nákvæmt eignarhald á félaginu lítur út.

FL Group, nú Stoðir, var afskráð í síðasta mánuði og því ber félaginu ekki skylda til að gefa upp stærstu hluthafa.

„Í raun er einungis um eignatilfærslu innan Baugsfjölskyldunnar að ræða,“ segir heimildarmaður Markaðarins og bætir við að raunverulegt eignarhald eða stjórnun á fyrirtækjum í eigu fjölskyldunnar breytist ekki.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einnig verið að vinna að sölu á hlut Stoða í Northern Travel Holding til Fons. Félagið er í eigu Pálma Haraldssonar.

bjornthor@markadurinn.is

**BAUGUR ÚR LANDI**





**Gaumur**

Baugsfjölskyldan: Félagið er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu

**Styrkur**

Gaumur og félög tengd Jóni Ásgeiri eiga meirihluta í félaginu
**Kaldbakur:** Þorsteinn Már Baldvinsson á um þriðjung í Styrk

**Stoðir (áður FL Group)**

**Styrkur** á 39%, eigin hlutur 15%, **Baugur** 15%, **Oddaflug:** Hannes Smárason 7,5-8,5%, **Fons:** Pálmi Haraldsson 8-9%, **Materia:** Þorsteinn M. Jónsson 4-5%, Aðrir hluthafar 5%.

**Baugur**

Stoðir á 39% hlut

Aðrir stórir hluthafar: Kevin Stanford, Don McCarthy og starfsmenn Baugs.

**Meðal eigna Baugs eru:** Tískuverslanir: Mosaic Fashions, Karen Millen, Coast og Oasis. Stórverslanir: House of Fraser í Bretlandi og Magasin du Nord. Skráð félög: Saks, breska stórverslanakeðjan Debenhams, breska karlmannsvörumerkið Moss Bros, Verslunarkeðjan ICELAND. Talið er að virði eigna Baugs sé um 200 milljarðar króna.

**GLITNIR** – Stoðir á 32% hlut.

**TM** – Stoðir á 99% hlut.

**Landic Property** – Stoðir á 39,8% hlut.

**Önnur félög**

**Royal Unibrew** – Næststærsta bruggverksmiðja á Norðurlöndum.

**Bayrock Group** – Fasteignafélag í eigu Stoða. Meðal annarra eigenda er Donald Trump.

**Refresco** – Stór evrópskur drykkjavöruframleiðandi.






REIÐSKÓLINN FAXABÓL

**Reiðskólinn Faxaból býður uppá skemmtileg reiðnámskeið fyrir börn og unglinga.**

Eigum nokkur laus pláss á reiðnámskeiðin

**7.júlí - 18.júlí, 21.júlí - 1.ágúst og 5.ágúst - 15.ágúst.**

**Sjá nánar á www.faxabol.is**

Faxaból 11. Víðidal
Sími: 822-2225


Könnun um viðmælendur í ljósvakamiðlum:

# Karlar meirihluti viðmælenda

**FJÖLMIÐLAR** Konur eru viðmælendur ljósvakamiðla í aðeins 21 prósenti tilvika. Þetta kemur fram í nýlegri könnun Creditinfo Ísland.

Skoðaðar voru fréttir í útvarpi og sjónvarpi á þriggja mánaða tímabili; janúar, mars og júní á þessu ári. Viðmælendur komu fram í 24,5 prósentum af 7.908 fréttum.

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo, segir að forsvarsmenn fyrirtækja séu áberandi í fjölmiðlum. „Eitt af því sem skýrir þetta er kynjaskipting í stjórnunarstöðum.“ Samkvæmt tölum Rakelar eru konur aðeins 21 prósent stjórnenda í fyrirtækjum.



**ARNA SCHRAM**

Hlutfall kvenna á þingi og í ríkisstjórn er þó mun hærra, en konur eru í báðum tilvikum 33 prósent.

Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, segir þetta geta endurspeglað valdahlutföllin í þjóðfélaginu, „en líka gefið sjónarmið fjölmiðla til kynna“. Hún bætir því við að auðveldara sé að fá konur til að tala en áður. „Konur hika ekki lengur en það er full ástæða til að hvetja þær áfram.“

Arna segir engu einu um að kenna, heldur endurspegli þetta samfélagsgerðina sem við búum við. - hþj



# TAKK
## FYRIR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
# 30.000
## VIÐSKIPTAVINIR

OG VIÐ **LÆKKUM VERÐIÐ** ENN MEIRA

# 0 KR.
## TAL Í TAL

GSM viðskiptavinir Tals geta nú hringt og sent SMS sín á milli **án endurgjalds.**

www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvaða stjórnmálamaður var nýlega frelsaður frá kólumbísku uppreisnarhreyfingunni FARC?*

2 *Hver leikur ofurhetjuna Hancock í samnefndri kvikmynd?*

3 *Hvaða stjórnmálamaður vakti nýverið athygli fyrir að skrifa grein um mögulega úrsögn Íslands úr EES?*

SJÁ SÍÐU 46

Norska hergagnasmiðjan Kongsberg gerir íhlutasamning við Lockheed Martin:

# Keppnin harðnar um þotukaup

**NOREGUR, AP** Talsmenn norsku hergagnasmiðjunnar Kongsberg Gruppen ASA upplýstu í gær að fyrirtækið hefði landað samningi við Lockheed Martin í Bandaríkjunum um að smíða íhluti í orrustuþotuna F-35 Joint Strike Fighter. Umfang samningsins nemur um einum milljarði norskra króna, andvirði rúmlega 15 milljarða íslenskra króna.

Framleiðendur F-35-þotunnar og hinnar sænsku JAS Gripen keppast nú um að fá samning við norska ríkið um endurnýjun orrustuþotuflota norska flughersins sem svarar um 1.000 milljörðum íslenskra króna. Þriðji keppinauturinn, framleiðendur hinnar evrópsku Eurofighter Typhoon, hættu við þátttöku í útboðinu í vor, að sögn vegna þess að hann taldi útboðsferlið allt miða að því að hin bandaríska F-35 yrði keypt.



**F-35** Samið um norska íhlutasmíði. NORDICPHOTOS/AFP

Norsk stjórnvöld hafa sagt að það muni hafa mikið að segja um það hvaða valkostur verður ofan á hve mikil verkefni norsk fyrirtæki fá í tengslum við orrustuþotukaupin. Talsmenn Kongsberg segja að verði F-35-þotan keypt geti hinn nýgerði samningur vaxið í allt að sex milljarða norskra króna, 93 milljarða íslenskra. Samningurinn væri þó óháður því hvort F-35 verði valin eða ekki.

Ákvörðun um þotukaupin verður jafnvel tekin fyrir lok þessa árs, annars á því næsta. - aa

Mjólkursamsalan:

# Nýtt skyr með minni sykri

**NEYTENDUR Mjólkursamsalan hefur sett á markað ávaxtaríkt, sykurskert skyr sem er kallað Krakkaskyr. Í Krakkaskyrinu er þriðjungi minna af viðbættum hvítum sykri og ávaxtasykri en í sambærilegum vörum, að því er segir í tilkynningu frá Mjólkursamsölunni. Krakkaskyrið inniheldur engin sætuefni.**

**Hægt er að fá Krakkaskyr í fjórum bragðtegundum. Í bragðbættu tegundunum er þrisvar sinnum meira af ávöxtum en í sambærilegum vörum og eru ávextirnir maukaðir. Sykurinnihald Krakkaskyrsins er misjafnt eftir bragðtegundum.** - ghs

Setja lög og bæta skattamál:

# Ný samtök um almannaheill

**SAMFÉLAGSMÁL** Samtökin Almannaheill hafa formlega verið stofnuð. Markmið samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum almannaheillasamtaka og sjálfseignarstofnana sem starfa í almannaþágu og bæta starfsumhverfi þeirra.



**GUÐRÚN AGNARSDÓTTIR**

„Helstu áhersluverkefni samtakanna eru að einfalda og bæta skattaumhverfi félaganna, setja heildarlög um réttarstöðu og rekstrarumhverfi þeirra og kynna starfsemi þeirra og mikilvægi fyrir almenningi og stjórnvöldum,“ segir Guðrún Agnarsdóttir, formaður nýju samtakanna. - ges

Skurðlæknafélagið:

# Samdi um 20.300 krónur

**VINNUMARKAÐUR Skurðlæknafélag Íslands hefur samið við samninganefnd ríkisins um 20.300 króna hækkun launa, 3,3 prósenta hækkun á yfirvinnu og 50 prósenta hækkun á greiðslu til styrktar- og sjúkrasjóðs. Samningurinn gildir frá 1. júní og rennur út 30. apríl á næsta ári.**

**Tryggvi Stefánsson, formaður samninganefndar skurðlækna, segir að skurðlæknar meti stöðuna svo að samningaumhverfið sé erfitt. Kröfugerðin byggi á sérstöðu skurðlækna og miði að miklum breytingum á kjörum þeirra. Ástandið nú sé ekki hentugt til að fara út í svo miklar breytingar.** - ghs

# Ríkisstjórnin vinnur gegn Seðlabankanum

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að breytingar á lánum Íbúðalánasjóðs vinni gegn Seðlabankanum í baráttu við verðbólgu. Aðgerðirnar fresti verðlækkun á húsnæðismarkaði. Sjóðurinn vill að hið opinbera dragi saman seglin.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við teljum að tímasetningin hafi verið óheppileg í ljósi markmiða og aðgerða Seðlabankans í baráttunni við verðbólguna. Aðgerðir á borð við hækkun lána Íbúðalánasjóðs og breytingu á veðrými stefna í aðra átt. Þær voru því ekki hjálplegar í þessu tilliti,“ segir Petya Koeva, formaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Sendinefndin hefur verið hér á landi undanfarinn hálfan mánuð og rætt við fulltrúa stjórnvalda og atvinnulífs um stöðu efnahagsmála hér á landi og horfur. Niðurstöður sendinefndarinnar voru kynntar á blaðamannafundi í gær.

Petya Koeva segir að þótt útlitið sé ekki bjart í augnablikinu, séu horfurnar í íslenskum efnahag til lengri tíma öfundsverðar. Tekjur á mann séu með því mesta sem gerist, ójöfnuður sé lítill og markaðir opnir og sveigjanlegir.

Hún býst við að verulega hægi á í efnahagslífinu. Það dragi úr neyslu samfara minna aðgengi fólks að lánum, fasteignaverð lækki, efnahagur einkafyrirtækja dragist saman og kaupmáttur minnki. Opinberar framkvæmdir og álverstengdar framkvæmdir vegi ekki nema að hluta á móti minnkandi fjárfestingu annars staðar.

„Seðlabankinn ætti áfram að halda fast við stefnu sína um að ná verðbólgunni niður,“ segir Petya. „Umbætur á Íbúðalánasjóði eru hins vegar gríðarlega mikilvægar til þess að auka skilvirkni peningastefnunnar,“ segir Petya og á þar við að skilið verði á milli almenna lána sjóðsins og félagslegra.



**FORMAÐUR SENDINEFNDAR ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐSINS** Petya Koeva telur að breytingar á lánum Íbúðalánasjóðs hafi verið gerðar á óheppilegum tíma og vinni gegn baráttu Seðlabankans við verðbólguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hún segir að fasteignamarkaðurinn hér hafi ofhitnað og aðlögun sé brýn. Aðgerð ríkisstjórnarinnar hafi hægt á þeirri þróun.

„Enn fremur þurfa bæði stjórnvöld og sveitarstjórnir að hægja á fyrirhuguðum fjárfestingum og standast þrýsting um að auka útgjöld, bæði hvað varðar laun og bætur.“

Petya var spurð hvort íslenska krónan væri heppilegur gjaldmiðill. Hún svaraði því til að peningamálaumhverfi hér væri gott og að mikilvægt væri að innanlands væru stjórntæki til að hafa áhrif á þróun mála.

„Við fögnum viðleitni stjórnvalda til að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans. Það eykur traustið út á við. Ríkisstjórnin þarf sjálf að ákveða hvort gjaldeyrisforðinn verður styrktur frekar. Lánsheimild stjórnarinnar er frekara skref í þessa átt.“ ingimar@markadurinn.is



**FAGNAÐARFUNDIR** Nicolas Sarkozy og Ingrid Betancourt heilsast á Villacoublay-herflugvellinum við París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Betancourt lent í Frakklandi:

# Grætur af gleði

**FRAKKLAND, AP** Fyrrum gíslinn Ingrid Betancourt er komin til Frakklands. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og eiginkona hans Carla Bruni tóku á móti henni á herflugvelli við París síðdegis í gær. „Ég græt af gleði,“ sagði Betancourt á þessari tilfinningaþrungnu stundu.

Betancourt og fjórtán öðrum gíslum var á miðvikudag bjargað úr höndum kólumbísku uppreisnarhreyfingarinnar FARC. Betancourt, sem ólst upp í París og er franskur og kólumbískur ríkisborgari, var rænt árið 2002 þegar hún att kappi við Alvaro Uribe í forsetakosningum í Kólumbíu. - gh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með hass um borð í Herjólfi

Átatíu grömm af efni sem talið er hass fundust í farangri ungs manns við komu Herjólfs til Vestmannaeyja í fyrrakvöld. Maðurinn var handtekinn og játaði brot sitt við yfirheyrslur. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnabrota.

## VINNUMARKAÐUR

### Byggt segir upp 30

Verktakafyrirtækið Byggt á Suðurnesjum hefur sagt upp þrjátíu starfsmönnum sem að meirihluta til eru erlendir, að sögn RÚV. Ekki náðist í Hjalta Guðjónsson, forsvarsmann Byggt í gær.


**Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið**

Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið útgefið árið 1977 eða síðar. Útgáfuár bóka er skráð áberandi fremst í bókum. **Upplýsingar í síma 865 7013**

**Björgvin Ómar Ólafsson**

**Auglýsingasími**

**512 50 50**



– Mest lesið


Félagsstofnun stúdenta hækkar leigu á stúdentagörðum um 5,25 prósent:

# Kemur ofan á vísitöluhækkun

**FÉLAGSMÁL** „Þetta er mjög slæmt mál. Leigan hefur verið að hækka í samræmi við vísitöluna, svo kemur þetta reiðarslag ofan á það,“ segir Björg Magnúsdóttir formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Stjórn Félagsstofnunar stúdenta ákvað nýlega að hækka leigu á stúdentagörðum um 5,25 prósent. Hækkanir á stúdentaíbúðunum taka gildi í ágúst og september.

Að sögn Bjargar er ástæðan rakin til þverrandi stuðnings Reykjavíkurborgar við Félagsstofnun stúdenta en samkvæmt ályktun Stúdentaráðs hefur sá stuðningur dregist saman um því sem nemur 24 milljónum.

Að sögn Jórunnar Frímannsdóttur formanns Velferðarráðs Reykjavíkurborgar var þessi ákvörðun tekin í tíð fyrri meirihluta Samfylkingar, Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins.

„Hundrað daga meirihlutinn ákvað að styrkurinn yrði föst upphæð á hverja íbúð, 500 krónur á mánuði. Við ákváðum að breyta því ekki,“ segir Jórunn.

Björg segist hafa farið á fund Jórunnar og óskað eftir endurskoðun á því að skera niður fasteignagjöldin. „Það var ekki orðið við þeirri beiðni. Mér finnst verið að sauma mjög harkalega að stúdentum,“ segir Björg. - vsp



**BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR** Formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands er ósáttur við hækkun leigu á stúdentagörðum.

Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss, Hveragerði, Reykjavík, Akranes, Hafnarfjörður, Njarðvík, Sandgerði, Kópavogur, Neskaupstaður, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Súðavík, Ísafjörður, Vík í Mýrdal og Hreðavatnsskáli eiga fleira **sameiginlegt** en **fallega náttúru** og **fagurt mannlíf.**

# Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**




**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVIK

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.295 **-0,02%**

**Fjöldi viðskipta:192**
**Velta:** 1.036 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **GRANDI** | +5,00% | **ATL. AIRWAYS** | -3,87% |
| **SPRON** | +2,72% | **ATL. PETROLEUM** | -2,71% |
| **TEYMI** | +2,59% | **BAKKAVÖR** | -2,18% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 7,07 +0,28 ... Atorka 6,10 -0,97% ... Bakkavör 26,90 -2,18% ... Eimskipafélagið 14,30 0,00% ... Exista 7,15 0,00% ... Glitnir 15,30 0,00% ... Icelandair Group 16,70 0,00% ... Kaupþing 749,00 -0,13% ... Landsbankinn 22,90 +0,44% ... Marel 87,80 -0,23% ... SPRON 3,40 +2,72% ... Straumur-Burðarás 9,77 +0,31% ... Teymi 1,98 +2,59 ... Össur 89,30 -1,87%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Hefði evran bjargað?

Bloggarinn Felix Salmon fjallar um efnahagserfiðleika hér á landi á viðskiptavefnum portfolio.com og er með skýringar á reiðum höndum. Hann er harðorður í garð Roberts Wade, prófessors við LSE, sem á dögunum skrifaði í Financial Times að stjórnarslit væru yfirvofandi hér á landi, vegna leiðinda í efnahagsmálum. Salmon gagnrýnir prófessorinn meðal annars fyrir að nefna ekki einu orði „hina eiginlegu ástæðu fyrir efnahagserfiðleikum á Íslandi“. Hún sé fólgin í floti krónunnar, sem sé hin minnsta sinnar tegundar í heiminum. Hann hnýtir því við í lok færslu sinnar að hefðu Íslendingar tekið upp evruna, glímdu þeir ekki við þau vandamál sem nú sé við að etja.



### Peningar á hliðarlínunni

Fjárfestar hafa ekki farið varhluta af þeim vandamálum og þrengingum sem einkennt hafa alþjóðlega fjármálamarkaði frá síðasta hausti. Eins og eðlilegt er hafa þeir smám saman dregið sig af hlutabréfamarkaði og ákveðið að ávaxta pund sitt (lesist: krónu) á skuldabréfamarkaði. Velta á hlutabréfamarkaði var með dræmasta móti í gær, tæpur 1,1 milljarður króna. Veltutölur sem þessar hafa ekki sést síðan í ágúst árið 2006. Aðra sögu er hins vegar að segja af skuldabréfamarkaði en veltan þar nam tæpum 27 milljörðum króna í gær. Eðlilega hlýtur ástríminn að spila inn í en fjárfestar þurfa sitt frí eins og aðrir. Svo er ágætt að hafa peninga á hliðarlínunni þegar tækifæri gefast á hlutabréfamarkaði á ný.

## Engin sumarspá

**Fjármálaráðuneytið hyggst ekki gefa út þjóðhagsspá í sumar. Í birtingaráætlun ársins var gert ráð fyrir endurskoðaðri þjóðhagsspá fyrir árin 2008 til 2010 í síðustu viku, en ekki verður af því.**

**Fjármálaráðuneytið segir að áður fyrr hafi sumarspáin verið gefin út í tengslum við ákvörðun aflamarks.**

**Án þess að litið sé gert úr vægi sjávarútvegsins í efnahagnum, hafi ekki þótt ástæða til þess að þessu sinni, auk þess sem margir starfsmenn séu í sumarfríi.**

**Þjóðhagsspá verði gefin út í byrjun október í tengslum við fjárlagagerð á Alþingi.**

**- ikh**

# GM að keyra í þrot

Ekki er hægt að útiloka að bandaríski bílaframleiðandinn General Motors verði gjaldþrota á næstunni takist honum ekki að afla sér aukins hlutafjár.

Þetta segir í greiningu bandaríska fjárfestingarbankans Merrill Lynch um stöðu og horfur General Motors.

Mestu munar um hátt verð á eldsneyti sem hefur valdið því að bílaeigendur hafa skipt bensínsvelgjum út fyrir minni og sparneytnari ökutæki. Litlir japanskir bílar hafa af þessum sökum notið vinsælda vestanhafs.

Markaðsverðmæti General Motors hefur hrunið um sextíu prósent frá áramótum, þar af um fimmtán prósent í fyrradag, fór undir tíu dali á hlut og hefur ekki verið lægra í rúma hálfa öld. Merrill Lynch útilokar ekki að gengið sígi eftir að síga frekar, jafnvel undir sjö dali á hlut. Fyrra markgengi bankans á bréf í General Motors hljóðaði upp á 28 dali á hlut.

Í greiningu bankans segir að staðan sé það slæm að fyrirtækið verði að auka hlutafé sitt með einhverjum hætti ætli það að halda sér ofan jarðar. **- jab**

JAFNRÉTTISRÁÐ

**Jafnréttisviðurkenning 2008**

Jafnréttisráð lýsir eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar fyrir árið 2008.

Viðurkenningu geta hlotið fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, hópar eða félagasamtök, sem á einn eða annan hátt hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttismála. Tilgangurinn er að verðlauna fyrir vel unnin störf í þágu jafnréttis kvenna og karla og hvetja um leið til frekari dáða.

Tilnefningum skal skilað eigi síðar en 14. september n.k. til Jafnréttisráðs, Borgum, 600 Akureyri, í síma 460 6200, bréfsíma 460 6201 eða í tölvupósti jafnretti@jafnretti.is

# Bein og óbein áhrif af flutningi Baugs

„Flutningur Baugs hefur hverfandi áhrif. Þetta er að mestu leyti tilflutningur á eignarhaldi milli félaga og því eru áhrifin nánast engin,“ segir Grétar Már Axelsson, sérfræðingur í greiningu Glitnis.



**LÍTIL ÁHRIF** „Flutningur Baugs hefur hverfandi áhrif,“ segir Grétar Már Axelsson, í greiningu Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, segir að einhverjar tilfærslur verði á starfsfólki til Bretlands og útilokar ekki að einhverjum starfsmönnum verði sagt upp hér á landi.

„Flutningur Baugs hefur bæði bein og óbein áhrif,“ segir Árni Tómasson endurskoðandi. Óbeinu áhrifin af því að hafa höfuðstöðvar sínar hérlendis sé að félagið borgi starfsmönnum sínum hér laun og af því hljótist skatttekjur. Félagið kaupi vinnu og ýmis aðföng og borgi af því virðisaukaskatt.

Beinu áhrifin eru tekjuskattur. Einu efnahagslegu áhrifin af flutningi Baugs að mati Árna snúast því um það hvort starfsmenn í höfuðstöðvum félagsins starfi áfram hér eða fara til starfa í Bretlandi.

Financial Times sagði frá því í gær að þessi flutningur myndi líklega vera jákvæður fyrir félagið. Félagið yrði ekki lengur tengt við neikvæðan orðróm um íslenskt efnahagslíf og það myndi auðvelda því við fjármögnun.

„Aðgengi að lánsfé er og verður erfitt áfram,“ segir Eggert Þór Aðalsteinsson, í greiningu Kaupþings. Hann telur að flutningur félagsins muni í sjálfu sér ekki auðvelda Baugi að sækja sér lánsfé.

„Það er auðvitað rökrétt að vera með höfuðstöðvar þar sem meirihluti starfsemi þinnar er,“ sagði John Stevenson, greinandi hjá Shore Capital í Liverpool, í samtali við Bloomberg í gær, Hann taldi þó umræðu á Íslandi ástæðu flutnings fyrirtækisins. **- as**



**ATVINNULÍF** Meirihluti stjórnenda í atvinnulífinu, 76 prósent, telja aðstæður í efnahagslífi frekar eða mjög slæmar.

# Flestir stjórnendur telja ástand slæmt

Í 400 stærstu fyrirtækjum landsins telja 76 prósent stjórnenda að aðstæður í efnahagslífinu séu frekar eða mjög slæmar. Telja 22 prósent þær hvorki góðar né slæmar og einungis 2 prósent telja þær góðar, samkvæmt könnun Capacent Gallup.

Vísitala efnahagslífsins miðað við núverandi aðstæður hefur aldrei verið lægri frá því að sambærilegar kannanir hófust árið 2002. Meirihluti fyrirtækjanna býst við óbreyttum starfsmannafjölda en um fjórðungur hyggst fækka starfsfólki. Hjá einungis 19 prósentum svarenda er nú skortur á starfsfólki en mikill meirihluti þeirra, 81 prósent, telur sig hins vegar hafa nægjanlegt starfsfólk, segir í frétt frá Samtökum atvinnulífsins.

Könnunin var gerð fyrir Samtök atvinnulífsins, Seðlabankann og fjármálaráðuneytið. **- as**

# Friðrik Már og Portes svara Wade

Sir Robert Wade fer með rangt mál, er titill greinar Friðriks Más Baldvinssonar hjá Háskólanum í Reykjavík og Richard Portes hjá London Business School sem birtist á vef Financial Times. Sir Wade er prófessor við London School of Economics. Grein Wades um Ísland birtist nýverið í sama blaði.

Friðrik og Portes segja gagnrýni Wades um léttvægt regluverk ranga. Íslensku bankarnir búa við sama regluverk og gildir innan Evrópusambandsins.



**FRIÐRIK MÁR BALDURSSON**



**RICHARD PORTES**

Friðrik og Portes benda á að erlend skuldastaða þjóðarbúsins sé ekki jafn slæm og Wade heldur fram. Þeir benda á tölur frá sérfræðingum Seðlabanka Íslands þar sem hrein erlend staða skuldastaða er metin einungis 27 prósent af landsframleiðslu í stað 120 prósenta.

Friðrik og Portes gagnrýna Wade í lok greinarinnar fyrir að skrifa í pólitískum tilgangi og fara kæruleysislega með tölur um hagkerfi Íslands. Slíkar rangfærslur séu sérstaklega varasamar við núverandi aðstæður. **- bþa**

# Landsbankamálið komið á borð FME

„Okkur barst erindi frá Kauphöllinni í gær [í fyrradag] og það verður farið yfir þetta með faglegum hætti eins og önnur erindi sem okkur berast,“ segir Íris Björk Hreinsdóttir, talsmaður Fjármálaeftirlitsins (FME).

Viðskipti Landsbankans með íbúðabréf, 19. júní, sama dag og ríkisstjórnin tilkynnti um breytingar á Íbúðalánasjóði voru til skoðunar í Kauphöllinni. Þá seldi bankinn íbúðabréf fyrir fjóra milljarða, langtum meira en aðrir.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sagði að ekki væri hægt að útiloka að bankinn hefði haft ríkari upplýsingar en aðrir á markaði þennan dag. Því yrði FME að rannsaka málið nánar. Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans og formaður Samtaka fjármálafyrirtækja, var upplýstur um fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar fyrir lokun markaða, en ekki var tilkynnt um þær fyrr en eftir á.

Landsbankinn segir í yfirlýsingu að upplýsingarnar hafi ekki verið nýttar til viðskipta.

Ekki hefur náðst í bankastjóra Landsbankans vegna málsins. **- ikh**



**BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Halldór J. Kristjánsson með Sigurjón Árnason í forgrunni. Rannsókn á viðskiptum Landsbankans með íbúðabréf er nú í höndum Fjármálaeftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR


Fjölskylduhátíð
Suzuki í Skeifunni 17.
Way of Life!
SUZUKI
Laugardaginn 5.júlí frá kl. 12-17
Sýning á öllu frá Suzuki
Bílar, mótorhjól, fjórhjól og utanborðsmótorar
Grillaðar SS pylsur
Coke Zero og Eðal toppur frá Vífilfelli
Hoppukastalar fyrir krakkana
Allir sem reynsluaka nýjum Suzuki bíl
hjá okkur um helgina geta sett nafnið sitt í pott og
dregið verður um gjafabréf frá Iceland Express fyrir tvo
Hugtök Júlí 08
Kynnum SPLASH
Nýjan og sparneytinn fólksbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!
Frábær tilboð á sýningar- og
reynsluakstursbílum og hjólum!!!
Sveppi mætir á svæðið
grillar og gefur ís!
Kjörís
SPLASH
SUZUKI SPARNEYTNI
TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR
SUZUKI
SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umræður um heildaraflaákvörðunina

## Minni átök

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Viðbrögð við ákvörðun sjávarútvegsráðherra um heildarafla næsta fiskveiðiárs eru um margt athyglisverð. Eftir eðli máls er þessi ákvörðun einhver sú veigamesta sem á herðum stjórnvalda hvílir. Af sjálfu leiðir að um hana spinnast umræður og deilur á hverju ári. Þar blandast saman sjónarmið um viðhald fiskistofna, hagsmuni og pólitík.

Staða þorskstofnsins, sem er burðarásinn í verðmætasköpun sjávarútvegsins, er með þeim hætti að heildaraflaákvörðun nú var óvenju erfið. Í því ljósi er einkar athyglivert að meta viðbrögð útvegsmanna, sjómanna, stjórnmálamanna og vísindamanna. Eins og jafnan áður hafa allir látið til sín taka svo sem vænta mátti. Það sem vekur athygli er hitt að um ákvörðunina ríkir í raun og veru meiri samhljómur en endranær. Ástæða er til að gefa því gaum með því að sú var tíð að þetta var átakamesta ákvörðunin á vettvangi stjórnmálanna.

Ráðherrann hefur nokkuð frjálsar hendur við ákvörðun sína. Eigi að síður er hann bundinn af því að tillögur Hafrannsóknastofnunar liggi fyrir. Ákvörðunin er í góðu samræmi við tillögur vísindamanna stofnunarinnar þó að þeim sé ekki fylgt út í ystu æsar. Að því virtu kemur ekki á óvart að gagnrýni er óveruleg úr röðum vísindamanna.

Andmælin eru meiri frá sjómönnum og útvegsmönnum. Áður fyrr var ríkara traust í sjávarútveginum gagnvart ráðgjöf vísindamanna. Segja má að á þeim tíma hafi afstaða atvinnugreinarinnar í heild verið ábyrgari. Ekki verður þó sagt að verulegur þungi búi að baki þeirri gagnrýni sem kemur frá einstökum hagsmunahópum í sjávarútveginum.

Það skýrist af því að gagnrýnin ræðst af ólíkum hagsmunum einstakra hópa í atvinnugreininni. Það sem einn gagnrýnir lofar annar. Fyrir þær sakir verða andmæli sjávarútvegsins í heild tiltölulega léttvæg frá málefnalegum sjónarhóli.

Hitt er svo annað mál að ekki er óeðlilegt, þegar horft er til takmarkaðra aflaheimilda og ríkjandi efnahagsástands, að svartsýni gæti í atvinnugreininni. En þar á móti verður að líta til þess að lækkun á gengi krónunnar hefur óneitanlega jákvæð áhrif fyrir útflutningsgreinar. Hún styrkir stöðu þeirra sem skapa verðmæti og veikir stöðu hinna sem eyða þeim.

Umsagnir stjórnmálamanna um ákvörðun sjávarútvegsráðherranns sýna býsna breiða pólitíska samstöðu um þau grundvallarsjónarmið sem að baki henni búa. Ríkisstjórnarflokkarnir tveir hafa óvenju stóran meirihluta sem sameiginlega axlar pólitíska ábyrgð á ákvörðuninni. Ugglaust má þó finna þar innan dyra einstakar raddir sem leynt eða ljóst mæla á annan veg.

Formaður Vinstri græns hefur fjallað með mjög ábyrgum hætti um þessi efni. Hann horfir augljóslega á viðfangsefnið út frá grundvallarreglunni um sjálfbæra nýtingu. Formaður Framsóknarflokksins lítur hins vegar framhjá þessari alþjóðlega viðurkenndu varúðarreglu um nýtingu náttúruauðlinda og heimtar meiri veiði. Þegar flokkurinn var næststærstur á Alþingi hefði slík afstaða, hvað sem málefnalegum sjónarmiðum líður, verið þung fyrir hvaða ríkisstjórn sem er. Nú þegar hann er næstminnstur verður hún hjáróma.

Þegar horft er yfir sviðið með þessum hætti fer ekki milli mála að þessi mikilvæga ákvörðun er átakaminni að þessu sinni en oftast nær áður. Það er merki um framför.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871


ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA
OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17
Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is
Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN
Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýir hornsteinar

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í fyrra eru klásúlur um málefni innflytjenda og frumkvæði í utanríkismálum. Um hið fyrra segir: „Unnin verði heildstæð framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem hafi það markmið að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og rækta menningu sína.“ Um frumkvæði í utanríkismálum segir: „Mannréttindi, aukin þróunarsamvinna og áhersla á friðsamlega úrlausn deilumála verða nýir hornsteinar í íslenskri utanríkisstefnu.“ Hvernig ætli Keníamanninum Paul Ramses þyki hafa ræst úr þessum yfirlýsingum?

### Viðskiptin ofar öllu

Um frumkvæði í utanríkismálum segir enn fremur. „Að öðru leyti byggist stefna ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum á þeim gildum sem legið hafa til grundvallar samvinnu vestrænna lýðræðisríkja, norrænu samstarfi og viðleitni þjóða heims til að auka frelsi í alþjóðlegum viðskiptum.“ Kannski væri staða Pauls Ramses önnur ef það hefði verið eitthvað á honum að græða.





### Margt í mörgu

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skrifaði greinar í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu í gær, þar sem hann skýrir snöfurmannlega álitamál um aflaákvörðun næsta fiskveiðiárs. Inntak greinarinnar í Fréttablaðinu var á þá leið að það sé margt í mörgu; aflaákvörðun sé margslungið mál og að mörgu að hyggja. Í Morgunblaðinu bendir Einar hins vegar á að skiptar skoðanir séu um aflaákvörðunina en menn verði að láta skynsemina ráða. Kannski lætur sjávarútvegsráðherra kné fylgja kviði og skrifar þriðju greinina þar sem hann reifar þau sjónarmið að best sé að anda með nefinu og stíga varlega til jarðar í þessum efnum.

bergsteinn@frettabladid.is

# Ráðherrastjórn



HALLGRÍMUR HELGASON

Í DAG | Ríkisstjórnleysi

Samband formanna stjórnarflokkanna minnir á hjónaband. Í upphafi þótti ráðahagurinn skrýtinn en fólk vandist honum fljótt. Þó er efinn enn bakvið eyrað. Ekki síst vegna þess að aðra hverja viku er okkur sagt að „sambandið sé gott“ og hafi „aldrei verið betra“. Ef eitthvað er virkilega gott er yfirleitt ekki þörf á því að taka það fram.

En gott og vel. Við treystum því að samband Geirs og Sollu sé gott. Hér er um mjög nýmóðins hjónaband að ræða. Hún er mikið fjarri heimilinu og þá yfirleitt erlendis, en hann aftur meira heima við, sér um heimilið og borgar reikningana á meðan frúin flýgur frá Amman til Drammen, hittir fólk og skálar, og hringir svo kannski heim þegar hún er komin upp á hótelherbergi rétt um miðnættið.

Hér er líklega komin skýringin á því hvers vegna Geir er alltaf svona pirraður. Eins og við þekkjum, við sem höfum setið heilu og hálfu vikurnar yfir búi og börnum á meðan konan sinnir karríernum, reynir slík nývera nokkuð á hið forna karleðli. Þegar þriðja útlandasímtalinu í röð lýkur með orðunum „heyrðu, það er verið að skála núna, verð að hætta, heyrumst,“ upplifum við það sem sérfræðingar nefna Pre-Industrial Pride Anxiety; í karlmanninum gýs upp aldagamalt stolt, sem leynist þarna enn, í myrkviðum eðlisins, sem var hannað fyrir allt aðra manntegund: Karlmanninn eins og hann var fyrir iðnvæðingu: Þegar hann var húsbóndi á sínu heimili og hafði þá skyldu eina að vera flottur.

Geir er undarlega pirraður forsætisráðherra. Honum virðist ekki líða vel í starfi. Hann hreytir ónotum í fjölmiðlafólk, neitar að svara spurningum, og er alltaf í hálfgerðri vörn. Verst er þó að hann virðist ekki elska vandamál eins og allir góðir pólitíkusar hljóta að gera. Það er eins og honum leiðist að stjórna.

Afleiðingin er sú að okkur finnst ekki vera neinn húsbóndi á stjórnarheimilinu, heldur aðeins ellefu ráðsmenn og -konur. Hið séríslenska ráðherraræði hefur náð nýjum hæðum. Nú er jafnvel ekki lengur nauðsynlegt að ráðherrar séu sammála hverjir öðrum í stórvægum aðgerðum. Allt er í góðu, svo lengi sem menn sinna sínu. Hver herra ræður sínum málaflokki og verk hans koma stjórninni lítið við. Áður hafði ráðherraræðið gengið að þinginu dauðu en nú stefnir í að fyrirbærið „ríkisstjórn“ verði álíka úrelt. Ráðherrastjórn skal það vera.

Þegar forsætisráðherra var spurður um hópuppsagnir ljósmæðra (stórt vandamál, eða hvað?) vísaði hann á „fagráðherrana“ sem málið heyrði undir. (Stundum gengur þetta jafnvel svo langt að fagráðherrann vísar síðan á undirstofnun sína, eins og dómsmálaráðherra gerði í gær í máli keníska flóttamannsins.)

Geir virðist vera meira fyrir pirringinn sem plagar hinn húsfasta húsbónda en verkstjóravaldið sem hann á þó enn að hafa.

Jóhanna Sigurðardóttir stendur í gígantískum endurbótum á velferðarkerfinu sem við munum ekki skilja fyrr en við þurfum virkilega á því að halda. Þórunn Sveinbjarnardóttir er með stór plön í landsskipulagsmálum sem við eigum eftir að sjá kollega hennar samþykkja. Ingibjörg Sólrún er sögð vinna þrekvirki í nútímavæðingu utanríkisráðuneytisins sem er þó eftir sem áður fremur lokaður heimur. Einar Guðfinnsson heldur óbreyttum framsóknarkúrs í landbúnaðarmálum án þess að aðrir ráðherrar fái að gert. Kristján Möller heldur óbreyttum framsóknarkúrs í samgöngumálum án þess að aðrir ráðherrar fái að gert. Þorgerður Katrín virðist klippa á sjö borða á dag og borða standandi í öll mál, en við sem erum hvorki í skóla né hestum vitum kannski ekki alveg hvað hún er að gera. Hins vegar vitum við alltaf hvað bloggarinn Össur er að gera, en þau verkefni eru öll annaðhvort í órafjarlægð frá Íslandi eða óræðri framtíð. Björn Bjarnason fær óáreittur að sinna sínum sérstæðu áhugamálum; Securitas-væðingu Íslands, framhaldi Jónastríða (nú er Ólafsson næstur) og brottvísunum pólitískra flóttamanna. Björgvin G. Sigurðsson afnemur stimpilgjöld af málaflokkum sínum. Árni Mathiesen hefur nóg að gera við að uppfæra allt sitt mikla ríkisbókhald í hvert sinn sem krónan fellur. Enginn veit hins vegar hvað Guðlaugur Þór er að gera, sem er kannski gott en kannski dáldið „scary“.

En muna lesendur eftir því að einhver þessara ráðherra (fyrir utan BGS) hafi nýverið tjáð sig um málin sem brenna á ÖLLUM landsmönnum, óháð einstökum málaflokkum? Nei? Og þegar húsbóndinn lætur pirringinn svara öllum erfiðustu spurningunum er staðan á stjórnarbænum þessi: Ráðskonur og ráðsmenn á fullu, hver í sínu horni, en enginn að hugsa fyrir komandi vetri sem þó er farinn að fella fé um hásumar.

# „Rökin“ gegn Droplaugarstöðum

UMRÆÐAN

Ögmundur Jónasson skrifar um Droplaugarstaði



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Góðir lesendur. Hafið þið heyrt skýringar Guðlaugs Þórs heilbrigðisráðherra og einkavæðingarhópsins, sem hann starfar fyrir, á því hvers vegna þurfi að bjóða út rekstur dvalarheimilis fyrir aldraða að Droplaugarstöðum?

Tvennt hefur verið nefnt. Í fyrsta lagi er okkur sagt að Droplaugarstaðir hafi verið reknir með halla. Þann halla verði að rétta af og að þar sé einkavæðing allra meina bót. Í öðru lagi er bent á kosti samlegðarinnar. Með því að reka Droplaugarstaði í samkrulli við stærri aðila, eins og hlutafélagið Sóltún, megi ná kostnaði niður.

En bíðum við. Þegar Sóltún var sett á laggirnar bauðst sjálfseignarstofnunin Hrafnista til þess að taka verkið að sér með sömu rökum. Kvaðst geta nýtt samlegðaráhrif stærðarinnar, meðal annars í rekstri mötuneytis og þvotta. Nei, á það mátti fjármálaráðuneytið, sem þá stýrði einkavæðingunni, ekki heyra minnst. Sóltún átti að verða sjálfstæð rekstrareining, var sagt, og fráleitt að skekkja markaðsstöðuna með einhverju samlegðarfyrirkomulagi!

Þá passaði að tala á þennan veg. Nú passar að segja hið gagnstæða.

Og svo er það hallinn! Hvers vegna halda menn að það sé halli á rekstri Droplaugarstaða? Vegna þess að þar sé sólundað fé; laun starfsfólksins séu of há? Vegna þess að Droplaugarstaðir sé illa rekin stofnun? Ekkert af þessu stenst skoðun.

Ástæðan fyrri „hallanum“ er sú að stofnunin fær ekki nægilegt fé til að reksturinn gangi upp. Launakostnaður stofnana á borð við Droplaugarstaði er á bilinu 70-80% af rekstrarkostnaði. Þetta er hlutfallið enda þótt laun starfsfólksins séu lág. Alltof lág. Ætlast einkavæðingarfólkið í heilbrigðisráðuneytinu til þess að þessi laun verði lækkuð? Er ætlunin að fækka starfsfólkinu? Auka enn álagið á þá sem eftir eru? Eða eru þetta bara óábyrgir gasprarar sem leita allra ráða til að réttlæta einkavinavæðingu heilbrigðiskerfisins? Einkavæðingu í þágu sín og sinna. Ég hallast að því.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Njóttu helgarinnar!

netto

900g ÓTRÚLEGT VERÐ!



SAFARÍKAR KJÚKLINGABRINGUR

**869** kr/pk.



30% afsláttur

HAMBORGARAR 2x175g

**398** kr

~~568~~ kr



40% afsláttur

GOÐA UNGNAUTAHAKK

**899** kr/kg

~~1.498~~ kr



40% afsláttur

GOÐA BBQ GRÍSARIF

**862** kr/kg

~~1.436~~ kr/kg




30% afsláttur

GOÐA LAMBALÆRI - VILLIKRYDDAÐ

**1.392** kr/kg

~~1.989~~ kr/kg




50% afsláttur

SYKURPÚÐAR

**99** kr/pk

~~198~~ kr/pk




DVD fylgir með

6X2L KIPPA PEPSI MAX

**990** kr

TILBOÐIN GILDA 3. - 6. JÚLÍ

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERÐALAGIÐ HEFST Í BÓNUS
40% AFSLÁTTUR
PIRI-PIRI KRYDDPOKI FYLGIR MEÐ Í BAKKANUM
PIRI PIRI KJÚKLINGUR
Holta ferskar kjúklingabringur með Piri-Piri kryddblöndu
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2798 KR./KG.
899
BEINHREINSUÐ BLEIKJA
NF Íslenskir bleikjubitar beinlausir
899 kr./kg.
SENSITIVE ARIEL
298
10 þvottar fyrir 298 kr.
HVER ÞVOTTUR Á 29.80 kr.
40% AFSLÁTTUR
Holta ferskir blandaðir kjúklingabitar
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.
4 STK
1998
Hollenskt nautafillet 4 STK. 200 grömm
1998 kr. pakkinn.
30% AFSLÁTTUR
KF villijurtakryddaðar lambalærissneiðar
1399 kr./kg. MERKT VERÐ 1999 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
SS villikryddaðar lambatvírifjur
1559 kr./kg. MERKT VERÐ 2228 KR./KG.
Kornbrauð BÓNUS
129
Bónus kornbrauð
1 kg 129 kr. 5 KR. SNEIÐIN.
VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS
KJARNAFÆÐI
40% AFSLÁTTUR
1199
KF einiberjakryddað lambalæri 1199 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
Egils PILSNER
49
Egils APPELSÍN
59
PEPSI MAX
59
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERÐALAGIÐ HEFST Í BÓNUS




398

## KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR

Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar
Í ÁLBAKKA 398 kr./kg. MERKT VERÐ 569 KR./KG.



2359

## FERSKT LAMBAFILLET

Ferskt KS lambafillet með fituröndd 2359 kr./kg.
tilbuið fyrir kryddið beint á grillið !



6 STK
2998

Hollenskar nautasteikur 6 STK. 200 grömm
2998 kr. pakkinn.



498

Ali ferskur svínabógur
498 kr./kg.



40%
AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.



30%
AFSLÁTTUR

Ali fersk kjötmikil svínarif á grillið
769 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.




179

Pringles snakk 170 gr
ORGINAL & SOUR CREME 179 kr.



## INNFLUTTIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR

**100% hreint kjöt.**

| | | |
|---|---|---|
| 80 GRÖMM | 898 kr. | 10 STK. |
| 100 GRÖMM | 1079 kr. | 10 STK. |
| 120 GRÖMM | 1259 kr. | 10 STK. |




298

EmmEss toppar HNETU & DAIM
4 stk. 298 kr. pakkinn.




198

Bónus frostpinnar 15 stk
GULIR & GRÆNIR 198 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




**Rússneski björninn snýr aftur**
Mun Rússland endurheimta stöðu sína sem eitt helsta knattspyrnustórveldi heims?

**Dæmdur fyrir guðlast og klám**
Úlfar Þormóðsson er annar tveggja Íslendinga sem dæmdir voru fyrir guðlast á síðustu öld.

**Að lifa af kreppuna**
Tilboðskjöt, vasapeningar og grænmeti úr garði nágrannans: Hagsýnir ráðgjafar gefa lesendum Fréttablaðsins kreppuráð.

**Sport**

Sérblað Fréttablaðsins um íþróttir kemur út á morgun.

Fljótasti húsvörður Íslands, vonastjörnur kvennaboltans og ný kynslóð dómara.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





MAÐUR VIKUNNAR

# Ljósmóðir með köllun og ríka réttlætiskennd

Ljósmæðrafélag Íslands situr nú við samningaborðið ásamt samninganefnd ríkisins en enn sem komið er hafa viðræður verið árangurslausar. Ljósmæður hafa nú þegar sagt upp og að óbreyttu taka þær uppsagnir gildi í haust. Í fylkingarbrjósti fer Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélagsins. Hún er maður vikunnar.

Guðlaug er sveitastelpa í húð og hár og fæddist í heimahúsi á Seftjörn á Barðaströnd og ólst þar upp. Guðlaug kemur úr stórum systkinahópi, er fimm mínútum yngri en Laufey, tvíburasystir hennar, og er næstyngst átta systkina – sex stúlkna og tveggja stráka.

Guðlaugu er lýst sem vel gefinni, röskri og drífandi, enda þekkir hún vinnusemina frá blautu barnsbeini. Hún fann snemma sína hillu í lífinu, var ekki nema fjögurra eða fimm ára þegar hún ákvað að verða ljósmóðir, sannfærð um að hún væri með ljósmæðrahendur.

Guðlaug hleypti heimdraganum síðasta árið í grunnskóla þegar hún fór í Reykholt í Borgarfirði. Þaðan fetaði hún smám saman í átt til Reykjavíkur. Fór fyrst í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi en brautskráðist með stúdentspróf frá Fjölbrautarskólanum við Ármúla. Þaðan lá leiðin í Háskóla Íslands þar sem hún lærði hjúkrunarfræði og að því loknu bætti hún við sig tveimur árum ljósmóðurfræði. Guðlaug hafði mikinn áhuga á heimafæðingum og að lokinni útskrift flutti hún til Hollands í einn vetur til að kynna sér heimafæðingar, sem eru algengar þar í landi. Þegar hún sneri aftur heim flutti hún á Stokkseyri, en eldri systir hennar er skólastjóri þar. Á Stokkseyri kynntist hún manni sínum, Jóni Friðriki Matthíassyni. Upp úr aldamótum flutti fjölskyldan til Danmerkur og bjó þar í á fjórða ár. Þegar þau fluttu aftur til Íslands komu þau sér fyrir á Eyrarbakka, en Guðlaug hóf störf hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi.

Fljótlega eftir heimkomuna var komið að máli við Guðlaugu og hún beðin að bjóða sig fram til formanns Ljósmæðrafélags Íslands. Hún skoraðist ekki undan og hefur verið formaður félagsins undanfarin þrjú ár en er enn í hlutastarfi á Selfossi.

Þeir sem þekkja og vinna með Guðlaugu segja formennskuna í Ljósmæðrafélaginu henta henni vel. Hún er í fyrsta lagi ljósmóðir af lífi og sál – enda nauðsynlegt að láta heillast af öðru en launaumslaginu í þessu starfi. Fyrir vikið er mikil samkennd og samstaða meðal ljósmæðra. Guðlaugu er vel treyst af starfssystrum sínum, þykir mjög góð í samstarfi og hafa staðið sig vel auk þess að bera hag stéttarinnar mjög fyrir brjósti. Guðlaug er sögð dæmigerður hrútur, með kostum sínum og göllum og hörð í horn að taka þegar svo ber undir og þá þykir betra að hafa hana með sér í liði en á móti. Hún er aftur á móti sanngjörn og getur ekki barist fyrir þann málstað sem hún trúir ekki á. Hún er hins vegar ekki hrædd við að axla ábyrgð og skorast ekki undan þegar til hennar er leitað.

Guðlaug er mikið náttúrubarn. Hennar helstu áhugamál eru fjallgöngur og fjallaferðir. „Dálítið eins og fegurðardrottningarnar, mikið fyrir útivist og ferðalög," eins og einn viðmælandi orðaði það. Jón Friðrik, maður hennar, er mikill jeppakarl og þau fara iðulega í fjölskylduferðir upp á fjöll. Hún kann vel við sig á Eyrarbakka, þar sem er hæfilega langt í ys og þys borgarinnar en náttúran aldrei langt undan. Guðlaug er afskaplega fjölskyldurækin og drífandi og hefur til dæmis stefnt stórfjölskyldunni í að ganga Laugaveginn eftir rétta viku.

Dugnaður, drifkraftur og rík réttlætiskennd eru meðal helstu kosta Guðlaugar, að sögn kunnugra. Hún er skemmtilegur félagi og hefur mikla og góða kímnigáfu, stundum í svartari kantinum. Keyrir svo sem ekki um þverbak en er ekki fyrir viðkvæmustu sálir þegar sá gállinn er á henni. Sumir segja að hin hliðin á hrútsmerkinu sé að hún eigi til að vera dálítið óþolinmóð, vill að hlutirnir gangi hratt og vel fyrir sig, en það stendur henni samt ekki fyrir þrifum. Hitt er að hún getur verið dálítið dómhörð, segja þeir sem þekkja, en hefur mýkst í þeim efnum með aldrinum.

## GUÐLAUG EINARSDÓTTIR



### ÆVIÁGRIP

Guðlaug er fædd 29. mars 1969, í heimahúsi á Seftjörn á Barðaströnd. Hún er næstyngst átta systkina, fimm mínútum yngri en tvíburasystir hennar. Foreldar hennar eru Einar Guðmundsson og Bríet Böðvarsdóttir.

Guðlaug lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautarskólanum við Ármúla. Þaðan lá leiðin í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, hvaðan hún útskrifaðist árið 1994 og lauk námi í ljósmæðrafræðum frá sama skóla árið 1998. Á ljósmóðurferli sínum hefur Guðlaug starfað á Selfossi, Landspítalanum, Ísafirði og á Akureyri, auk þess sem hún vann með sjálfstætt starfandi ljósmæðrum í Hollandi í nokkra mánuði, þar sem hún kynnti sér heimafæðingar. Auk þess vann hún á fæðingardeild í Danmörku í hálft annað ár. Guðlaug hefur verið formaður Ljósmæðrafélagsins síðan 2005 en hafði áður gegnt starfi ritara í félaginu.

Guðlaug er gift Jóni Friðriki Matthíassyni byggingarfræðingi. Þau búa á Eyrarbakka og eiga saman þrjú börn, þar af tvíbura, en Guðlaug á dóttur frá fyrra sambandi.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Við gætum ekki verið með betri formann eins og staðan er núna."
Unnur B. Friðriksdóttir, varaformaður Ljósmæðrafélagsins.

### HVAÐ SEGIR HÚN?

„Við viljum bara fá það sama og aðrar stéttir í þjónustu ríkisins."
Í Fréttablaðinu, 30. júní 2006.


Ný Select stöð!
Við verðum í hátíðarskapi um helgina og bjóðum alla velkomna á nýja Select stöð á Laugavegi.
Opið til 23:30 alla daga - bílalúga
kr. 99.-
Select vínarpylsa+ 0,4 l gos úr vél
2 fyrir 1
af ís frá Kjörís
Kjörís
kr. 10.-
afsl. af hverjum eldsneytislítra
made to move
Ath. tilboðin gilda 4.-6. júlí
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International. AG
Shell



KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

# „Skítt'-á-þig"-rökfræði handa byrjendum

Í dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um Metró í Reykjavík, málningarslettur, „skítt'-á-þig"-rökfræðina, Baug og Becket og bent á umhugsunarverða málverkasýningu.

**SUNNUDAGUR, 29. JÚNÍ.**

## Segir sá sem vitið hefur

Nú ætla ég að vitna í mann sem óumdeilanlega hefur áunnið sér leyfi til að gefa góð ráð og ábendingar á sviði fjármála. Maðurinn heitir Jón Ásgeir Jóhannesson og segir m.a. í viðtali við Morgunblaðið: „Við erum í stórkostlegri tilvistarkreppu með þennan handónýta gjaldmiðil … ekkert nema svartnætti framundan … Eina raunverulega styrking krónunnar sem við getum náð fram, er sú að við lýsum því yfir að við ætlum að hætta með þennan gjaldmiðil og undirbúa aðildarumsókn okkar að Evrópusambandinu. Við ættum að lækka vexti strax og afnema verðtrygginguna …"

Varðandi Baugsmálið segir Jón að margir hafi verið þeim feðgum sammála um pólitíska rót þessa máls.

Auðvitað er þetta mál er tilkomið eins og aðförin að Becket sáluga erkibiskupi í Kantaraborg: Reiður kóngur/einræðisherra fjandskapast við Baug/Becket. Skósveinar sem vilja koma sér vel við valdið leggja af stað í leiðangur til að ganga milli bols og höfuðs á þeim sem pirrar valdhafann.

Munurinn er sá að Baugur tók til varna en Becket ekki.

Þess vegna er hausinn enn á Baugi. Hefur ekkert með lýðræði og réttlæti að gera, heldur bara snaggaraleg varnarviðbrögð.

Jón Ásgeir segist ætla að koma í veg fyrir að svona mál endurtaki sig og glaður skal ég halda áfram gera allt sem ég get til að styðja hann í því, en hann verður þá að læra að passa sig á Flokknum þótt mannleg ónáttúra búi auðvitað víða.

Þetta hefur verið döpur helgi. Hann Krummi, yngri sonur minn, er sorgbitinn. Góður vinur hans og félagi batt enda á líf sitt. Það er erfitt að kynnast sorginni og því hve lífið er veikur logi.



SAMSETT MYND

**MÁNUDAGUR, 30. JÚNÍ.**

## Ágætur bíll en ömurleg þjónusta

Það er ekki lítið á sig lagt við að selja fólki fokdýra bíla – en þegar kemur að því að halda þessu drasli gangandi kemur annað hljóð í strokkinn.

Allt í einu hætti hætti afturábak-gírinn á gamla BMW-inum okkar að virka. Umboðið segir að það sé hægt að fá tíma á verkstæðinu eftir hálfan mánuð til að gá að afturábak-gírnum.

Ef við gætum verið bíllaus í hálfan mánuð þyrftum við ekki að eiga bíl.



**ÞRIÐJUDAGUR, 1. JÚLÍ.**

## Borgarlestin hans Björns, snilldarhugmynd

Andri sonarsonur okkar var að koma heim úr Ævintýralandinu á Kleppjárnsreykjum og var ánægður með bæði dvölina og heimkomuna. Ég öfunda hann pínulítið af því að vera tíu ára og geta skroppið til Ævintýralands. Mitt ævintýraland í gamla daga var Vatnaskógur þótt allir yrðu bílveikir í rútunni sem flutti mann þangað.

Það er ekki glóra í eldsneytisverði lengur. Það er nokkuð ljóst að í borg eins og Stór-Reykjavík þarf fólk að komast á milli staða. Almenningssamgöngur verða að vera alvöruvalkostur, annars líta allir svo á að almenningssamgöngur séu bara handa geðfötluðum og fátækum. Á heimasíðu Björns Kristinssonar, verkfræðings hef ég verið að kynna mér snilldarhugmynd um Metró eða Borgarlest sem tengir saman hina ýmsu borgarhluta þannig að maður kemst leiðar sinnar hraðar en í einkabíl.

Til að komast á M-stöðvarnar þarf að hafa hringakstur um nágrenni þeirra, annaðhvort með litlum strætisvögnum, skutlum sem ganga ótt og títt ellegar þá með sporvögnum.

Borgarlesta-kerfi er langskynsamlegasta lausn sem ég hef nokkurn tímann séð á samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins. Þetta eigum við allt að knýja áfram með íslensku rafmagni og stinga olíupeningunum í eigin vasa.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er alfarið á móti því að sletta málningu á hús. En úr því að menn þurftu endilega að grípa til ólöglegra mótmælaaðgerða gegn einhverjum embættismanni finnst mér að þeir hafi þó allavega valið að skeyta skapi sínu á réttum aðila.

Af öllum þeim embættismönnum sem ég hef þurft að reyna að eiga samskipti við um dagana hef ég dapurlegasta reynslu af Magnúsi Sædal, byggingafulltrúa Reykjavíkur.

Þessari reynslu hef ég áður lýst; en þessi embættismaður setti kíkinn fyrir blinda augað og lét af einhverjum ástæðum byggingaraðila komast upp með að bæta sosum hálfum metra ofan á samþykktar teikningar af hótelinu sem nú stendur þar sem Hlaðvarpinn stóð áður.

Af hverju þessi embættismaður vanrækti skyldu sína í þessu tilviki og af hverju borgaryfirvöld, bæði vinstri- og hægri meirihluti, láta hann komast upp með það er og verður mér hulin ráðgáta. Því að það er ekki eins og ég hafi hylmt yfir þessu með honum.

Aumingjadómur eða spilling? Ég bara veit það ekki.

Til að porra sig upp og dreifa huganum frá ákúrum vegna forystu- og lánleysis þjóðarinnar brá forsætisráðherra undir sig betri fætinum og fór í dag í opinbera heimsókn til Ríkislögreglustjóra – væntanlega til að sýna flokksbróður sínum stuðning og velþóknun – og fékk að sjá flottasta einkennisbúning sem sést hefur á Íslandi síðan óperettusýningar duttu úr tísku.

Ef Napóleon sem háði allar sínar orustur í gráum frakka úr ullarvaðmáli hefði haft jafngóða klæðskera og Ríkislögreglustjóri finnst mér ólíklegt að hann hefði tapað orustunni við Waterloo.

Það getur verið að hérna á Íslandi séu heimóttarlegustu valdsmenn norðan Alpafjalla en því getur enginn neitað að þeir eru allra manna flottastir í tauinu.



SAMSETT MYND



SAMSETT MYND

**MIÐVIKUDAGUR, 2. JÚLÍ.**

## Skíttu-á-þig-rökfræðin

Björgvin G Sigurðsson, viðskiptaráðherra kemur fram með þá skynsamlegu yfirlýsingu að Sjálfstæðisflokkurinn verði að gera upp Evrópumálin fyrr en síðar og nú sé brýnna en nokkru sinni að undirbúa aðild að ESB.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir ráðherrann „varpa reyksprengjum" og undrast að hann „efni til ófriðar" í stjórnarsamstarfinu með þessum hætti.

Þetta er íslensk stjórnmálaumræða í hnotskurn. Einhver stingur upp á að eitthvað sé gert og fær það svar að hann sé að efna til ófriðar og varpa reyksprengjum. Svona þrætubók hét á götumáli „skítt'-á-þig"-rökfræði þegar ég var að alast upp – og var frekar til marks um barnslega trú á líkamlega yfirburði umfram andlega getu.

Stundum verð ég þreyttur á því þegar fábjánar tala til þjóðarinnar og þar með mín eins og við séum líka fábjánar – jafnvel þótt þeir hafi álpast inn á þing.

**FIMMTUDAGUR, 3. JÚLÍ.**

## Blind mannvonska lögreglurikisins

Í morgun sótti Krummi bílinn okkar á verkstæði B&L þar sem enga þjónustu var að fá fyrr en eftir dúk og disk og kom honum á verkstæði í neðanjarðarhagkerfinu.

Ekki veit ég hvort þjóðhagslegur sparnaður verður af þessu, en hitt veit ég að ég hyggst aðeins eiga lágmarks viðskipti við B&L í framtíðinni.

Jónas Kristjánsson segir í dag á jonas.is: „Paul Ramses er ættaður frá Kenía … var í gærmorgun tekinn fastur af lögreglunni og skyldi flytjast nauðugur úr landi í morgun. Enginn getur gefið skýringar á geggjun íslenzka kerfisins. Sýnir blinda mannvonzku lögreglurikisins, sem Björn Bjarnason og Haraldur Johannessen eru að byggja upp hér á landi. Auk skálkanna tveggja ber Ingibjörg Sólrún Gísladóttir einnig ábyrgð á glæpnum." „Skítt'-á-þig"-rökfræði handa byrjendum.


OPNUN Á VERKUM EFTIR CHARLIE STRAND Í MÁLI & MENNINGU

Charlie Strand mun árita og kynna nýútkomna bók sína, Project Iceland, í Máli og Menningu á laugardag klukkan 15:00.

Bókin samanstendur af fróðleik og myndum af helstu samtímalistamönnum Íslands á sviði tónlistar, myndlistar og tísku. Þar á meðal er fjallað um Amiina, Sigur Rós, Múm, Unnur Andrea, Siggi Eggertsson, Ásdís Sif, Mugison, Egill Snæbjörnsson, Starkiller og marga fleiri. Léttar veitingar verða á boðstólnum.




- Opið til kl. 22.00 öll kvöld. Verið velkomin í Mál & menningu!

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

# Tilboðsdagar

30% afsláttur
af öllum vörum
í Habitat
Holtagörðum



Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði
Opið 10-19 mán-fös, 10-18 lau og 13-18 sun. **Te & Kaffi** opið alla daga.

habitat

**GEORGES POMPIDOU FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1911**

*„Það eru til þrjár leiðir til glötunar; konur, fjárhættuspil og tæknimenn. Sú ánægjulegasta er með konum, sú fljótlegasta er með fjárhættuspili en sú öruggasta er með tæknimönnum.“*

***Georges Pompidou var forseti Frakklands frá 1969 til dánardags 1974. Pompidou-safnið er nefnt eftir honum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 5. JÚLÍ 1986

## *Frelsisstyttan afhjúpuð á ný*



Það var þennan dag fyrir 22 árum að Nancy Reagan, þáverandi forsetafrú Bandaríkjanna, klippti á fánalitaða borða við Frelsisstyttuna í New York eftir allsherjar upplyftingu og endurbætur á hundrað ára afmæli styttunnar. Frelsisstyttan var gjöf frönsku þjóðarinnar til þeirrar bandarísku árið 1886. Hún stendur á Frelsiseyju og fagnar hverjum þeim gesti, innflytjanda og heimamanni sem kemur vestur um haf.

Það var myndhöggvarinn Frédéric Auguste Bartholdi sem skóp styttuna, en Alexendre Gustave Eiffel, hönnuður Eiffelturnsins í París, hannaði byggingu og burðarverk styttunnar vestra. Hún er gerð úr gegnheilum kopar og stáli og nær 93 metra upp í loft á stalli sínum. Frelsisstyttan er þekktasta kennileiti Bandaríkjanna og var fram að þotuöld eitt það fyrsta sem mætti milljónum innflytjenda eftir langa sjóferð frá Evrópu.

Árið 1983 ákvað kreditkortafyrirtækið American Express að ánafna einu pennííi af hverri færslu til endurgerðar á styttunni. Alls söfnuðust 1,7 milljónir dala til verksins og árið 1984 var Frelsisstyttunni lokað svo 62 milljóna dala endurbætur gætu hafist. Verkamenn byggðu rammgerða vinnupalla utan um styttuna svo hún hvarf sjónum almennings allt til opnunar á ný 5. júlí 1986.

## MERKISATBURÐIR

**1643** Fyrsti hvirfilbylur í Bandaríkjunum skrásettur.

**1841** Thomas Cook opnar fyrstu ferðaskrifstofuna.

**1846** Helgi G. Thordersen vígður biskup yfir Íslandi.

**1865** Fyrstu lög veraldar um hámarkshraða sett á Bretlandi.

**1943** Bandarískur innrásarher siglir 96 herskipum til Sikileyjar á Ítalíu.

**1983** George Bush, þáverandi varaforseti Bandaríkjanna, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.

**1983** Kona í Virginíu fæðir barn 84 dögum eftir að hafa verið úrskurðuð heiladáin.

**1989** Rod Stewart fær höfuðhögg og rotast á tónleikum.



MYND/VALGEIR BACKMAN

**VIÐ VIGDÍSARHÚS** Hér stendur Guðmundur Ármann Pétursson, forstöðumaður Sólheima, við fagurt gluggahorn í Vigdísarhúsi.

**SÓLHEIMAR Í GRÍMSNESI:** VIGDÍSARHÚS VÍGT Í TILEFNI AF 78 ÁRA AFMÆLI

# Gott fólk laðar að sér góða

Í dag verður mikið um dýrðir á Sólheimum í Grímsnesi þegar Vigdísarhús verður blessað og tekið í notkun á 78 ára afmæli Sólheima.

„Við tókum ákvörðun um að nefna húsið eftir frú Vigdísi Finnbogadóttur. Vigdís hefur alla tíð verið einstakur velvildarmaður Sólheima og reynst samfélaginu feikilega vel; gaf meðal annars eftirstöðvar kosningasjóðs síns á sínum tíma til eflingar starfsemi Sólheima. Hún kemur reglulega til að eiga með okkur stund og þær stundir eru okkur virkilega kærar. Að eiga vináttu frú Vigdísar og herra Sigurbjörns Einarssonar eru hrein og klár forréttindi,“ segir Guðmundur Ármann Pétursson forstöðumaður Sólheima, en frú Vigdís opnar húsið formlega klukkan 15.30 og Sigurbjörn biskup flytur húsblessun.

„Fáir núlifandi Íslendingar hafa komið reglulega að Sólheimum í jafn langan tíma og Sigurbjörn biskup. Hann kom hingað fyrst sem ungur guðfræðingur og hefur allar götur síðan látið sig samfélag Sólheima varða og sýnt því fádæma tryggð.“

Vigdísarhús leysir af hólmi úrelta þjónustubyggingu frá árinu 1970.

„Vigdísarhús er dásamleg smíð, alls 840 fermetrar og verður önnur af höfuðbyggingum Sólheima. Arkitektinn Árni Friðriksson hefur teiknað allar megin byggingar hér síðustu tvo áratugi og hans vegna er eitt af sérkennum byggðarinnar heildstætt og fallegt yfirbragð,“ segir Guðmundur Ármann sem hlakkar til að nýta húsið í daglegu lífi á Sólheimum.

„Í Vigdísarhúsi verður mötuneyti þar sem íbúar geta borðað saman við bestu aðstæður, matvinnsla, skrifstofur og bakarí. Við höfum í mörg ár fiktað við bakstur en opnum nú bakarí sem vinnustað til að baka fyrir okkur sjálf, mötuneytið og búðina,“ segir Guðmundur Ármann, búsettur á Sólheimum í 20 ár, þar af sem forstöðumaður síðastliðin þrjú ár.

„Í fyrsta hópnum fyrir 78 árum voru sjö börn og búið í tjöldum. Í dag er hér lítið þorp með fjölbreyttri flóru íbúa, þar af 43 fatlaða einstaklinga. Við vinnum líka með Fangelsismálastofnun í að gera fanga að hæfari mönnum áður en þeir losna úr fangelsi; með Vinnumálastofnun í þjálfun fólks sem hefur lengi verið að kljást við atvinnuleysi og bjóðum fólki með erfiða sjúkdóma að koma hingað til hressingardvalar í samstarfi við Bergmál,“ segir Guðmundur Ármann um einstakt samfélag Sólheima þar sem ríflega hundrað manns hafa fasta búsetu. „Það eru alltaf forréttindi að búa með góðu fólki og á Sólheimum býr bara gott fólk. Okkur hefur farnast vel með að búa til samfélag þar sem aðgreining er lítil sem engin á milli hópa. Í íslensku þjóðfélagi hefur aðgreining aukist mjög, hvort sem um fatlaða, geðfatlaða, aldraða eða aðra hópa er að ræða. Aðgreining er kjánaleg og hefur engan tilgang. Þegar maður lifir í umhverfi sem þessu fer einstaklingurinn einn að skipta máli og fötlun verður aukaatriði. Þess vegna er heilbrigt fyrir ófatlaða að horfast í augu við þá staðreynd að minnihlutahópar hafa sitt að segja og byggja samfélag sitt á öðrum, en alls ekki ómerkilegri, gildum. Í því felst jafnrétti að þeir hafi tækifæri til að koma fram á sínum forsendum og það dýpkar skilning hins ófatlaða á aðstæðum fatlaðra. Af því hlýst sá lærdómur að ekki er sjálfgefið að laga sig að samfélagi meirihlutans.“

Allir eru velkomnir að Sólheimum í dag, eins og ævinlega. Ólöf Arnalds heldur tónleika í Sólheimakirkju kl. 14. Á morgun er guðsþjónusta í Sólheimakirkju kl. 14 þar sem Garðar Cortes syngur einsöng og Styrmir Gunnarsson flytur predikun. **thordis@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Guðmundsson**

Sléttuvegi 23, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans, föstudaginn 4. júlí 2008.

**Dagbjört Ólafsdóttir**
**Svanbjörg Gísladóttir** **Jón Hansson**
**Ester Gísladóttir**
**Viðar Gíslason** **Kristín S. Svavarsdóttir**
**Þórir Gíslason** **Sigrún Hinriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og stjúpfaðir,*

**Hilmar Jóhannesson**

rafeindavirkjameistari,
Brekkugötu 19, Ólafsfirði,

sem lést þriðjudaginn 24. júní síðastliðinn á Sjúkrahúsinu á Akureyri, verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju þriðjudaginn 8. júlí klukkan 14.00.

**Hrafnhildur Grímsdóttir**
**Jóhann G. Hilmarsson** **Anne Irmeli Turunen**
**Haukur Hilmarsson**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jón Ármann Jakobsson Pétursson**

Tæknifræðingur, Kringlunni 17,

lést á gjörgæsludeild Landspítala fimmtudaginn 26. júní. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 7. júlí kl. 15.00

**Hafdís Einarsdóttir**
**Pétur H. Jónsson** **Oddný Þ. Óladóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Arnór H. Arnórsson**
**Einar Þór Jónsson** **Gina Jónsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls eiginkonu minnar, mömmu, tengdamömmu, ömmu og langömmu,*

**Elínar Jóhönnu Guðlaugsdóttur Hannam.**

**Ralph Th. Hannam**
**Vilhjálmur Leifur Tómasson Hannam**
**Sólveig Hannam** **Árni Ólafur Lárusson**
**Júlía Hannam** **Ragnar Þ. Ragnarsson**
**Elísabet Hannam** **Örn Helgason**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Guðlaugsdóttir**

Víðilundi 24, Akureyri,
(áður í Hafnarstræti 33),

lést miðvikudaginn 2. júlí á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

**Margrét Þórhallsdóttir** **Karl Eiríksson**
**Þórhalla Þórhallsdóttir** **Hjörtur Hjartarson**
**Valdimar Þórhallsson** **Inga Hjálmarsdóttir**
**Gylfi Þórhallsson**
**Eyþór Þórhallsson** **Margrét Sigurðardóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Önnu Jóhannesdóttur**

Hóli við Dalvík.

Guð blessi ykkur öll.

**Jóhannes Markússon**
**Svanhildur Karlsdóttir** **Hallgrímur Tómasson**
**Sigurbjörg Karlsdóttir** **Friðrik Þórarinsson**
**Þorleifur Karlsson** **Sigurbjörg Einarsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**




ENNEMM / SÍA / NM34391 / Ljósm. Gunnar Sverrisson

**Te & Kaffi** opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga**

# Tók sjálf á móti syninum

Þegar ljósmóðirin **Ann Lönnblad** átti von á sínu þriðja barni var hún harðákveðin í að fæða heima enda áhugasöm um náttúrulegar fæðingar. Staðsetningin var ekki það eina óvenjulega við fæðinguna heldur tók Ann að auki sjálf á móti barninu. ***Þórgunnur Oddsdóttir*** hitti Ann og ræddi við hana um þessa óvenjulegu reynslu.

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að konur kjósi að fæða börn sín heima. Ann hafði alltaf látið sig dreyma um slíka fæðingu en átti þó eldri dætur sínar tvær á sjúkrastofnunum. Það var ekki fyrr en Bjarki litli kom í heiminn fyrir tæpu ári síðan að heimafæðing varð að veruleika.

„Þegar ég gekk með eldri dóttur okkar, hana Sunnevu, langaði mig óskaplega að fæða heima. Á þessum tíma var vinkona mín, Anna Rut Sverrisdóttir ljósmóðir, að mæla með vatnsfæðingum og það varð úr að ég átti Sunnevu í heitum potti á sjúkrahúsi Suðurnesja. Það var ósköp notalegt og heimilislegt en samt ekki eins og að vera heima,“ segir Ann. Ann hefur verið búsett í Svíþjóð ásamt manni sínum, Inga, í átta ár og þar eru tvö yngri börnin fædd. Það var einmitt þegar miðbarnið Íris kom í heiminn sem Ann varð harðákveðin í að næst skyldi hún fæða heima hjá sér. „Ég ákvað að eiga Írisi á einkastofu í Svíþjóð þar sem lögð er áhersla á náttúrulegar fæðingar. Á þeim tíma var lítið talað um heimafæðingar í Svíþjóð og ég hafði litla þekkingu á því að það væri yfir höfuð hægt að fæða heima. Á þessari einkastofu var hins vegar lögð áhersla á að allt væri sem eðlilegast og það leist mér vel á. Ég vildi fá að ráða ferðinni sjálf og hafa þetta eins náttúrulegt og kostur var. Ég var mjög róleg þegar ég fékk fyrstu hríðirnar og fór svolítið seint út úr húsi því mér leið best heima. Þegar ég svo kem út í bíl fæ ég harðar rembingshríðir. Það var mjög óþægilegt að vera stödd úti á hraðbraut og geta ekki stjórnað aðstæðunum. Eftir þetta var ég staðráðin í að næst ætlaði ég alls ekki að lenda í slíkum aðstæðum heldur bara vera heima hjá mér þar sem ég gæti verið örugg, róleg og afslöppuð.“

**Draumafæðingin**

Þegar von var á Bjarka var Ann búin að ljúka námi í ljósmóðurfræðum og hafði starfað sem slík á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi um nokkurt skeið. „Þá hafði ég allt aðra þekkingu en í fyrri skiptin og var búin að ákveða fyrirfram að fæða heima ef allt yrði með felldu og reyna að taka sjálf á móti barninu,“ segir hún. Þótt vinsældir heimafæðinga fari vaxandi er afar fátítt að konur taki sjálfar á móti börnum sínum. Ann var heldur ekki alveg ein því með henni í fæðingunni voru eiginmaðurinn, eldri dæturnar tvær, vinkona Ann, ljósmyndari og tvær ljósmæður.

„Ljósmæðurnar voru alveg dásamlegar. Þær höfðu beðið mig um að skrifa niður í bréf til þeirra lýsingu á draumafæðingunni annars vegar og martraðarfæðingu hins vegar. Ég sagði í draumafæðingunni að ég vildi taka sjálf á móti undir vökulum augum þeirra og þeim fannst það ekkert mál þar sem ég er ljósmóðir sjálf,“ segir Ann.

Daginn sem Bjarki fæddist var mikið um að vera á heimili Ann og Inga. Amerískum fæðingarpotti hafði verið komið fyrir í stofunni og allt var til reiðu. „Ég byrjaði að finna fyrir ónotum um miðnættið og snemma um morguninn hringdi ég í ljósmæðurnar og lét þær vita,“ segir Ann sem hafði það síðan rólegt heima hjá sér allan daginn. Vinkona hennar kom til að hafa ofan af fyrir börnunum og fjölskylduvinurinn Robert Peterson ljósmyndari kom með myndavélina sína og festi atburðarásina á filmu. „Mér fannst frábært að vera heima og bjó til ákveðnar stöðvar í íbúðinni. Í einu barnaherberginu var ég með grjónapúða, svefnherbergið notaði ég til að hvíla mig og á salerninu fékk ég að vera alveg í friði. Ég var svolítið í mínum eigin heimi í verkjunum. Var í jóga, dansaði um íbúðina, hvíldi mig og leið vel. Konur verða svolítið frumstæðar í fæðingunni og þannig á það líka að vera. Maður þarf að leita inn á við, einbeita sér og láta umhverfið ekki trufla sig.“

> ” Mér finnst svo mikilvægt að fæðingin sé jákvæð upplifun fyrir konur, sérstaklega nú þegar konur eignast fá börn.

Ann fylgdist sjálf með útvíkkuninni og var í sambandi við ljósmæðurnar fram eftir degi. Hún notaði engin deyfilyf en segir að jóga og rétt öndun hafi reynst henni vel. „Svo þegar verkirnir fóru að herðast fór ég í pottinn. Vatnið er verkjastillandi svo mér leið vel,“ útskýrir hún. Ljósmæðurnar komu síðan um klukkan sex og rúmum hálftíma síðar var Bjarki kominn í heiminn.

„Þetta var ótrúleg reynsla. Þar sem ég er ljósmóðir vissi ég alltaf nákvæmlega hvar barnið var statt. Ég fann hvernig hann skrúfaði sig ofan í grindina og svo kom hann í heiminn bara alveg eftir bókinni. Það var sérstakt að geta stjórnað þessu svona alveg sjálf. Þegar höfuðið kom út sneri hann sér á hægra lærið og ég var alveg harðákveðin í að núna ætlaði ég að taka á móti barninu en vissi ekki alveg í hvaða stellingu ég ætti að vera. Þegar kollurinn var kominn fram studdi ég hendinni létt á hann og þreifaði eftir naflastrengnum. Svo fann ég axlirnar koma, tók á móti barninu og stýrði honum rólega upp úr vatninu, Sneri honum á magann og byrjaði að strjúka honum og örva og þurrka slím úr vitunum sem er nokkuð sem ljósmóðir myndi gera í venjulegri fæðingu. Það var ekki fyrr en ég spurði „hvað á ég að nudda lengi“ sem ljósmæðurnar stóðu upp og fóru að hjálpa mér annars höfðu þær bara setið rólegar og fylgst með öllu,“ segir Ann og bætir því við að hún hafi ekki einu sinni aðgætt hvers kyns barnið var strax. „Það var ekki fyrr en Sunneva, eldri dóttir okkar, hrópaði „sjáið, hann er með typpi“ sem ég áttaði mig á því.“

**Heimilisleg stemning**

Ann segir að stemningin í húsinu hafi verið dásamleg meðan á þessu öllu stóð. „Þetta var svo heimilislegt og eðlilegt. Stelpurnar hlupu inn og út enda var yndisleg sumarblíða þennan dag, ljósmyndarinn vinur okkar tók til kvöldmat svo við gátum borðað saman örstuttu eftir að barnið var fætt og allir nágrannarnir fylgdust með úr fjarlægð. Gömul nágrannakona okkar kom með heimabakaða snúða handa börnunum. Þetta var sérstök og skemmtileg stemning og ekkert af þessu truflaði mig, ég var alveg í mínum heimi, hlustaði bara á líkamann og skeytti ekki of mikið um það sem var að gerast í kringum mig,“ segir Ann. Hún bætir því líka við að eftir að barnið fæddist hafi mikill hátíðleiki ríkt í húsinu. „Þetta var allt öðruvísi en ég upplifði það í hin tvö skiptin. Svo fæddi ég fylgjuna hjálparlaust og það var svolítið mögnuð stund líka,“ segir Ann.

Systurnar Sunneva, sem þá var 8 ára, og Íris, 4 ára, fylgdust með fæðingunni og stóðu sig að sögn móður þeirra afar vel. „Þær hefðu aldrei fengið að vera viðstaddar á sjúkrahúsinu. Ljósmæðurnar mínar sögðu að yfirleitt væru eldri systkini viðstödd heimafæðingar enda væri þetta eðlilegur atburður sem ekki ætti að gera að einhverju feimnismáli. Við hugsum svona hluti of oft út frá sjónarhóli fullorðinna. Börnunum þótti þetta bara spennandi og þær voru ekkert hræddar. Þær fundu að



**SÆL MÆÐGIN** Sonurinn Bjarki dafnar vel. Þann 8. ágúst næstkomandi verður eitt ár síðan móðir hans tók á móti honum í stofunni heima.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**RÉTTU HANDTÖKIN** Ann tók sjálf á móti drengnum og tók hann upp úr vatninu.
MYND/ROBERT PETERSON



**STÓR STRÁKUR** Fæðingin gekk vel þótt Bjarki væri stór en hann vóg 4.700 grömm við fæðingu.

**KÍKT Í KAFFI**
Á sumrin eru kaffihlaðborð haldin út um allt land, jafnt á virkum dögum sem og um helgar.
FERÐIR 2





**LITRÍKT ÚR LOPA**
Íslenskar ullarvörur eru alltaf jafn vinsælar og bæði erlendir ferðamenn og Íslendingar kaupa mikið af þeim.
TÍSKA 4





# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ













Anna Guðný með jeppann góða sem er í stærri kantinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fordinn enginn smábíll

***Anna Guðný Tryggvadóttir nemi ferðast ekki á neinum smábíl heldur risastórum Ford 150-jeppa sem mætti kalla tryllitæki.***

Anna Guðný og kærastinn eru mikið áhugafólk um mótorkross og eiga hvor sitt hjólið og því kemur jeppinn sér afar vel.

„Við fengum okkur bílinn í fyrrasumar og hann hefur sannarlega staðið fyrir sínu. Við höfum farið víða með hjólin en bíllinn var eiginlega fyrst og fremst keyptur til þess að flytja mótorhjólin okkar," segir Anna Guðný.

Allir þeir sem sjá svona stóran jeppa hljóta að hugsa til bensínverðsins, sem er nú í sögulegu hámarki á Íslandi, en Anna Guðný hefur sína skoðun á þeim málum. „Jú, vissulega hefur maður fundið fyrir því en ég læt það ekkert skemma fyrir. Það er algjört himnaríki að keyra þennan bíl og þægindin eru vel til staðar. Hann vekur mikla athygli og ég óttast stundum að fólk keyri á þegar ég kem akandi framhjá."

Anna Guðný hefur ferðast víða á bílnum um landið og mun halda því ótrauð áfram í sumar. „Ég hef farið í svo margar ferðir að ef ég ætlaði að telja þær upp þyrfti heilt Fréttablað undir það. Það er svo þægilegt að ferðast á þessum bíl um landið en ef ég ætti að finna einn galla við bílinn þá væri það að finna bílastæði í miðbæ Reykjavíkur," segir Anna Guðný sem er stoltur jeppaeigandi.

*mikael@frettabladid.is*




Þjónustustjóri í fyrirtækjainnheimtu

365 miðlar leita að starfsmanni í fullt starf í fyrirtækjainnheimtu.

Helstu verkefni felast í úthringingum og samskiptum við viðskiptamenn. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund, vera jákvæður og samviskusamur.

Umsóknarfrestur er til 13. júlí en sótt er um á vef 365 miðla - http://www.365midlar.is/Um-365/Storf-hja-365.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Lára Pétursdóttir á margretl@365.is.

2 2 SPORT BYLGJAN 989 FRÉTTABLAÐIÐ vísir.is 365



**Bækur** eru nauðsynlegar í öll ferðalög. Hvort sem er í bíl eða flugvél er gott að hafa góða bók með sér til að glugga í.

UPPLIFÐU FERÐALAGIÐ MEÐ OKKUR!
*EXPERIENCE YOUR TRAVELS WITH US!*

## ST. JOHN'S - LAPPLAND - SVISS

**St. John's - Kanada**

28 okt. - 3. nóv.

Erum byrjuð að bóka í vinsælu haustferðina til St. John's, höfuðborgar Nýfundnalands í Kanada.
Beint síðdegisflug (3-3,5 klst) og gist á góðum hótelum.

Verðdæmi á mann m.v. tvo í herbergi á Holiday Inn (flug, skattar, gisting og fararstjórn - 5 nætur) kr. 77.900,-





**Lappland - Norður Noregur**

5. - 12. sept.
Einstakt tækifæri til að kynnast finnska Lapplandi og norður Noregi.
Þægileg rútu- og skoðunarferð í fegurstu haustlitum. Farið um Inarihéraðið, Finnmerkurheiðarnar, Nordkap, Hammerfest og Alta. Tvær nætur í Helsinki.
Gist á góðum hótelum - mikið innifalið.

Fararstjóri: Kristján M. Baldursson.
Verð kr. 164.300,-

**Beint flug til Sviss**

Beint vikulegt flug til Genfar, allar helgar til 10. ágúst og Zürich til 16. ágúst

Verð fram og til baka með sköttum frá kr. 39.400,-

Afsláttarkjör fyrir 25 ára og yngri í þessi flug.



**Bókanir og frekari upplýsingar á trex.is og í síma 587 6000**

Hópferðamiðstöðin Vesttravel
TREX Travel Experiences

Hesthals 10, Reykjavík SÍMI/TEL 587 6000 FAX 567 4969 E-MAIL info@trex.is URL trex.is

# Randalínur og hnallþórur

***Sumarið er tími sunnudagsbíltúra og þeir sem vilja njóta góðra veitinga geta elt kaffihlaðborðin í sumar um allt land.***



Flatbrauð með hangikjöti er klassískt á kaffihlaðborðið.

Íslensk kaffihlaðborð eins og þau gerast best með hnallþórum og randalínum, er að finna víða um landið um helgar í sumar. Hvort sem rignir eða sólin skín í heiði er gott að fá sér kakóbolla og tertusneið, flatbrauð með hangikjöti eða sykraðar pönnukökur. Hér eru einungis nefnd nokkur þeirra hlaðborða þar sem hægt verður að raða í sig í sumar.

Sunnudaginn 6. júlí verður kaffihlaðborð á Hótel Djúpavík þar sem hægt verður að fá sér sykraðar pönnukökur og dýrindis tertur. Einnig á sunnudaginn 6. verður boðið upp á kökur, kaffi, skemmtidagskrá og listaverkauppboð á Hótel Glym í Hvalfirði.

Í Menningar- og sögusetrinu Skriðuklaustri í Fljótsdalshreppi eru kaffihlaðborð alla daga í sumar á Klausturkaffi. Lista- og Menningarverstöðin Hólmaröst á Stokkseyri býður upp á kaffihlaðborð og Hafið Bláa við ósa Ölfusár heldur úti kaffihlaðborði alla daga.



Norðan heiða verða sælkerar ekki sviknir um rjómaterturnar en til dæmis er boðið upp á kaffihlaðborð alla sunnudaga á Kiðagili í Bárðardal og tilvalið að stoppa þar á leiðinni suður yfir Sprengisand. Á Engimýri í Öxnadal eru einnig kaffihlaðborð alla sunnudaga.

*heida@frettabladid.is*



Í Skriðuklaustri verða kaffihlaðborð í allt sumar.



# FJALLAHJÓLA DAGAR

**Komdu í GÁP laugardaginn 5. júní og keyptu Mongoose fjallahjól. Í kaupbæti færðu ársskírteini Íslenska Fjallahjólaklúbbsins auk 15% afsláttar af Mongoose fjallahjóli sem skírteinið veitir þér.**

**Aðilar frá Íslenska Fjallahjólaklúbbnum verða á staðnum og veita upplýsingar.**



GÁP
**WWW.GAP.IS**
**FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7**
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-14

cannondale
MONGOOSE
IFHK Íslenski Fjallahjólaklúbburinn

# Ferðast í huganum heima

***Þótt kreppi að er ástæðulaust að leggja árar í bát er kemur að ferðalögum fjölskyldunnar því hugur ber mann hálfa leið.***

Sumarið er tími samveru, frídaga og gleðistunda. Sumarfrí kallar á dagamun og virka söfnun minninga, en minna er um auraráð nú en áður til ferða innanlands og utan. Þá reynir á hugmyndaflugið að gera hvern dag að ævintýri; ekki síst fyrir börnin sem hlakkað hafa til frítíma og sumarfjörs með sínum nánustu. Hér gefast hugmyndir sem auðvelt er að framkalla heima og gefa alvöru ferðalögum ekkert eftir þegar kemur að skemmtilegheitum og ógleymanlegum stundum.

*thordis@frettabladid.is*



Allir elska tjaldútilegur en bensíndropinn er orðinn svo dýr að fólk fer ekki lengra en út í garð þegar búið er með bensínkvóta vikunnar. Tjöldum samt fyrir börnin heima í stofu eða úti í garði, grillum sykurpúða yfir eldi, setjum fuglasöng og lækjarnið undir geislann í spilaranum og hleypum lífi í dýrabrúður undir hlýjum roða tjaldhiminsins. Útkoman verður besta útilega fjölskyldunnar. MYNDIR/GETTY



Egyptaland heillar ungar grúskarasálir, enda leyndardómsfullt og spennandi. Vegna áhrifa Indiana Jones er það heitasti viðkomustaður sumarsins, en nú er víst hægt um för. Til að skapa egypsk áhrif heima er hægt að bera fram krydduð te í litríkum teglösum, grafa fjársjóði og fornmuni úti í garði, klæða mannskapinn í hatta, skyrtur og ljósar kakíbuxur, kynda vel upp í kotinu, útbúa leiðarvísa og bera fram eitthvað óvænt í múmíuhylki.

Ólympíuleikarnir í Kína munu vart fara framhjá neinum í sumar og þótt gaman hefði verið að hvetja okkar fólk í stúkum Peking-borgar er óþarfi að láta kínversku stemninguna lönd og leið. Hengjum upp kínverskar luktir, skásetjum augun með augnmálningu, lesum kínversk ævintýr, borðum núðlur með prjónum og gerum okkur glaðan dag með spádómskökum.






Sól, sjór og strandlíf eru ofarlega á óskalista barna, en nú rænir svimandi hátt flugvélaeldsneyti og veikt gengi krónunnar yngstu kynslóðir lýðveldisins þeirri upplifun að fara til sólarlanda. Í sárabætur er hægt að fylla busllaug af söltu vatni, sturta hlassi af sandi og skeljum í kring á stofugólfið, útbúa sumarlega kokkteila, spila tónlist frá Miðjarðarhafinu og móta saman æðislegan verðlaunakastala.



Náttúrufegurðin er mikil í Grímsnesi og gaman að ganga um svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Gengið á þrjú fjöll

***Skipulagðar gönguferðir undir leiðsögn eru víða farnar um land nú í sumar.***

Gengið verður á þrjú fjöll í Grímsnesi, sunnudaginn 6. júlí, undir leiðsögn Páls Guðmundssonar. Ferðafélag Íslands stendur fyrir ferðinni en gengið verður á Hestfjall, Vörðufell og Búrfell í Grímsnesi.

Áhugasamir skulu mæta í Mörkina 6 klukkan 8, þaðan sem ekið verður í rútu austur fyrir fjall. Stoppað verður í kirkju í stutta sunnudagsmessu og að lokinni göngu verður snæddur kvöldverður í Þrastarlundi.

Þátttökugjald verður í ferðina en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Ferðafélags Íslands, www.fi.is *- rat*




BÍLALEIGUBÍLAR
SUMARHÚS Í DANMÖRKU

**Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.**

Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. ( Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter
**Sumarhús**

Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Lalandia

**LALANDIA - Rødby**
Lágmarksleiga 2 dagar.

**LALANDIA - Billund**
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku

Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745



# Síðustu sætin í sólina í sumar!

## Fjöldi brottfara uppseldur!

Tryggðu þér sæti – bókaðu strax!

**Frá 39.990 kr.** Fuerteventura



Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku. Stökktu tilboð 1. júlí.

8. júlí - UPPSELT
15. júlí - örfá sæti
22. júlí - 9 sæti
29. júlí - 33 sæti
5. ágúst - örfá sæti
12. ágúst - laus sæti

**Frá 29.990 kr.** Benidorm



Netverð á mann, m.v. 2-4 saman í íbúð. Stökktu tilboð í viku 9. júlí.

9. júlí - UPPSELT
16. júlí - UPPSELT
23. júlí - 17 sæti
30.júlí - UPPSELT
6. ágúst - 16 sæti
13. ágúst - örfá sæti
20. ágúst - UPPSELT

**Frá 49.990 kr.** Króatía



Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð 27. júlí.

6. júlí - UPPSELT
13. júlí - UPPSELT
20. júlí - UPPSELT
27. júlí - 13. sæti
3. ágúst - 11 sæti
10. ágúst -örfá sæti

**Frá 39.990 kr.** Rhodos



Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku. Stökktu tilboð 19. eða 26. júlí.

19. júlí - 10 sæti
26. júlí - örfá sæti
2. ágúst - UPPSELT
9. ágúst - 18 sæti
16. ágúst - örfá sæti
23. ágúst - örfá sæti
30.ágúst - UPPSELT

**Frá 39.990 kr.** Mallorca



Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð 9. júlí eða 2. júlí m.v 2-4 saman í íbúð.

9. júlí - örfá sæti
16. júlí - UPPSELT
23. júlí - örfá sæti
30. júlí - UPPSELT
6. ágúst - örfá sæti
13. ágúst - örfá sæti

**Frá 17.000 kr.** Montreal - Kanada



Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum, m.v. 29. júní, 4., 11. og 18. júlí.

11. júlí - 19 sæti
18. júlí - UPPSELT
25. júlí - örfá sæti
1. ágúst - 14 sæti
8. ágúst - 12 sæti

**Frá 34.990 kr.** Costa del Sol



Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð 3. eða 10. júlí í viku.

10. júlí - örfá sæti
17. júlí - 10 sæti
24. júlí - örfá sæti
31. júlí - UPPSELT
7.. ágúst - UPPSELT
14. ágúst - örfá sæti

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099



**Sólgleraugu** eru fylgihlutur sem flestir nota til varnar sólargeislunum eða bara upp á stílinn. Flott sólgleraugu geta gert mikið fyrir útlitið.


STÓRÚTSALA

Fallegir jakkar • Úlpur • Kápur

20-70%
afsláttur

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518


# Smart í lopa

***Erlendir ferðamenn eru ekki aðeins spenntir fyrir íslenskri náttúru. Ullarvörurnar okkar eru einnig mjög vinsælar og mikið er keypt af þeim.***

Verslanir sem sérhæfa sig í fatnaði og öðrum varningi fyrir ferðamenn eru margar. Margt er að finna í þessum búðum og úrvalið oft alveg ótrúlegt. Hinn íslenski lopafatnaður er virkilega fjölbreyttur enda vinsæll bæði hjá erlendum ferðamönnum og okkur hinum.

*klara@frettabladid.is*



Frá íslenska fyrirtækinu Varma voru að koma girnilegar peysukápur með belti. Íslendingar jafnt sem erlendir ferðamenn hafa sýnt þeim mikinn áhuga. Þær fást í nokkrum litum og þessi kostar 12.370 krónur hjá Thorvaldsens Bazar en allur ágóði verslunarinnar rennur til góðgerðamála.



Bolero-peysurnar frá Varma eru nýjar og hafa runnið út eins og heitar lummur. Hjá Thorvaldsens Bazar fást þær í nokkrum litum og kosta 3.980 krónur.



Þessi fallega ullarpeysa frá Sirri fæst í Viking-búðinni og kostar 12.980 krónur.



Fyrirtækið Sirri hefur hannað margar flíkur sem eru afar vinsælar hjá bæði Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Þessi ullarkjóll er engin undantekning. Hann fæst í Víking-búðinni í Hafnarstræti og kostar 15.990 krónur.



Þessi svarti jakki úr soðinni ull frá Icelandic Design sló í gegn hjá ferðamönnum í fyrra og er enn mjög vinsæll. Hann fæst í rauðu og svörtu og kostar 23.900 krónur. Einnig er hægt að fá vesti í sama stíl, í grænu og svörtu, og kosta þau 18.900 krónur. Þessar flíkur fást í Rammagerðinni í Hafnarstræti.



Þessi jakkapeysa frá Sirri hefur verið mjög vinsæl meðal ferðamanna undanfarið. Hún fæst í Víking-búðinni í Hafnarstræti og kostar 24.900 krónur.


NÝTT!
Lögin beint inn í iTunes og á iPod

Fyll'ann takk!



Vertu tilbúinn **í sumarfríið!**

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

Tónlist.is




Sarah Jessica Parker vissi ekki betur en hún væri bæði að frumsýna kjól og mynd á frumsýningarkvöldi Sex and the City. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Lauren Santo Domingo var í kjólnum áður en Sarah klæddist honum.

# Rifist yfir kjólnum

***Sarah Jessica Parker frumsýndi ekki kjól frá Ninu Ricci eins og hún hafði ætlað sér.***

Mikið fár var í kringum frumsýningu kvikmyndarinnar Beðmál í borginni og voru kjólar leikkvennanna þar ekki undanskildir. Hönnuðir börðust um að fá að klæða konurnar fyrir stóra kvöldið og valdi Sarah Jessica Parker Ninu Ricci í verkið.

Sarah komst hins vegar að því nokkru eftir frumsýninguna að hún var ekki fyrst til að klæðast kjólnum opinberlega og varð „fyrir miklum vonbrigðum“ með uppgötvunina. Það var stuðpían Lauren Santo Domingo sem hafði klæðst kjólnum í fylgd yfirhönnuðar Ninu Ricci á rauða dreglinum nokkru áður. Sarah var óánægð með að hafa ekki verið látin vita af þessu en talsmenn Ninu Ricci sögðust ekki hafa talið Lauren nógu mikla stjörnu til að það skipti máli.

*- mþþ*


vera




vera
Laugavegi 49



allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



**Ford Fiesta** er meðal þeirra bíla sem tilnefndir eru til heiðurstitilsins Bíll ársins 2009 í Evrópu. Meðal annarra tilnefndra eru Ford Kuga, Audi A4, BMW X6 og Renault Mégane.

# Í sátt við umhverfið

***Bílaleigan Hertz hefur á sínum snærum þrjá vetnisbíla sem eru leigðir út til viðskiptavina. Vetnisbílar eru sérlega umhverfisvænir og útblástur þeirra er gufa.***

Bílaleigan Hertz hóf að leigja vetnisbílana út í nóvembermánuði síðastliðnum. „Hvatinn er þetta vetnisverkefni sem hefur verið í gangi síðustu ár. Nýorka hefur séð um að stýra þessu verkefni og þá helst Jón Björn Skúlason. Hann hafði samband við okkur í Hertz í aðdraganda þess að reynt var að gera magnkaup á vetnisbílum inn til landsins,“ segir Hreinn Sigmarsson, flotastjóri hjá bílaleigunni Hertz.

Þegar Nýorka hafði samband við Hertz var fyrirtækið komið langt í að móta sér umhverfisstefnu þar sem fyrirtækið stefnir að því að verða fyrsta bílaleigan til að fá vottun ISO 14001. Þetta hvatti eigendur fyrirtækisins til að skoða málið og ákveðið var að taka þátt í verkefninu. Þessi tækni er langt frá því að vera fullkomin og lítil reynsla er af henni enda allt enn á tilraunastigi, en tilraunin lofar góðu og hefur verið vel tekið.

„Hertz hefur þrjá vetnisbíla af gerðinni Toyota Prius og viðtökurnar hafa verið góðar og í raun framar vonum. Það eru miklar takmarkanir í notkun þessara bíla, drægi þeirra á fullum tank er 160 kílómetrar. Bílarnir eru aðeins til leigu hérna á höfuðborgarsvæðinu því eina áfyllingarstöð landsins er við bensínstöðina uppi á Ártúnshöfða,“ segir Hreinn. „Þetta verkefni hefur verið mjög lærdómsríkt og við erum mjög ánægðir að hafa tekið það skref að taka þátt.

Helstu kostirnir eru auðvitað hversu umhverfisvænir þessir bílar eru og helstu gallarnir eru auðvitað þjónustan við þessa bíla. Þrátt fyrir hvað tæknin er óþroskuð hefur hún verið mjög fagleg og það hefur verið ánægjulegt að vinna með öllu því fólki sem hefur komið að þessari tilraun.

Svo verður forvitnilegt að sjá hvaða orkugjafi verður notaður fyrir bíla í framtíðinni.“

*mikael@frettabladid.is*



Hreinn Sigmarsson flotastjóri segir að þjónustu við vetnisbíla sé ábótavant.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerru-smíða
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

visir.is
„...ég sá það á vísi“

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Á FERÐALAGI
FÖSTUDAGUR:
Í bítið
Ívar Guðmunds
Rúnar Róberts
Reykjavík síðdegis
LAUGARDAGUR:
Hemmi Gunn og Svansí

BYLGJAN á ferðalagi um landið í sumar
Bylgjan og Olís eru komin í sumarskap og verða á ferðalagi með þér í allt sumar!
Það verður öllu tjaldað til og við hefjum leik á föstudagsmorgnum með Kollu og Heimi í bítinu, Ívar tekur við og Siggi Ragg fylgir fast á eftir. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis.
Eftir hádegi á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna.
Nánari upplýsingar á www.olis.is.
Í dag verðum við á Írskum dögum á Akranesi!
Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!
4. - 5. júlí
Akranes
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
Ævintýraeyjan
olís

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17**

## BÍLAR & FARARTÆKI

**bíll.is**



Harley Davison Touring Electra Glide Calssic árg. 2005 ek. 3 Þkm. Hjól með öllu, skipti skoðuð, verð 2690 þús!! Uppl. í s. 899 5386

**Bill.is**
**Malarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**
**til sýnis og sölu á bill.is sími 577-377**

**Arnarbílar**
www.arnarbilar.is



### 800 þús. kr. afsláttur

FORD EXPLORER EDDIE BAUER, árg 2006, ek 63.þ km, 4.0L Sjálfskiptur, Leður, Topplúga, Gott eintak, Verð 3.990. þ TILBOÐ 3.190 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 111332 S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

**100bílar.is** bílasala



Dodge Magnum R/T, árg. 2005, ek. 42 þús.km, ssk., topplúga, leður, rafmagn ofl. Verð 2990þús.kr. Möguleiki á 100% Láni!!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



### Hyundai Starex H-1, 7 manna, 4x4, diesel

Skr. 01/02, ek. 103 þús. Ný heilsársdekk, dráttarkúla, bsk, 5 gíra, hátt og lágt drif.Ásett verð 1.550.000.- tilboð kr. 1.250.000.- Uppl. í s. 820 3206.



Til sölu Ford Mustang GT Coupe Premium 4.6 V8. Árg. '05, ek. 1600 km. Ssk., með öllum aukabúnaði. Uppl. í s. 892 0378.




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com



### Tilboð 1.290.000. !!

Til sölu Chervolet Corvette Stingray árg. '74 Ek.44.þ.mílur 350cc sjálfsk.orginal bill í toppstandi Fæst fyrir 1.290.000. uppl. 896-5290



### 1.500.þ í afslátt 100%yfirtaka á erl.láni!!!!

Til sölu Range Rover Disel Árg 2003 ek 102.þ km einn með öllu umboðsbíll ásett verð 5.990.000. Lánið er ca.4.500. þ og er í erl. mynt afb. 74.þ uppl í 844-0542



Cadilac Escalade árg. '02 ek. ca. 120 þ. Fæst á tilboðsverði 3,1. S. 661 3646.



MMC Motero Limited . árg. '04. Ek. aðeins 35 þ. Engin lán áhv. Glæsilegur bíll hlaðinn aukabúnaði. Verð kr. 2750. Uppl. í s. 896 8500.



### Þrír góðir!

Nissan Patrol 1985 3,3 D. 35" dekk, álfelgur, kastaragrind ofl. Kr. 370. þús. stgr. Mitshubishi Pajero 1999, 2,8 TDI. Sjálfsk. 32" sumar og vetrardekk á álfelgum, þakbogar, Farangursbox, sk. 09. Áhvílandi ca. 1.350. þús. Fæst gegn yfirtöku + 50 þús. Toyota Corolla 1998, 1,6. Álfelgur, bassabox, kraftmagnari, þakbogar. 290. þús. stgr. Uppl. í síma 862 8629



Volvo XC90 - engin útborgun. Glæsilegt eintak. Ek. 64 þ.km. 2,5l Turbo, sjálfskiptur og hlaðinn lúxus. Uppl. í s. 695 7591 eða volvo.blogcentral.is



### Ch. Captiva 07 diesel ssk.

Ek. aðeins 21 þ.km. Mjög fallegur bíll. Vetrar og sumard. á álf. dráttarbeisli ofl. Fæst á mjög góðu láni. Lítið út. Uppl. í s. 898 8228.



### Bmw 540 ssk. 03.02.

Glæsilegur bíll Með öllu ! 18" BBS álf. Leður, lúga ofl. ofl. Getur fengist á yfirtöku. Skipti ath jafnvel hjóli. Uppl s. 898 8228.



### 100% Yfirtaka

Galant árg. '01. Ek. 119 þ. Bill í 100% Lagi. Afb. 24 þ. Áhv. 900 þ. S. 693 1477.



Toyta Hiace árg. 2005, skráður 6 manna. Upplýsingar í síma 862 0095



### Útsala

Til sölu Hyundai Getz. Árg. '05 ssk. 1600 ek. 35000. Ásett v. 1370 þ. fæst á 950 þ. Uppl. í s. 898 8835.



### Til sölu Camaro SS

LS1 '00 ek. 51 þ.míl. Ssk., t-toppur, lækkaður, lægra drif & leður. Ný yfirfarinn mótor. V. 2690 þ. Áhv. 1,6. Skoða skipti á ód. S. 692 1416.



Til sölu Audi quattro 2003, ný skoðaður. Tilboðsverð vegna fluttnings 2.3mill. Áhvílandi lán 1600 þ. Upplýsingar í síma 8491281 eða bleki@intro.is



Landrover Discovery árg. 05. Ssk. mjög vel útbúinn. K. 40 þ.m. Tilboðsv. 3,9 millj. S. 899 8605.



Mercedes Bens C200 compressor, árg. '01, ek. 90 þús km. Ssk., V. 2.150 þús. 100% lán. Uppl. í s. 843 0561



Toyota Yaris Sol. Nýskr 2/'00, ek. 119þ. Ssk. Verð 650.000. S. 862 7552.



Til sölu Toyota Corolla Árg. '03. Fallegur og vel með farinn bill. Álfelgur, spoiler og litað gler. Vél 1400. Ek. 103 þ. V. 1100 þ. Áhv. ca. 650 þ. Uppl. í S. 892 2916.



Til Sölu þessi gullfallegi Mercedes Benz 320CE árg. 1994, ek. 163 þ. Þarfnast smá viðhalds. Verð tilboð. Uppl. í s. 867 4085.



### Frábært Eintak !

Subaru Legacy 06. Ek 25 þús. Dekurbíll sem sér ekki á! Alltaf geymdur inni. Einn eigandi. Fullkomin þjónustubók. Sjálfsk., dráttarbeisli, upphækkaður. o.fl. listaverð 2.800 þ. TILBOÐ ÓSKAST. Gott stgr.verð. s.895 8684



Til sölu Toyota Rav4-Vx 01.07 5 dyra. Ek. 26.500 km. Ssk. Leðuráklæði. 2 dekkjagangar, einn eigandi. Konubíll. Verð 3.990 þ. Skipti á ódýrari hugsanleg. S. 895 8956.



### 100 ÞÚS KR. AFSLÁTTUR.

Toyota Rav4. Árg. 2002. ek. 83 þ.km. Ssk., góð heilsársdekk. Ný smurður(ný lofsía-olíusía-frjókornasía). Ásett verð 1680 fæst á 1580. Áhvílandi 1350 þús./ afb. 25(+-) Bein sala eða skipti. Uppl. í s. 662 1419 & 564 4419, Íris.



### FARÐU LENGRA Á LÍTRANU

W.Polo. árg. '03 ek. 100 þ.km. Bsk. Ásett verð 790 áhv. 560. Afb. 20 (+-) Bein sala eða skipti. Uppl. í s. 662 1419 & 564 4419, Íris.



M Benz 260 ssk. árg. '90. Verð 250 þ. ath skipti á minni bíl. Uppl. í s. 867 3022.



Chevrolet Kalos '05 1,4 ek. 30 þ.km. V. 1090 þ. Ath skipti á ód. Uppl. í s. 663 0710.



Til sölu Nissan Micra. '01. Ek. 95 þ. Nýskoðaður. Toppbíll. V. 350 þ. Uppl. s. 868 7899.



Skoda Octavia '07. Diesel, ek. 23 þ.km. Verð. 1950 áhv. 1250. sk. á ódýrari Uppl. s. 861 7153.



Vw Passat árg. '99. Bensín, bsk., 1600 cc., ek. 155 þ.km. Dökkblár, vel með farinn. V. 390 þ. Uppl. í s. 849 4216



Ford F350 árg. '08 ek. 7 þús. Loftlæsingar, 4,88 drif, 40" dekk. Uppl. í S. 898 4988.



VW Toureg V10TDI. Árg. '06 ssk. Diesel. Ek. 18 þ. Ljóst leðurákl. Meðaleyðsla 12l/100. Gullfallegur bíll með endalausum aukabúnaði. V. 6,9. Uppl í síma 897 4912 og gigja@raestir.is



Rafskutla til sölu. Westminster 4 ára mjög vel með farin. lítið notuð.



Til sölu Mustang GT, blæjubíll, árg. '02. Ek. 50þ. V8, 4.6. Bose hátalarakerfi. Fallegur bíll. Yfirtaka á láni, ca. 2.250 mil. + 150 þ. Uppl. í s. 894 0103.






### TYM Fjölnota tæki

Til sölu Ferguson TEA 20 1949, í góðu standi, ný dekk. Verð 390 þús og Nalli árg '64, ámoksturstæki, tætari, vökvastýri. Verð 260 þús. S. 697 3217

Bíll óskast í skiptum fyrir lóð í grónu hverfi í Kóp. gsm 771 1700.

Chevrolet Aveo 21/02/'07 ssk., ek. 12 þ.km. Fæst á yfirtöku bílaláns. Uppl. í s. 698 1748.

Til sölu silfurgrár VW Fox. Eyðir mjög litlu og er því frábær í innanbæjarakstur. Yfirtaka á láni eða tilboð óskast. Öll tilboð tekin til greina. Nánari upplýsingar í síma 664 1053 eða 867 0064.

Honda CRV 2005, blár, bsk. krókur. Yfirtaka 52 á mán./eða 2 milj. S. 845 1414.

Subaru Impreza WRX 2.0l Turbo árg. '03 5 dyra, 71 þ.km. Toppeintak! 1650 þ. S. 690 2484.

Nissan Primera '00 tilboð 350 þ. Verður að seljast vegna flutninga. S. 897 4673.

Mjög góður Mercedes Benz E230 árg. '89, ekinn 227 þús. Verð 370 þús. Uppl. í s. 891 7292.

### Tilboð

Toyota Corolla árg. '99, ekinn 137 þús. Skoðaður '09. Verð aðeins 270 þús. Uppl. í s. 849 8425.

### Gullmoli

Lincoln Aviator árg. '04 ek. aðeins 46 þús. Bíll með öllu, leður, dvd, álf, sóllúga. 7.manna. Áhv. 3,2 m. V. 3.490 þús. S. 897 3669.

Til sölu Mitshubishi L200. Árg. '00, ssk., ek. 168 þ. V. 840 þ. Uppl. í s. 891 8493

7 manna Pajero V6 jeppi árg. '91. Nýskoðaður. V. 150 þ. S. 861 3767.

Nissan Primera comfort, rauður, bsk., árg '01. Ek. 78 þ.km. V. 700 þ.kr.- Landrover Discovery, rauður, ssk., tvær sóllúgur, árg. '97. Ek. 150 þ.km. V. 700 þ.kr.- Báðir bílar, gott útlit og toppstand. S. 897 6054

Til sölu Grand Cherokee '96. Vél 4.0 L. Ek. ca. 200 þ. skoðaður '09. Án Ath. V. 250 þ. Uppl. s. 696 7714.

Toyota Rav 4 árg. '99. 5.g. ek. 124 þús. í góðu standi. V. 450 þús. Skipti á ódýrari smábíl. S. 861 7153.

Til sölu Toyota Rav 4 Árg. '04. Ek. 33 þ. Áhv. 1,6 m. Útb. 250 þ. Uppl. s. 869 6627 og 822 8833.

# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 5. JÚLÍ 2008



**SVERRIR NORÐFJÖRÐ ARKITEKT**

## Stílhreint og fallegt handbragð

**LJÓSMYNDARINN JEAN-MARC CARACCI**

## Myndar mannlífið í Reykjavík

**INNLIT**

## Listin í hávegum höfð

FRÉTTABLAÐIÐ



**HEIMILISHALD**
**HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR**

# Tíminn er þeim nægur sem nota kann

Helgarnar eru dýrmætur tími sem flestir reyna að nota til að slaka á, hitta vini og fjölskyldu og njóta lífsins. Sumarið getur þó verið annasamt þar sem í boði er mikið af veislum og vinamótum og margir sem fara í sumarfrí ætla þá aldeilis að láta hlutina gerast!

Oft er dagskráin skipulögð út í ystu æsar þar sem ætlunin er að komast yfir sem mest. Þess ber þó að gæta að taka ekki stressið með í sumarfríið með því að útbúa ofhlaðna dagskrá. Listin að segja pent nei getur stundum komið sér vel. Frítími er dýrmætur og verður sífellt dýrmætari í erilsömu þjóðfélagi. Nauðsynlegt er að staldra við og íhuga hvað við viljum raunverulega fá út úr lífinu. Eflaust eru margir sem myndu gjarnan vilja eyða meiri tíma með vinum og fjölskyldu í rólegheitum þar sem ekki þarf að hafa áhyggjur af klæðnaði, veisluundirbúningi, fjárútlátum eða öðru sem getur valdið streitu, þótt vissulega gleðji það stundum líka. Þá er gott að huga að litlu einföldu hlutunum í lífinu sem gefa samt mikið af sér.

> Þegar fjölskyldan sameinast við kvöldverðarborðið er gott að gefa sér tíma til að ræða um daginn og veginn og njóta matarins, ekki flýta sér að ná einhverjum þætti í sjónvarpinu eða stilla fréttirnar í hæstu hæðir.

Að fara í freyðibað með góða tónlist og kertaljós er bæði slakandi og endurnærandi. Að setjast út á svalir með blóm í potti og ilmandi kaffi í bolla er unaðslegt. Að færa elskunni sinni morgunmat í rúmið er alltaf notalegt. Þegar fjölskyldan sameinast við kvöldverðarborðið er gott að gefa sér tíma til að ræða um daginn og veginn og njóta matarins, ekki flýta sér að ná einhverjum þætti í sjónvarpinu eða stilla fréttirnar í hæstu hæðir. Að horfa á litlu dúlluna sína busla í þvottabala úti í garði og leika sér er hin mesta skemmtun. Að lesa góða bók, annað hvort úti í lystigarði þar sem hægt er að fylgjast með mannlífinu eða í uppáhalds stólnum, er gefandi og nærir andann. Göngutúrar standa alltaf fyrir sínu og kosta ekkert. Ekki er nauðsynlegt að flýja heimilið í leit að nýrri lífsreynslu þótt það geti verið gaman af og til. Oft leitar fólk langt yfir skammt og áttar sig loks á að það sem það leitaði að var alltaf fyrir framan nefið á því. Vert er að íhuga hvað er okkur mikilvægast og hvernig við nálgumst það. Verum góð við okkur og gefum okkur tíma.






**Forsíðumynd:** Auðunn Níelsson tók mynd á heimili Brynhildar Guðmundsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.


# Minningarbrot frá Flórens

Silja Hendriksdóttir safnar staupglösum frá öllum heimshornum og hefur sem stofustáss.

Silja Hendriksdóttir, nemi á hönnunar- og listabraut Iðnskólans í Hafnarfirði, er listræn að eðlisfari og hefur lengi lagt stund á myndlist. Hún fær líka útrás fyrir áhugann með ýmsu öðru móti, meðal annars með söfnun staupglasa, sem eru í mestu uppáhaldi hjá henni heima fyrir. „Ég keypti mér nokkur glös í byrjun og svo fór ég að fá fleiri frá öðrum löndum,“ segir hún og bætir við að söfnunin hafi staðið yfir í nokkur ár.

Sum staupglösin hefur Silja keypt sjálf en önnur hefur hún fengið að gjöf frá vinum og vandamönnum. „Ég kaupi mér glösin þar sem ég ferðast. Fólk gefur mér líka glös þegar það kemur heim frá útlöndum,“ segir hún og rifjar upp kaup á staupglösum frá Flórens. „Við vorum næstum því búin að missa af lestinni á flugvöllinn. Vegna þess voru svolítið mikil læti, þannig að ég missti töskuna mína og eitt glasið brotnaði. Ég límdi það saman því þetta var svo skemmtileg ferð. Nú er það minningarbrotið.“

Glösin, sem eru 29 talsins, eru af ýmsum stærðum og gerðum. „Ég á nokkur sem eru stærri en venjuleg staupglös. Þau eru tvöföld,“ upplýsir Silja og bætir við að hún noti staupglösin aldrei í hefðbundnum tilgangi heldur geymi þau uppi í hillu sem stofustáss. Enda eru sum þeirra hreinasta listasmíði og skreytt með myndum sem tengjast þeim stöðum sem Silja, vinir hennar og vandamenn hafa heimsótt í gegnum árin. „Ég á nokkur með landslagsmyndum frá Barcelona, önnur frá Flórens með myndum af brúm og glasið mitt frá Kúbu er með mynd af kirkju á eyjunni.“

*- mmf*



Silja hefur mikinn áhuga á hönnun, sérstaklega grafískri hönnun, og gæti vel hugsað sér að starfa við hana í framtíðinni. Hér heldur hún á staupglasi frá St. Pétursborg þar sem hægt er að sjá borgina í gegnum hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## hönnun



**FRAMSÆKINN HÖNNUÐUR** Stólarnir hér eru eftir hinn merka danska hönnuð Verner Panton, sem var fæddur í Danmörku þann 13. febrúar árið 1926. Panton er talinn vera einn áhrifamesti húsgagna- og innanhússhönnuður 20. aldarinnar. Hann nam arkitektúr við „Det Kongelige Danske Kunstakademi“ í Kaupmannahöfn. Í byrjun ferils síns vann hann í tvö ár hjá Arne Jacobsen. Sagan segir að hann hafi ekki staðið sig vel þar, því hann hafði meiri áhuga á að vinna að sinni eigin hönnun en fyrir aðra. Eftir að hafa unnið hjá Arne Jacobsen setti hann á fót sína eigin stofu.

Hann varð mjög fljótt þekktur vegna frumlegrar hönnunar og naut mikilla vinsælda. Verner Panton lést 5. september 1998. Frumleg hönnun hans mun lifa um ókomna tíð.






Vinnufatabúðin
Fagmennska og þjónusta í fyrirrúmi
Wrangler®





# Gufuofnar frá Siemens

Það besta sem getur komið fyrir grænmetið. Og steikina. Og fiskinn.
Hollt og alveg án fitu. Fáðu þér gufuofn frá Siemens!

Gufuofnarnir frá Siemens eru kjörin lausn handa öllum hollustumeðvituðum kokkum og mathákum. Í þeim verður maturinn sérlega gómsætur. Kostir þeirra tala sannarlega sínu máli. Grænmeti heldur stinnleika sínum og safa, kartöflurnar verða ekki mauksoðnar. Eldað er í gufu einni saman. Við það heldur maturinn mjög vel bragðeiginleikum sínum, lit og angan; fjör- og steinefni varðveitast vel og þar með næringargildi hans. Loks er hvorki notuð fita né olía við matreiðsluna. Fitan úr matnum verður fljótandi og drýpur niður í pönnuna sem höfð er undir.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

## Rómantískur sveitastíll

Verslunin Nóra hefur verið opnuð í Kópavogi en hún sérhæfir sig í sölu á frönskum húsgögnum og heimilismunum.

„Við seljum heimilisvörur og húsgögn í þessum franska stíl. Við höfum í rauninni allt sem þarf til þess að skapa rómantískan franskan sveitastíl á heimilinu,“ segir Jakobína Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Nóru. „Okkur fannst vanta svona búð á markaðinn þar sem við Íslendingar höfum verið mikið í þessari hörðu línu. Í Nóru er allt önnur sýn.“



**Nóra selur vörur í rómantískum frönskum sveitastíl.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Jakobínu segir vörurnar enn fremur henta þeim sem búa í litlum rýmum. „Þetta er allt svona nett eins og Frakkarnir hafa hlutina.“

Verslunin Nóra hefur starfað í tvö ár og verið á þremur mismunandi stöðum, en að sögn Jakobínu kannast sennilega margir við hana úr Bankastrætinu.






**Seljakirkja í Seljahverfi var hönnuð svo hægt væri að byggja hana í áföngum.**



**Hliðarsalur í kirkjunni getur rúmað allt að 150 manns í sæti. Seljakirkja hýsti um 180 manna prestastefnu í júní síðastliðnum án vandkvæða.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**„Sverrir lagði áherslu á að kirkjan yrði kurteis bygging, eins og hann var sjálfur.“**

# Teiknaði kirkjuna innan frá

● Sverrir Norðfjörð arkitekt var þekktur fyrir stílhreinar og yfirlætislausar byggingar. Seljakirkja er sjálfsagt þeirra þekktust en hún var byggð í fjórum áföngum frá 1983 til 1999.

Sverrir Norðfjörð arkitekt lést 17. júní síðastliðinn. Sverrir stundaði nám í arkitektúr við Kunstakademiets Arkitektskole í Kaupmannahöfn á árunum 1964 til 1971. Stærsta verkefni hans var kirkjan og kirkjumiðstöðin í Seljahverfi. Hann kom einnig að skipulagi byggðar í Selási og verslunarmiðstöðvarinnar í Mjódd en mestmegnis fékkst hann við hönnun einbýlishúsa að námi loknu og þótti byggingarlag hans stílhreint.

Við byggingu Seljakirkju leitaði bygginganefnd Seljasóknar eftir samstarfi við Sverri um hönnun kirkjunnar. Valgeir Ástráðsson, sóknarprestur í Seljasókn, segir Sverri hafa verið valinn í verkefnið vegna þess að hann var góður arkitekt, samvinnulipur og vandvirkur. Byggingin er fjögur hús sem tengjast saman með miðrými og var hugmyndin sem lá að baki sú að hægt yrði að halda úti mismunandi starfsemi í húsinu án þess að eitt truflaði annað. Einnig var gert ráð fyrir því við hönnun kirkjunnar að hægt yrði að byggja hana í áföngum.

„Seljakirkja er teiknuð innan frá og fyrst og fremst byggð til að hýsa fjölbreytilegt safnaðarstarf,“ útskýrir Valgeir. „Við getum haldið æskulýðsfundi og kóræfingar og hugleiðslustund á sama tíma án þess að það trufli hvert annað og á kirkjan sér ekki hliðstæðu hér á landi að því leytinu til.“

Fyrsti hluti kirkjunnar var vígður árið 1987 en síðasta álman var svo tekin í notkun árið 1999. Kirkjan er í hverfinu miðju og hefur sinnt hlutverki sínu sem þjónustumiðstöð við söfnuðinn vel en byggingarnefnd var falið á sínum tíma að hafa orðið „þjónusta“ að leiðarljósi. Kirkjan er einföld að sniði og yfirlætislaus, sem má segja að sé einkennandi fyrir stíl Sverris.

„Sverrir lagði áherslu á að kirkjan yrði kurteis bygging, eins og hann var sjálfur,“ segir Valgeir. „Byggingarlag hans var stílhreint og yfirlætislaust.“

*- rat*



**Einbýlishús í Mosfellsbæ teiknað af Sverri Norðfjörð. Húsið er byggt árið 1991.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


GOTT FÓLK
HÉR VIRKAR **HEIMAVÖRNIN** BEST
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas
er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN

# Heima í hjarta hússins

● Sýningin Heima stendur nú yfir í Start Art listamannahúsi á Laugavegi 12b.

Heima er samsýning listakvennanna sex sem starfrækja listamannahúsið, en hún höfðar sterkt til þeirra sem heimili og hönnun eru hugleikin.

Hugmyndin að sýningunni Heima kviknaði í hjarta hússins, sem er vitaskuld eldhúsið, en sýningin fer fram á báðum hæðum og öllum vistarverum heimilisins, auk þess sem bakgarðurinn er nýttur undir sýninguna.

Listakonurnar fara ólíkar slóðir í að kanna og velta fyrir sér hugtakinu „heima" og nota margvíslega tækni og efnisnotkun við gerð þeirra.

Sýningin, sem hófst á Listahátíð, verður í áframhaldandi þróun fyrir opnum tjöldum til 1. ágúst næstkomandi. *- þlg*



**Home Rubricks eftir Ragnhildi Stefánsdóttur. Nafnið tengist hómópatíu og eru nöfn allra hugtaka sem eiga við „heima" skrifuð á tréð. Líkami og sál eru tengd, en líkaminn heftir gjarnan manneskjuna, svo upp úr höfðinu getur hugurinn orðið frjáls.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

● **KISUMÁLTÍÐ Í KÓNGASKÁL** Þeir sem eiga gæludýr vita best að falleg skepna getur verið fegursta stofustáss í sjálfu sér. Hins vegar eru ýmsir hlutir til heimabrúks gæludýra oft púkalegir og skera í augu á lekkerum heimilum. Þessi svala kisueyrnaskál er hins vegar hrein viðbót við hönnunargripi híbýla. Hún er ítölsk hönnun í hæsta klassa, framleidd úr ryðfríu stáli, handpússuð, auðveld í þrifum og rennur ekki til á gólfi. Ósvikin ánægja fyrir kisulórur að lepja úr og kisueigendur að annast. Skálin kallast Ear Shot og fæst hjá www.petego.com.



## hönnun



Caboche borðlampi.



Allegro Ritmico.

● **LEIKUR MEÐ LJÓS OG SKUGGA** Þetta ljós, sem kallast Allegro Ritmico, beinir birtu sinni niður á við, sem endurspeglast svo í loftinu. Stangirnar eru gerðar úr áli en ljós, skuggar og hljóð myndast í gegnum þær. Hinir lamparnir eru ekki síður framúrstefnulegir, en þeir eru allir framleiddir af ítalska fyrirtækinu Foscarini, sem er þekkt fyrir framsækna ljósahönnun bæði hvað efnisvali og lögun viðkemur.

Foscarini var sett á laggirnar í Feneyjum árið 1981 en hönnuðir þess hófu snemma að kanna möguleika Murano-glersins í hönnun sinni. Síðan þá hefur fyrirtækið prófað sig áfram með hin ýmsu efni og unnið bæði með ungum og upprennandi hönnuðum og stórum nöfnunum í bransanum. Lykilorð Foscarini eru tilraunir með form og efni og hefur það skilað sér í skemmtilegri og oft og tíðum óvanalegri ljósahönnun, þar sem brugðið er á leik með lýsingu og stundum hljóð.



Lumiere.



**Gabriela, sjö ára, neitar að gista annars staðar en heima hjá sér eftir að hún fékk rúmið sem er frá Hästens. Foreldrarnir fengu sér síðan alveg eins rúm.**



**Herbergi Hrafnkels Ivans, 5 ára, er bjart og einkennist af skemmtilegu litavali.**



**Falleg sængurföt og alls kyns tuskudýr til að kúra með á nóttunni.**

# Listin skipar veigamikinn sess

● Brynhildur Guðmundsdóttir myndlistarkona leggur mikið upp úr því að hafa hlýlegt og listrænt í kringum sig, eins og hjóna- og barnaherbergin á heimilinu bera skýr merki um.

„Ég legg upp úr því að halda í einfaldleikann enda gæti ég þess að hafa ekki of mikið af hlutum," segir myndlistarkonan Brynhildur Guðmundsdóttir, sem býr í Vesturbænum með manni sínum Ivica Gregoric og börnunum þeirra tveimur, Gabrielu, sjö ára, og Hrafnkeli Ivan, fimm ára.

„Ég vil líka hafa heimilislegt umhverfi og þess vegna höfðuðu svörtu útskornu stólarnir til mín," segir hún og víkur þannig talinu að svefnherberginu. „Þeir lýsa vel hugmyndum mínum um heimilið; Þeir eru gamaldags en samt sem áður með nýtískulegu ívafi."

Hún er líka ánægð með fataherbergi inni í svefnherberginu enda lítið fyrir að hafa hlutina dreifða. Fyrir ofan rúmið er svo mynd eftir listakonuna. „Ég læt myndlistina á veggjunum um fjölbreytnina hvað varðar litaval hér," segir Brynhildur, sem hikar ekki við að skipta út myndverkum til að breyta til.

Brynhildur segir að upphaflega hafi sams konar rúm verið keypt fyrir dótturina. „Hún er svo ánægð með rúmið að hún neitar að gista annars staðar. Það varð á að foreldrarnir öpuðu síðan eftir dótturinni og fengu sér alveg eins rúm." *- vg*




**Hugað er að hverju smáatriði á heimilinu og allt gert til að halda í hlýleikann.**



**Brynhildur hikar ekki við að skipta um málverk til að breyta til.**



**Myndlistarkonan Brynhildur leggur mikið upp úr fallegu og hlýlegu umhverfi.**






# Miele í eldhúsið þitt

Miele eldhústækin eru fáguð og fyrsta flokks. Þau eru búin nýjustu tækni, hönnuð af alúð og framleidd af þýskri nákvæmni.

Nýju Miele eldhústækin hafa hlotið einstakar viðtökur um alla Evrópu sem og verðlaun og viðurkenningar.

voted by readers MOST TRUSTED BRAND 2008 Reader's Digest

best brands 2008 das deutsche markenranking

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Opið frá kl. 10:00 til kl. 18:00 virka daga | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is



Vilníus í september 2007. Á vefsíðunum http://homo.urbanus.free.fr/portfolio/index.html og http://homo.urbanus.free.fr/europeanus má skoða verk Caraccis. MYND/JEAN-MARC CARACCI



Ríga í ágúst 2007.



Sofía í nóvember 2007.



Tallinn í júní 2008.

# Veiðimaður í borginni

Ljósmyndaverkefnið Homo Urbanus Europeanus er hugarfóstur franska ljósmyndarans Jean-Marc Caracci sem ferðast um Evrópu til að mynda fólk og borgir. Hann er nú kominn til Reykjavíkur þar sem hann ætlar að viða að sér myndum úr mannlífi borgarinnar.

„Ég segi oft að ég sé að vinna fyrir Evrópu. Homo Urbanus Europeanus, eða HUE eins og ég kalla verkefnið líka, er rammað inn í Evrópu og þá einna helst evrópskar höfuðborgir,“ útskýrir Jean-Marc Caracci, sem sagði starfi sínu lausu fyrir tveimur árum til að hella sér út í eigin verkefni.

„Ég var einhleypur, barnlaus og 47 ára og fannst ég þurfa að sinna listinni betur. Þegar listamenn eru að vinna venjulegt starf gefst sjaldnast tími fyrir stór verkefni og því ákvað ég að hætta og snúa mér að þessu verkefni,“ útskýrir hann. „Ég fjármagna þetta sjálfur en í fyrsta sinn á ævinni er ég að gera stórt verkefni og ég trúi því að önnur fylgi í kjölfarið. Ég er reyndar alltaf með augun opin fyrir styrktaraðilum þannig að þeim er velkomið að hafa samband,“ segir Caracci og hlær.

Hugmyndin að verkefninu kviknaði í Chicago fyrir tveimur árum þegar Caracci sá stórar byggingar, breið stræti og fjöldann allan af „litlu“ fólki sem hreyfðist líkt og maurar um göturnar. „Fyrst tók ég myndir af einstaklingum sem voru í eigin heimi og sínu náttúrulega umhverfi, borginni. HUE-verkefnið fjallar að vissu leyti um einmanaleikann í borginni. Þegar myndirnar mínar eru skoðaðar fær áhorfandinn á tilfinninguna að hann sé þátttakandi í mjög persónulegu augnabliki í lífi einhvers sem er ætlað honum einum, þó svo að myndirnar séu teknar á almannafæri,“ útskýrir hann. Skammstöfun verkefnisins, HUE, á vel við þar sem „hue“ þýðir litblær eða blæbrigði á ensku en Caracci fæst við hin ýmsu blæbrigði mannlífsins.



Ljósmyndarinn Jean-Marc Caracci spáir mikið í fólk og hefur á ferðum sínum kynnst fjölbreyttu mannlífi. Hann gistir oft hjá heimamönnum og segir það afar lærdómsríkt.

„Það skiptir ekki öllu hvort löndin eru í Evrópusambandinu eða ekki. HUE er leið til að sýna fram á að við erum meira lík en ólík. Ég vona að myndirnar verði okkur hvatning til að sameina Evrópu enn frekar og styrkja samhygð og samábyrgð,“ segir Caracci dreyminn. Hann bætir við að hann forðist að afla sér dæmigerðra upplýsinga fyrir ferðamenn áður en hann heimsæki borgir. „Ég vil vera alveg „hreinn“ þegar ég byrja að mynda. Ég geng bara og geng þar til ég gleymi mér í borginni líkt og veiðimaður sem gleymir sér í skóginum.“

Ekki hefur enn verið ákveðin sýning á verkum Caraccis á Íslandi en hann segir að það væri sér mikill heiður að sýna verk sín hér einhvern tímann.

*- hs*

# Viðarvörn nr. 1 á Íslandi




# Notaðu sumarið til að verja viðinn!

## Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður**

málning
*-það segir sig sjálft-*

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík • Fóðurblandan á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum

# Íslensk sérsmíði í 100 ár

Ævintýri Trésmiðju GKS hófust fyrir heilli öld, en eru rétt að byrja. Í andrúmi ilmandi viðaranganar og fagurs ásláttar hamra og sagaróms fæðist alíslensk hönnun og tréverk á heimsmælikvarða fyrir þá sem kjósa fallegt stáss á heimili sín.



**Yndislegt eldhús úr virðulegri franskri hnotu með samskeytalausri og plássríkri Swanstone-borðplötu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Eldhúsinnrétting sköpuð úr íslensku hugviti og listasmíði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Falleg og hlýleg baðinnrétting úr sebrano og hlyn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við byggjum á aldargömlum grunni sem byrjaði með smíðaverkstæði Jóns Halldórssonar árið 1908, sem varð Gamla kompaníið. Þar er komið G-ið í heitinu GKS. Seinna varð samruni Gamla kompanísins við Kristján Siggeirsson; honum er helgaður bókstafurinn K. Síðar Steinar Stálhúsgagnagerð, sem er S-ið í heitinu. Eftir það hefur trésmiðjan Eldhús og bað sameinast fyrirtækinu,“ segir Arnar Aðalgeirsson, framkvæmdastjóri Trésmiðju GKS, sem um þessar mundir fagnar hundrað ára fagmennsku og íslenskri sérsmíð á innréttingum og húsmunum.

„Starfsemin byrjaði með smíði heimilishúsgagna því þá var lítill innflutningur á húsgögnum til landsins. Í dag erum við mest í smíði hvers kyns innréttinga fyrir heimili, stofnanir og fyrirtæki; bjóðum okkar eigin línur í fataskápum, eldhús- og baðinnréttingum, og smíðum mikið í samstarfi við íslenska hönnuði og arkitekta,“ segir Arnar. „Hjá GKS vinna um 35 starfsmenn á sviði húsgagna- og húsasmíði; sumir með allt að fjörutíu ára starfsaldur. Framleiðslutækin eru fullkomin. Við bjóðum nákvæmni í framleiðslu og samkeppnishæft verð og önnumst alla verkþætti, frá tilboði til uppsetningar. Við leggjum okkur fram um að vera ávallt traustsins verðir; að gæði framleiðslunnar séu tryggð og afhending ávallt á réttum tíma.



**Fjölbreytt úrval skilrúma í skúffum er meðal þess sem er í boði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Arnar Aðalgeirsson, framkvæmdastjóri Trésmiðju GKS.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Við finnum mikla eftirspurn eftir fínu tréverki og innréttingum fyrir einbýlishús, þar sem margir hafa fengið íslenska hönnuði til að sérteikna innréttingar sem við smíðum og setjum upp. Við bjóðum innréttingar í öllum verðskala, tugi viðartegunda og úrval borðplötulausna, einstakt skipulag á skúffum og lausnir í fataskápum,“ segir Arnar, en sjón er sögu ríkari og vert að benda á sýningarsal GKS á Funahöfða 19. *- þlg*



# Ímyndaðu þér stað.....



## ...þar sem erfiði dagsins er létt af þér...



30% afsláttur af Chiro Collection rúmum í júlí

## .....hvert einasta kvöld

OPIÐ Í DAG



Chiro Collection heilsurúm

### Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæðum. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr fm. í MultiSpring kerfinu. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

### Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Fíton/SÍA

# Fáðu ferskar íþróttafréttir á hverjum morgni



**Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.***

*Sunnudagsútgáfa *Morgunblaðsins* er prentuð á laugardegi áður en íþróttaúrslit dagsins liggja fyrir og *24 stundir* koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara *24 stundir* í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið. **Fréttablaðið** er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttafréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.

**Allt sem þú þarft – alla daga**




Landrover Freelander ‘99 bensín beinsk. ek. 88þ. V. 440þ. Þarf smá viðh. 8973227


Toyota Rav4 2001 1800cc fæst á yfirtöku! Áhv. aðeins 497þ! Ek. 300þ. Xenon aðalljós. Næsta skoðun sept. ‘08. Mikið endurnýjaður. Uppl. í s. 699 7933.


Toyota Land Cruiser 100 TDI 5/1998 dísel, ssk., tems. ek. 245 þ.km., nýsk. Lækkað v. 1990 Þ. Uppl. í s. 897 1998.


Land Cruiser 120 GX 33” br. 01/08 ek. 4þ V: 6,5m. staðgr. s:895 5796. Sem nýr.


Einn með öllu tilbúinn á fjöllin. Mudder 38” Chevrolet 4,3. Læstur fr/aft. Skipti á nýl. snjósleða. Uppl. 891 8693


Toyota Land Cruiser VX árg. ‘97, diesel. ssk. V. 920 þ. S. 659 4403.


MMC Pajero árg 98, 2.8 disel, sjálfsk. 7 manna. Gott eintak. Verð 600þ Uppl. 8945426

Nissan Terrano II árg. ‘00 fæst á yfirtöku. Uppl. í s. 862 2339.

Palomino Colt 9 feta árg. 2007. Skipti möguleg. Einn með öllu sólarsella, fortjald, svefntjöld, 2 gaskútar, Rafgeymir o.fl. Uppl. í síma 824 1450, Stefán.

## Fornbílar


Til sölu SAAB Sonett árg 1971 vel með farin safngripur skoðaður 08 sími 6965850





55 Chevy Bel Air, uppgerður, 350. Engin skipti. Tilboð óskast. S. 844 9340.

Chevy ‘57 til uppgerðar ( Officerabíll frá varnaliðinu). Ekki nýinnfluttur, sundurtekinn. V. 280 þ. S. 699 0023 & WWII_safn@hotmail.com

## Pallbílar


**Útsala - Auðveld kaup!**
Ford F 150 Lariat árg. ‘05. Gullfallegur bíll. Verð 2.700 þ., 500 þús. í peningum og yfirtaka á bílaláni. S. 898 2111.



Flest lögin á diskinum eru án söngs og Ragnar Kristinn segir þau vera stemningslög. „Fallegt ljóð eða landslag kveikja oft einhverja stemningu hjá mér. Síðan sest ég við píanóið og eitthvað verður til. Dzintra hefur talað um það þegar hún heyrir lögin að hún sjái landslag og liti úr þeim. Mér hefur verið sagt að þetta sé mjög landslagsvæn tónlist og fari vel á að virða fallega náttúru fyrir sér þegar maður hlýðir á hana. Þá held ég að hún sé ökuvæn og skapi rólega stemningu við akstur," segir Ragnar og hlær.

Hvað framhaldið verður segist Ragnar eiga nóg efni á fleiri plötur. Og hann er enn að semja. „Róbert Marshall leitaði til mín á dögunum með fallegt ljóð sem hann hafði ort um Eyjarnar sínar. Ég samdi lag við það og ætli það verði ekki bara Eyjalag á næsta ári. Það er alltaf eitthvað skemmtilegt sem kviknar í kollinum á manni.




# Frumsýnum X6
# nýja sportbílinn / lúxusjeppann frá BMW

**BMW X6 sameinar fágun og aksturseiginleika sportbílsins við rými og fjölhæfni lúxusjeppans.** Tilkoma BMW X6 hefur skapað þörf fyrir nýjan flokk bifreiða sem kallast Sports Activity Coupé (SAV). Sem fyrr er BMW leiðandi í hönnun og tækniþróun í bílaframleiðslu. Það er vissulega engin tilviljun að BMW náði fyrir nokkru að verða stærsti lúxusbílaframleiðandi í heimi.

Segja má að með X6 sé skyggnst inn í framtíðina hjá BMW. Meðal annars má nefna tölvustýrðan drifbúnað sem kallast Dynamic Performance Control og vinnur með BMW xDrive fjórhjóladrifinu. DPC kerfið tryggir að senda má allt að 100% af afli vélarinnar til eins hjóls í einu. Aldrei hafa slíkir aksturseiginleikar verið í boði í svo stórum bíl. BMW X6 hefur fært markið lengra í burtu. Þetta er nýjasti leiðtoginn á götunum og hvort sem þú ert forstjóri eða fyrirliði þá er þessi bíll sniðinn fyrir þig. **Líttu við í BMW umboðinu að Grjóthálsi 1. BMW X6 – fyrsti bíll sinnar tegundar.**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - bmw@bmw.is - www.bmw.is

Með bílinn handa þér



**SÓLIN SKÍN Á MÓTSSTAÐINN** Mikill fjöldi hefur fylgst með keppni á landsmótinu og oft er brekkan þéttsetin. Í dag verður meðal annars keppt til úrslita í A-flokki gæðinga auk þess sem verðlaun verða afhent fyrir hryssur og stóðhesta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hátíð hestamanna

Landsmót hestamanna á Gaddastaðaflötum við Hellu stendur nú sem hæst. Ekki var annað að sjá en jafnt hestamenn sem þingmenn og ráðherrar skemmtu sér konunglega við setningu mótsins. Til að byrja með var veðrið að vísu ekki upp á marga fiska en veðurguðirnir sáu aumur á hestamönnum og í gær var sólin tekin að skína á ný. Mikill fjöldi gesta er á mótsstað og búast má við að enn fleiri leggi leið sína þangað um helgina þegar fjörið stendur sem hæst.



**ÞEYST AF STAÐ MEÐ ÍSLENSKA FÁNAN** Glæsilegustu hestar landsins eru saman komnir á landsmóti ásamt bestu knöpunum. Hverjir verða hlutskarpastir í sínum flokkum ræðst um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GOBBEDDÍGOBB** Það eru fleiri leiðir til að njóta hestamennsku en að fara á bak, að minnsta kosti svona fyrst um sinn. Ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á þennan tilvonandi knapa á svæðinu FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



**Í HRINGIÐU GLEÐINNAR** Geir H. Haarde var sallarólegur þegar hann reið inn á Gaddastaðaflatir við setningu mótsins á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MEÐ VIÐHÖFN Á LANDSMÓT** Rósa Birna Þorvaldsdóttir var fánaberi fyrir hestamannafélagið Sörla og fangaði athygli ljósmyndara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM



**RÁÐHERRA Á HESTAMANNAMÓTI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir var hvergi hrædd og virtist afar hrifin af þessum hvíta reiðskjóta FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Fyll'ann takk!
NÝTT! Lögin beint inn í iTunes og á iPod
iPod
4 naglar
Bubbi Morthens
MENU
Frá
79.00
krónum lagið
Vertu tilbúinn í sumarfríið!
Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.
Nýtt á Tónlist.is - lögin beint inn í iTunes á tölvunni!
Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við iTunes eða Windows Media Player.
Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirkt yfir í spilarann þinn.
Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna
Tónlist.is
iPod og iTunes eru vörumerki í eigu Apple, Inc.

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

### ... landsþekktan ljósmyndara



Reyndar stefndi allt í það að þetta yrði einhver versta vika í lífi Páls Stefánssonar sem uppgötvaði sér til mikillar skelfingar, vakinn af lögreglunni, að búið var að stela dýrindis felgum undan bíl hans. Og dagurinn átti að hefjast með því að heimsækja lögregluna, en ekki að fá hana í heimsókn, til að sækja ökuskírteini dóttur hans. Fara í fyrsta bíltúrinn. En gæfan brosti við Páli. Felgurnar fundust og ekki nóg með það ... líklegt er að í kjölfarið muni fjöldi hliðstæðra mála, þar sem óprúttnir þjófar koma við sögu, leysast.

### ... Garðar Thor Cortes



Það er varla á gæfuna bætandi þegar þessi ástsæli og gullfallegi tenór er annars vegar. Hann er sannlega sólskinsmegin í tilverunni en þessi vika reyndist með þeim betri þegar Garðar er annars vegar. Það hlýtur að teljast frábært fyrir mann sem telst til þjóðar þar sem upphefðin kemur sannarlega að utan að vera til umfjöllunar í Hello Magazine. Þar eru þeir ríku og frægu og fallegu. Og þar er okkar maður. Í ríkulega myndskreyttri umfjöllun og viðtali. Umboðsmaður hans, Einar Bárðarson, hlýtur að fagna þessu öðrum mönnum fremur og býst nú við að moka nýju plötu Garðars, When You Say You Love Me, út í bílförmum.

### ... Geir Hilmar Haarde.



Það er ekki búið að blása byrlega fyrir forsætisráðherra í þessari viku: Kreppan eykst, krónan fellur og fellur, það er snúið út úr fyrir honum; ummælum sem hann lætur falla í góðu geimi í útlöndum með gengið, dollara og evru, Sjálfstæðisflokkurinn er í frjálsu falli í skoðanakönnunum en hvað gerist ekki þá? Loksins góðar fréttir fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Loksins búið að hrekja Baug úr landi. Þá þarf ekki að láta það fara í taugarnar á sér lengur. Ríkið missir væntanlega og að vísu einhverja milljarða úr ríkiskassanum en hvað er einn keppur í sláturtíðinni?

### ... ástsælan leikara



Pálmi Gestsson dvelst nú á heimaslóðum þar sem hann er að gera upp elsta hús Bolungarvíkur og njóta sumarsins ásamt konu sinni Dillý og fjölskyldu. Af góðmennsku og dugnaði tekur hann að sér að annast hafnarvörslu í plássinu og gerir þannig stóra bróður sínum greiða. Pálmi bjóst sannarlega ekki við púli við það starf, sá jafnvel fyrir sér að geta velt fyrir sér nokkrum sketsum í komandi Spaugstofuþætti þar sem hann sæti við höfnina og fylgdist með bátum koma og fara. En, nei. Ekki var því nú að heilsa. Starfið reyndist hörku púl en Pálmi þarf að vigta hvern einasta sporð sem landað er í Bolungarvík. Jafnvel þá sem eru húkkaðir af kæjanum. „Við lifum í vigtunarsamfélagi,“ segir Pálmi og hefur lög að mæla um reglugerðafarganið sem er hér allt og alla að drepa.

### ... Björgvin Guðmundsson



Spurningin er bara: Hvorn? Báða líklega. En er þetta verri vika fyrir Björgvin Guðmundsson, nýráðinn stjóra viðskiptafrétta Morgunblaðsins. en Björgvin Guðmundsson einn helsta konung lesendabréfanna? Líklega. Björgvin yngri er yfir viðskiptafréttum Morgunblaðsins en lenti í að sett var mynd af honum við grein nafna hans þar sem fyrirsögnin er: „Kvótakerfið er blettur á íslensku þjóðinni“. Þekkir samstarfsfólk Björgvins í ljósmyndadeild Moggans ekki Björgvin?

### ... Björgvin Guðmundsson



Eða hvað? Ekki getur þessi misskilningur: Að hann sé ekki hann, frægur svarinn andstæðingur kvótakerfisins, heldur fyrrverandi formaður SUS þar sem menn hafa varið kvótakerfið eins og þeir grimmu varðhundar valdsins sem þeir eru. Og ekki getur það verið uppbyggilegt fyrir Björgvin, sem er einn helsti konungur aðsendra greina þar sem hann hefur stungið á kýlum til vinstri og hægri, að jafnvel fjölmiðlafólk skuli ekki þekkja hann. Það hlýtur að vera alveg glatað. En svo kemur á móti að þeir eru náttúrulega glettilega líkir nafnarnir og má það heita huggun harmi gegn.





**KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON KÍKIR Í ERLEND BLÖÐ**

# Kom þú sæll, þá ég vil

Sextug kerling á Spáni biður um að fá að deyja. Hana hrjáir hersli eða trénun, sem samkvæmt orðabók er hörðnun vegna ummyndunar eðlilegra vefja í bandvef, einkum í æða- og taugakerfi. Einhvers konar hrörnunarsjúkdómur.

Amma hennar og mamma fengu einnig þennan sjúkdóm.

Konan, Elpidía, gerir sér grein fyrir því að ljós lífsins slokknar, ekki strax, heldur hægt og rólega.



Hún vill sjálf ráða sínum örlögum og hætta þessu, þegar hún ræður ekki lengur við aðstæðurnar og leiðist biðin.

Þetta gerist fyrr en síðar, segir hún: „Og ég vil ekki að þetta verði eitthvað sem guð ákveður, heldur ég.“

Konan býr með dóttur sinni og getur enn gengið stuttar ferðir. En með hverjum deginum verður það erfiðara. Og stelpan er í vinnu.

Elpidíu hugnast ekki að dóttir hennar verði hjúkrunarkona á sólarhringsvakt.

Þetta snúist um reisn þeirra beggja.

Alþjóðlegt orð yfir líknardráp er *euthanasia* og er forn-grískt. Það þýðir „góður dauðdagi“.

Heimspekingurinn Platón var samþykkur líknardrápi, væri sjúkdómurinn ólæknandi, eins og hjá henni Elpidíu.

Stóískir spekingar Rómaveldis mátu hlutina öðruvísi. Þeir réttlættu líknardráp, réttara sagt sjálfsmorð, til að ljúka lífinu með sæmd, án þess að vera veikir endilega.

Bæri til dæmis félagsleg staða óbætanlegan hnekki, þá bara bless. Þetta kölluðu þeir ekki einungis góðan, heldur fullkominn dauðdaga.

Svona hugsa háttsettir Japanir víst enn í dag, þegar gjaldþrot blasir við eða löggan er á leiðinni.

En hvort þetta sé hetjulegt eða ekki, er svo allt önnur spurning.

Hitler var til dæmis allt nema stóískur, en hann kaus að skjóta sig í hausinn niðri í búnkernum. Hussein lét hins vegar draga sig upp úr holunni. Hvorugur kannski sérstök hetja, en Hitler lét þó óvininn ekki spotta sig.

Í germanskri menningu dóu hetjurnar vopndauða. Annars komust þær ekki til Valhallar. Þær þurftu sem sé að vera drepnar af öðrum til að deyja vel.

En Elpidía greyið mætir skilningsleysi hjá kaþólskum löndum sínum. Hún má auðvitað ekki ráða yfir lífi og dauða, vitlaus kerlingin.









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur




# Sumarleikur Byrs og fjölskyldunnar



## 100 heppnar fjölskyldur vinna bíómiða á hina frábæru mynd **KUNG FU PANDA** – taktu þátt!

Nú hafa öll heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri fengið þátttökuseðil sendan heim. Það eina sem krakkarnir þurfa að gera er að teikna mynd af PO eða vinum hans og vandamönnum og þeir gætu unnið miða á KUNG FU PANDA fyrir alla fjölskylduna! Einnig er hægt að nálgast þátttökuseðilinn í öllum útibúum Byrs.

Myndirnar þurfa að berast í síðasta lagi þann 8. júlí í næsta útibú Byrs. Dregið verður úr öllum innsendum myndum 9. júlí og vonandi verður heppnin með ykkur. Nöfn allra vinningshafa verða birt á heimasíðunni www.byr.is.




## Pandasparnaður – ÞAÐ ER GAMAN AÐ SPARA SAMAN.

Allir foreldrar sem leggja með krökkunum sínum 1.000 kr. eða meira inn á FRAMTÍÐARSJÓÐ fá aðrar 1.000 kr. í pandasparnað frá Byr.*

Þar með hefur barnið þitt fengið 100% pandagóða ávöxtun á aðeins einum degi. Pandasparnaður gildir til 15. ágúst og hentar mjög vel öllum börnum 15 ára og yngri.

BYR SPARISJÓÐUR

**Byr** sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

*Gildir einu sinni fyrir hvert barn




# Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent

**Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið**

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á höfuðborgarsvæðinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.




Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgina, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar–apríl 2008.

Fíton/SÍA


## STUÐ MILLI STRÍÐA Elst við ímyndir

**RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR** BÝR MEÐ AMERÍSKUM SVEITADURGI



Þvottadrengurinn minn á það til að eltast við ímyndir. Hann er úthverfadrengur í húð og hár, ólst upp í Kópavogi og sér úthverfalífið stundum í hillingum. Einbýlishús og tvöfaldur bílskúr með nýjum og glansandi bíl innandyra, vill helst eiga tvo.

Í Hlíðunum hefur lífið samt gengið þægilega fyrir sig þó hann orði það öðru hverju að kaupa lóð í Kópavoginum. Lífið varð sérstaklega þægilegt þegar hann varð hugfanginn af menningu amerískra sveitadurga, oft kennda við rauða hnakka.

Þvottadrengurinn lét hárið síkka og ræktaði yfirvararskegg. Úrvalið af köflóttum skyrtum og afabolum jókst svo um munaði í fataskápnum og hann fór meira að segja að ganga í rifnum gallabuxum. Hvert sem hann fór var hann með derhúfu á höfði og tuggði strá. Til að kóróna ímyndina keypti hann gamlan pallbíl sem fékk umsvifalaust nafnbótina „Bóndinn“. Brunaði svo um á Bóndanum með olnbogann út um hliðarrúðuna og talaði um í alvöru að fá sér heybagga á pallinn.

Ég kunni ágætlega við þennan nýja sveitadurg, verandi sveitavargur sjálf. Durgurinn var þægilegur í umgengni, mátulega kærulaus og var alveg hættur að minnast á lóðina í Kópavoginum.

Mér hætti þó að lítast á þegar hann fór að tala um að fá sér byssuleyfi. Held að honum sjálfum hafi svo hætt að lítast á þegar hann var farinn að mæla fyrir byssurekkanum í bílnum. Þegar Bóndinn fór svo að neita að fara í gang á morgnana og var dældaður á vélarhlífinni einn morguninn fór Durgurinn að sjá úthverfalífið í hillingum á ný.

Hann klippti sig og rakaði af sér yfirvararskeggið. Reyndi að pranga köflóttu skyrtunum inn á tengdaföður sinn og fór að líta á bílaauglýsingar. Bændabrúnkan er tekin að fölna og mér skilst að næsta ökutæki fjölskyldunnar verði steisjón-skódi.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskar aðstæður

*„Ég hef ekki notað annað í mörg ár en Þol þakmálningu og Akrýlþol á bárujárnsþök og bárujárnsveggi. Ég hika ekki við að segja að þú færð ekki betri útimálningu fyrir íslenskar aðstæður.“*
*Baldvin Már Frederiksen, málarameistari*




ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 42957 07/08

**Útsölustaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík • Fóðurblandan á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum**

málning
-það segir sig sjálft-

**Kl. 20.30**
*Söngvaka verður haldin í Minjasafninu á Akureyri, nánar tiltekið í Minjasafnskirkjunni, í kvöld kl. 20.30. Áhorfendur verða leiddir í söngferðalag í tali og tónum um íslenska tónlistarsögu frá miðöldum til okkar daga. Efnisskráin er afar fjölbreytt og spannar allt frá dróttkvæðum miðalda til þjóðlaga frá tuttugustu öld.*

# menning

menning@frettabladid.is

## List unnin í tré

Menningarráð Vesturlands og Skógrækt ríkisins á Vesturlandi vinna saman að eflingu listar og útiveru í skógum svæðisins í sumar með því að styrkja listamenn til þess að sýna útilistaverk sem unnin eru úr efniviði skóganna. Listsýning af þessu tagi verður opnuð í fallegum lundi í Jafnaskarðsskógi við Hreðavatn kl. 14 á morgun og mun standa þar út sumarið. Guðbjartur Hannesson, þingmaður Norðvesturkjördæmis, opnar sýninguna.

Listafólkið sem sýnir í skóginum á allt rætur að rekja til Vesturlands, en litið var til þess við skipulagningu sýningarinnar að efla samstarf á milli listamanna á Vesturlandi og auka áhuga fyrir myndlist á svæðinu. Samvinnan við skógræktina lýtur einnig að því að auka fjölbreytilega nýtingu skógarins í þágu almennings. Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru Anna Leif Elísdóttir frá Leirá, Ása Ólafsdóttir frá Lækjarkoti, Ásdís Sigurþórsdóttir frá Hvanneyri, Dögg Mósesdóttir frá Grundarfirði, Guttormur Jónsson frá Akranesi, Helgi Þorgils Friðjónsson frá Dölum, Lára Gunnarsdóttir frá Stykkishólmi og Páll Guðmundsson frá Húsafelli.

Sýningin er tilraunaverkefni, en ef vel tekst til verður hugsanlega haldið áfram með svipuð uppátæki sem vekja athygli almennings bæði á fagurri náttúru Vesturlands og því spennandi myndlistarlífi sem þrífst á svæðinu. - vþ


**UNNIÐ Í EFNIVIÐ SKÓGARINS** Anna Leif Elísdóttir vinnur að verki sínu fyrir myndlistarsýninguna í Jafnaskarðsskógi.

# Andlitsmyndir og fundnir hlutir

Eigendur sýningarrýmisins Gallerí + á Akureyri eru þau Joris Rademaker og G. Pálína Guðmundsdóttir. Á morgun kl. 16 opna þau saman sýningu á sínum eigin verkum í galleríinu, en þau hafa aldrei sýnt þar saman áður. Joris hefur þó haldið tvær einkasýningar þar og Pálína eina.

Pálína sýnir gömul og ný málverk og Joris skúlptúra, bæði nýja og gamla. Joris valdi verkin á sýninguna og reyndi að hafa einhvers konar samsvörun eða samræður á milli verkanna.

Joris er Hollendingur og hefur verið starfandi myndlistarmaður á Akureyri frá árinu 1991. Pálína nam myndlist í AKI í Hollandi og svo Jan van Eyck-akademíunni í Maastricht 1987-89. Þau hafa tekið þátt í samsýningum og/eða haft einkasýningar meira eða minna árlega síðan þau útskrifuðust sem myndlistarmenn.


**GALLERÍ +** Notalegt sýningarrými á Akureyri.

Verk Joris eru unnin úr náttúrulegum efnum og fundnum hlutum. Pálína vinnur aðallega með andlitsmyndir, málverk, ljósmyndir og texta út frá stjörnukortum. Á þessari sýningu eru eingöngu olíumálverk.

Gallerí + er til húsa að Brekkugötu 35 á Akureyri. - vþ

# Minningar tveggja landa fléttast

Myndlistarkonan Margrét Zóphóníasdóttir opnar myndlistarsýninguna Vistarverur veruleikans í Listhúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5, í dag kl. 16. Verkin sem Margrét sýnir þar eru olíumálverk á striga sem öll eru unnin á síðustu tveimur árum. Margrét á rætur að rekja til tveggja landa: Íslands og Danmerkur.


**MINNINGARBROT** Málverk eftir Margréti Zóphóníasdóttur.

Á sýningunni fléttar Margrét saman minningarbrotum sem mynda munstur og tengjast þessum tveimur löndum.

Margrét lauk forskóla Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1977 og útskrifaðist úr Danmarks Design háskólanum í Kaupmannahöfn árið 1981. - vþ

# Lesið af ljóðatrjám

Það er engu minni þraut að þýða ljóð en yrkja og ljóðaþýðingar Gyrðis Elíassonar eru mikið þrekvirki, birta íslenskum ljóðaunnendum úrval heimsbókmennta og í sömu andrá ný alíslensk úrvalsljóð. Í þýðingum Gyrðis er frummálið horfið, hvergi leifar af annarlegum tungum, glittir hvergi í snörun, ekkert sem ekki er hugsað frá grunni á íslensku. Listasmíð sem ber mikla virðingu fyrir fegurð tungumálsins okkar og eykur því ætt.

Í bókinni eru 120 ljóð eftir 27 höfunda frá 8 þjóðlöndum, öll eru skáldin karlar, utan tvö. Ljóðið á bls 143 er ekki nefnt í efnisyfirliti og er það við fyrstu sýn eini feill bókarinnar. Ljóðunum er raðað eftir áreiti og hugboðum þannig að hvert skáld tekur við kyndli annars og glæðir eldinn, sérhvert ljóð á sér samhljóm í öðrum sem smám saman safnast í sveipi sem síðan mynda eina margóma hviðu með vaxandi styrk bókina á enda. Úrvalsljóð eftir einkar spennandi skáld. Mikill fjársjóður.


GYRÐIR ELÍASSON SKÁLD OG ÞÝÐANDI

Ljóðaþýðing er í orði kveðnu þversögn. Ljóð, ekki síst nútímaljóð, eru fyrst og síðast smíðuð úr orðum og inntak ljóðanna þá oftar en ekki rígbundið þeim orðum. Merking ljóðsins getur falist í rittákninu ekki síður en viðmiðinu og er þá lokleysa án þess. Í nútímaljóðum geta smæstu einingar borið merkingu og falið í sér bæði inntak og innræti ljóðsins – verið óafmáanlegur hluti þess, jafnvel hljóð, tónar, þagnir, stafirnir, stærðir, útlit, greinarmerki, uppruni orðanna, margræðni þeirra, tónlist þeirra, lögun, litur, ritháttur, blær og saga. Svo fátt eitt sé nefnt. Ljóðið er þá ekki hægt að segja með öðrum orðum, þá er það ekki lengur til. Þýðing er þá staðleysa og tilgerð. Umorðun og endursögn á texta sem bundinn er eigin orðum er misskilningur og mótsögn, óvinur ljóðsins, gengur ekki upp.

Í þessu er fólginn höfuðvandi þýðandans; að yfirfæra á nýtt tungumál texta sem í eðli sínu er orð fyrir orð með aðferð sem er „hugsun fyrir hugsun" og skilar því ekki „réttum" orðum – af því hin klassíska þýðingaraðferð, „orð fyrir orð", skilar í tilfelli ljóðsins aldrei „heilli" hugsun og getur því ekki orðið að ærlegu ljóði. Flókin gáta sem ráða má ef þýðandinn er „andanum vaxinn", er sjálfur lifandi partur af sínu móðurmáli, er sjálfur skáld með öll skynfæri opin: Þá hverfur allt smælkið hér að framan (frá hljóði til sögu) átakalaust inn í samsvarandi heildarmynd á alveg nýrri tungu, inn í íslensk orð og íslenska málhugsun, íslenska hefð og íslenska „forskrift", inn í alíslensk ljóð sem spegla skáldskap frumtungunnar í öllum greinum án þess að spegla tunguna sjálfa. Þýðandinn/skáldið leikur þá á orðin án þess að svíkja þau. Bókin er til vitnis um að þetta er hægt – og um leið hverfur skákstrikið.

Gyrðir leysir þrautina af stöku listfengi, vinnubrögð hans öguð og sjálfstæð. Gömul bókstafstrú kennir að „virðing við höfundinn" felist í því að þýðing sé tvífari frumtextans, hér er hún gott betur, jafningi. Gyrðir snarar ekki orðum skáldanna á íslensku, hann kennir þeim íslenska tungu áður en þau yrkja ljóðin, það er galdurinn, veislan í farangrinum – og án þess að eigna sér heiðurinn.

Flautuleikur álengdar er afburðagóð ljóðabók, „einsog að fá ástarbréf frá tré" (52).

Sigurður Hróarsson




**BÓKMENNTIR**
**Gyrðir Elíasson: Flautuleikur álengdar. Ljóðaþýðingar.**
★★★★★




## Él í fiskgeymslu

**Listamennirnir Friðrik Örn Hjaltested, Þóranna Dögg Björnsdóttir, Þórunn Björnsdóttir og Viðar Þór Guðmundsson opna vinnustofur sínar í Mýrargötu 28, gömlu fiskgeymsluhúsi og núverandi húsgagnaverslun, kl. 15 í dag og standa þar fyrir sýningunni Alliance fram til 31. júlí. Sýningarrýmið nefnist Él og kennir þar ýmissa grasa. Þóranna sýnir hljóðskúlptúrinn Strengir, Þórunn hefur glætt húsgögn verslunarinnar Saltfélagið lífi, Viðar Þór sýnir málverkaröðina Sjóndeildarhringur og Friðrik Örn birtir nýjan kafla í verkefninu 1:.** - vþ




# Bætist við Metropolis

Enn fást menn við að endurbæta kvikmyndir frá elstu árum kvikmyndalistarinnar þótt þúsundir kvikmynda frá fyrstu áratugunum séu glataðar og enn séu lifandi leikstjórar að gera nýjar útgáfur á verkum sínum. Nú hefur fundist eintak af langri gerð myndar Fritz Lang, Metropolis, frá 1927 og þar eru 25 mínútur af upphaflega verkinu sem til þessa hafa talist glataðar. Vantar þá enn fimm mínútur í verkið.

Kvikmyndasafnið Pablo Ducrós Hicken í Búenos Aíres átti í hirslum sínum eintakið af löngu útgáfunni. Metropolis er af mörgum talin einn margra tinda í kvikmyndalist Evrópu milli stríða meðan sá iðnaður í álfunni var stærri og afkastameiri en kvikmyndaiðnaður Bandaríkjanna. Metropolis var framleidd 1927 og var þá ein dýrasta mynd sem framleidd hafði verið, kostaði þá 200 milljónir dala og átti að vera 150 mínútur að lengd. Eins og margar lengri myndir var hún klippt grimmilega í dreifingu.

Adolfo Z. Wilson, dreifingaraðili í Argentínu, keypti löngu útgáfuna 1928 til sýningar þar í landi. Eintakið komst í einkaeigu eftir það uns safnari seldi Listasjóði Argentínu eintakið á sjöunda áratugnum. Það komst í hendur Kvikmyndasafnsis 1992 og þegar nýr stjórnandi tók þar við taumum um áramótin var eintakið skoðað og kom þá í ljós að þar voru langir bútar sem ekki voru áður þekktir. Er eintakið í slæmu ásigkomulagi og mun taka langan tíma að hreinsa það ramma fyrir ramma með stafrænni tækni. Lengsta útgáfa Metropolis var fyrir fáum árum sýnd á Berlínarhátíðinni, en fyrir þann tíma hafði þýski tónlistarmaðurinn Giorgio Moroder gert sína útgáfu af verkinu með mörgum þekktum stefjum frá helstu tónlistarmönnum poppsins.


**KVIKMYNDIR** Úr Metropolis. Vélmennið og vísindamaðurinn.

Metropolis er ein þekktasta „science fiction"-mynd sögunnar. Hún var gerð af Fritz Lang sem var Austurríkismaður en starfaði mest í Þýskalandi uns hann flúði til Bandaríkjanna á tímum nasista. Hún var tekin í Babelsberg-kvikmyndaverinu og byggði á handriti Langs og konu hans, Theu von Harbou sem hafði samið framhaldssögu sama efnis 1926. Sagan gerist í býsna tæknivæddum heimi skýjakljúfa og loftfara. Róbotar þjóna yfirstétt sem býr við vellystingar meðan þrælar strita í djúpunum. Kvikmyndin gerist 2026 og hefur haft gríðarleg áhrif á framtíðarsýn kvikmyndagerðarmanna allt til okkar dags. - pbb

# NÝTT ÍSLENSKT
# Í NÆSTU VERSLUN




## Íslandslög 1-7
Songs of Iceland 1-7

INNIHELDUR 7 GEISLAPLÖTUR
OG 100 SÍÐNA BÓK MEÐ ÖLLUM
TEXTUM OG FRÓÐLEIK UM LÖGIN






## harry & heimir

Ellefu glæpsamlega eldfimir þættir

### Með öðrum morðum

Þættirnir „Með öðrum morðum" eru ævintýri einkaspæjaranna Harrys Rögnvalds og Heimis Snitzel hins hundtrygga (voff voff) aðstoðarmanns hans. Þættirnir hljómuðu fyrst á Bylgjunni vorið 1988. Leikararnir Karl Ágúst Úlfsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason semja allt efni þáttanna og eru einnig flytjendur.




íslenskir tónar

FÁANLEGAR Í NÆSTU VERSLUN

sena
okkar heimur // þín skemmtun

## >Ekki missa af Andersen & Lauth-útsölunni



Þetta er rétti tíminn til að hnjóta um flotta hönnun á góðu verði. Íslenska hönnunarmerkið Andersen & Lauth hefur vakið mikla athygli fyrir falleg snið, undursamleg smáatriði og góð efni. Kíktu í verslunina á Laugavegi 86-94 og dressaðu þig upp.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …



**… SVARTAN PRJÓNAKJÓL** Hann er dásamlega fallegur yfir gallabuxur eða bara einn og sér. Hann fæst í versluninni Noa Noa í Kringlunni.




**… LÍKAMSSKRÚBB FRÁ BIOTHERM** Þetta er eitt af fáum appelsínuhúðarbönum sem svínvirka. Skrúbburinn er borinn á þurra húð og nuddað vel inn í húðina áður en hann er skolaður af. Biotherm vörurnar fást í næstu snyrtivöruverslun.



**… SKÓ MEÐ OPINNI TÁ** Þeir eru frá Stuart Weitzman sem er mjög frægur amerískur skóhönnuður. Skórnir fást í Skóbúð Þráins skóara á Grettisgötu.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Marta María Jónasdóttir**

# *Eina alvöru hjálpartækið*

Í vikunni áttum við vinkonurnar athyglisverðar samræður um hliðarspik. Ein var að býsnast yfir skvapkenndum maga um leið og hún hélt á fjögurra mánaða gömlum syni. Ég sagði henni að það tæki líkamann meðgöngutíma að ganga almennilega saman og hún gæti því ekki kvartað fyrr en í fyrsta lagi eftir fimm mánuði. Í framhaldinu rifjaði ég það upp að ég vissi hreinlega ekki hvernig tilfinning það væri að vera með rennisléttan eða jafnvel infallinn maga. Þegar ég leit til baka mundi ég þó að þegar ég var með son minn í fanginu breyttust fitukomplexarnir svolítið. Í staðinn fyrir að býsnast yfir of breiðum lærum varð maginn aðalskotspónninn. Ég gekk meira að segja svo langt að biðja lækninn, sem tók á móti barninu, um að skera örlítið af fitunni og varð alveg brjáluð þegar hann neitaði. Fannst þetta vera aðeins of slök þjónusta frá hinu opinbera þar sem hann þurfti hvort sem er að sauma þetta saman aftur. Eftir að ég jafnaði mig á þessu hef ég bara mælt með því að „feika“ flottar línur með góðum hjálpartækjum. Er ekki auðveldra að kaupa sér bara samfellu en að fara út að hlaupa? Kannski er ég búin að horfa of mikið á „How to look good naked“ en eftir að hafa fjárfest í alvöru samfellum er varla hægt að fara til baka. Þegar einn vinnufélagi minn, sem kann að heilla konur upp úr skónum, spurði mig hvort ég væri alltaf í ræktinni því ég væri með svo flottar línur þá hét ég mér því að fara helst aldrei samfellulaus út úr húsi.



Það er samt svolítið merkilegt að konur eru oft hræddar við tól eins og samfellur og kjósa frekar sokkabuxur með aðhaldi eða aðhaldsnærbrækur. Sokkabuxur með aðhaldi skila þó sjaldnast tilteknum árangri því ef strengurinn rúllast ekki niður þá býr hann til aukafellingu í mittið sem er allt annað en fallegt. Aðhaldsnærbuxur eiga það til að búa til fjórar rasskinnar og það er líka svolítið dapurt. Þegar við vinkonurnar vorum búnar að ræða þetta fram og aftur varð eiginlega niðurstaðan að vera í sokkabuxum og samfellu yfir, þá haggast sokkabuxurnar ekki og línurnar verða svolítið flottar.

Ég er þó alls ekki að tala um að allar konur eigi að vera horaðar, mér finnst þrýstnar konur æðislegar og karlmenn mega alls ekki vera of rýrir. Þar fyrir utan ættu allir að hreyfa sig eitthvað smá á hverjum degi til að líða betur í hjartanu. Ég verð samt að mæla með ferð í Lífstykkjabúðina og þá er aldrei að vita nema ævintýrin fari að gerast.






**STÓR OG FLOTT** Þessi sólgleraugu lýsa sumartískunni vel, tvílit með „degrade“-glerjum.



**STÓR OG SVÖL** Þessi gleraugu eru með „degrade“-glerjum, dökk efst og lýsast svo niður. MYND/GETTYIMAGES



**VICTORIA BECKHAM** Fer varla út úr húsi nema að vera með sólgleraugu. Hér er hún með gleraugu frá GUCCI

# RISAVAXIN SÓLGLERAUGU

Sólgleraugu eru einn mikilvægasti fylgihluturinn og er hægt að poppa sig allhressilega upp með réttu gleraugunum. Í sumartískunni 2008 eru stór sólgleraugu það heitasta sem hægt er að hnjóta um. Vinsælustu sólgleraugun minna einna helst á gleraugu hippa/diskótímans þar sem stærðin skipti öllu máli. Sólgleraugnatískan helst í hendur við fatatískuna og eins og þar er mikill glamúr í gangi. Þá er alveg sama hvort umgjörðin er gyllt eða úr plasti, armarnir steinum skreyttir eða ekki. Það er þó ekki nóg að umgjörðin sé falleg því glerin skipta miklu máli. Í öllum alvöru sólgleraugum frá helstu tískuhúsunum eru vönduð gler sem vernda okkur gegn geislum sólarinnar. Í glerjum hefur verið mikil „degrade“-tíska, en þau gler eru dökk efst og lýsast þegar neðar dregur.

Stjörnurnar úti í heimi eru duglegar að innleiða ný „trend“ og er sólgleraugnatískan ekki undanskilin. Madonna kýs YSL, Victoria Beckham er Gucci-kona ásamt Angelinu Jolie og Jennifer Lopez er hrifin af Balenciaga. Þótt „alvöru“ sólgleraugu kosti skildinginn er það þó þess virði enda er ekkert jafnhræðilegt og illa feikuð Prada.

**martamaria@365.is**



**MADONNA** Er ávallt með öll helstu „trendin“ á hreinu. Hér er hún með YSL-sólgleraugu sem hafa algerlega slegið í gegn. MYND/GETTYIMAGES



**CLAUDIA SCHIFFER** Er flott með risavaxin sólgleraugu. MYND/GETTYIMAGES



skemmtilegri
VISA
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra í einum pakka
á aðeins 4.890 kr. á mánuði fyrir kreditkorthafa
Visa í boðgreiðslu m.v. þriggja mánaða skuldbindingu.
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
STELPU
SUMAR
Á STÖÐ 2 Í JÚLÍ
SÉRVALIÐ EFNI
FYRIR STELPURNAR Í ALLT SUMAR
So You Think You Can Dance
Cashmere Mafia
Ghost Whisperer
Beauty and the Geek
Flipping Out
Canterbury's Law
Women's Murder Club
Newlyweds, Nearly Dead
The Moment of Truth
The Riches
It's Always Sunny in Philadelphia
Las Vegas
The Devil Wears Prada
Oprah
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > LÍK ANGELINU JOLIE

Mörgum þykir leikkonan unga, Megan Fox, svipa mjög til Angelinu Jolie. Megan var valin kynþokkafyllsta kona ársins af tímaritinu FHM, en það er titill sem Angelina hefur einnig hampað. Leikkonurnar eiga einnig sameiginlegt áhugamál, en það eru húðflúr og skarta þær báðar nokkrum slíkum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Safnað fyrir roskna kempu

„Söfnunin hefur gengið vel og nær nýju hámarki á sunnudaginn,“ segir Hrafn Jökulsson í Trékyllisvík.

Mikil hátíð stendur fyrir dyrum á sunnudaginn á hótel Glym í Hvalfirði með kaffihlaðborði, listaverkauppboði og skemmtiatriðum en hátíðin er liður í fjáröflun Félags Árneshreppsbúa sem stendur yfir vegna endurreisnar Finnbogastaða sem brunnu nýverið ofan af Guðmundi Þorsteinssyni. Öll innkoma fer þráðbeint í söfnunina að sögn Hrafns sem bendir að sjálfsögðu á reikningsnúmerið 1161-26-001050 og kennitölu: 451089-2509. „Mundi mætir sjálfur suður af þessu tilefni. Ég get ekki nógsamlega undirstrikað mikilvægi málsins,“ segir Hrafn sem einatt lætur til sín taka þegar góð málefni eru annars vegar.



**BÍÐA EFTIR NÝJU HEIMILI** Mundi og læðan Písl sem er 18 ára gömul. Þegar brann ofan af þeim tóku sveitungarnir höndum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/HRAFN

Og þetta hlýtur sannarlega að teljast eitt þeirra. „Nýtt hús fyrir Munda. Roskna kempu á heimsskautsbaug. Sem missti hús sitt í bruna. Hús sem stendur í fámennasta byggðarlagi Íslands,“ segir Hrafn. Fjölmargir ferðamenn hafa lagt leið sína norður í Trékyllisvík – þeirra á meðal gamall vinur Hrafns, Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, en þeir elduðu grátt silfur í kosningum á Suðurlandi fyrir of mörgum árum. Þá var Hrafn einnig ritstjóri Alþýðublaðsins. „Já, Guðni hefur heitið liðsinni sínu og munar um minna,“ segir Hrafn. **- jbg**



**LILJA, GUÐRÚN, ÞURÝ OG ÁSTA** Skemmtu sér vel í blíðunni.



**ÁNÆGT VESPUFÓLK** Soffía Jóhannesdóttir og Ásgeir Þórðarson opnuðu vespuleigu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fögnuðu vespuleigu

Ásgeir Þórðarson, leikari, og Soffía Jóhannesdóttir opnuðu á fimmtudag vespuleigu sem hefur fengið nafnið Lundavespur. Slegið var upp veislu í tilefni dagsins og líkt og myndirnar bera með sér skemmtu gestir sér vel.

Lundavespur eru til húsa við hvalskipin við Reykjavíkurhöfn og þar geta menn leigt sér vespu til þess að rúnta um borgina. Vespur hafa verið að ryðja sér til rúms á síðustu mánuðum og þykja góður og sparneytinn ferðakostur nú á krepputímum. Það er því um að gera að bregða sér niður á höfn, anda að sér sjávarloftinu, leigja sér vespu og taka eins og einn rúnt niður Laugaveginn. **- sm**

# Garðveisla í portinu

Í tilefni hins nýja vegglistaverks sem nú prýðir hið fornfræga Sirkúsport verður haldin garðveisla í portinu í dag. Það eru Gallerí Lost Horse og Nýlenduverslun Hemma og Valda sem standa fyrir veislunni sem hefst stundvíslega klukkan 15 og mun standa fram að miðnætti. Hægt verður að kaupa mat og drykk á staðnum en einnig verður haldið listauppboð og mun ágóðinn allur renna til þeirra listamanna sem stóðu að veggverkinu.



**GARÐVEISLA Á SIRKUS** Alexander Zaklynski skreytti Sirkusportið.

„Listamennirnir fengu engin laun fyrir vinnu sína og við erum að vonast eftir að geta með þessu framtaki borgað þeim einhverja smá upphæð fyrir alla þá vinnu sem þeir lögðu á sig,“ segir Alexander Zaklynsky sem er einn þeirra sem stóð fyrir verkefninu. Sérsmíðuð mínigolfbraut verður einnig afhjúpuð í dag og munu ýmsar hljómsveitir og plötusnúðar spila fyrir gesti.

„Það er spáð góðu veðri þannig ég vona að sem flestir láti sjá sig og komi og njóti dagsins með okkur,“ segir Alexander að lokum. **- sm**

# Ókeypis? Á Íslandi? Ekki séns!

Kreppa kreppa kreppa. „Krónan í frjálsu falli.“ Ertu komin með nóg af því hvað allt er dýrt? Örvæntu ekki. Hér eru hugmyndir að dægradvöl sem kostar ekki krónu. Alveg satt!

Bleyttu fæturna í Nauthólsvík. Það er ekkert alltaf rok og það er náttúrulegra (og ódýrara) en að liggja í klór. Ef þig langar ekkert í vatnið er sandurinn tilvalinn undir kastalabyggð, boltaleiki, sólbað …

Kíktu á bókasafnið. Hver veit nema þú dettir inn í einhverja ódauðlega snilld, eða eigir augngotur í gegnum bókaskápana. Svo eru kvöldgöngur frá Borgarbókasafninu fimmtudagskvöld klukkan átta með leiðsögumanni og má þar fræðast um borg og bý.

Gefðu öndunum. Það er ekki bara fyrir ungbörn að hlusta á gutlið í tjörninni og kvakið í bra bra. Þú getur fengið brauð í bakaríinu og verið sátt/ur við góðverk dagsins.

Prufukeyrðu bíl. Er ekki í lagi að láta sig dreyma? Akstur í nýþvegnum bíl með græjurnar á góðum styrk kemur skapinu í lag. Svo er þetta ekki þinn tankur.

Sestu í garð Einars Jónssonar. Rýndu í högglist meistarans og gleymdu öllum ysi í hjarta borgarinnar.

Fáðu frítt að borða. Food for Bombs eða Matur ekki einkaþotur gefa mat alla laugardaga á Lækjartorgi. Komdu þér í pólitískar umræður við róttæklinga Íslands. Samræðurnar gætu komið þér á óvart.

Kíktu á Listasafn. Það er hvergi meiri ró en á söfnum borgarinnar og myndlist vekur alltaf einhverjar kenndir eða hugmyndir.

Farðu á tónleika. Djass á Jómfrúnni er klassískur á laugardögum, sumarhópar Hins Hússins dúkka upp á föstudögum. Renndu á hljóðið.

Finndu þér grasblett. Hvort sem það er á Austurvelli, Grasagarðinum, Miklatúni eða uppi í Heiðmörk. Þú þarft ekki að liggja og sóla þig. Þú gætir farið í folf, skellt þér í fótbolta, hlaupið í skarðið eða rúllað þér í dögginni. Hvað sem hentar þér best.



**RÓIN HÖGGVIN Í STEIN.** Garður Einars Jónssonar er tilvalinn til afslöppunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SANDURINN KITLAR** Það má ýmislegt finna sér til dundurs á ylströnd Íslendinga, Nauthólsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**SVANASÖNGUR** Brauð gæti verið góðverk dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Farðu að dorga. Á bryggjunni er skemmtun fyrir fleiri en hugmyndaríka polla. Afhverju ekki að virkja veiðimanninn og barnið í sér í einu?

Skelltu þér í Bingó. Það kostar kannski að spila en það getur verið stórkostlegt að fylgjast með spennunni rísa í Vinabæ áður en allt springur í stórkostlegu Bingó!

Finndu þér kvikmyndaklúbb. Víða leynast ókeypis kvikmyndasýningar, t.d. í Goethe-Institut og í Bæjarbíói. Einhver þeirra er sérsniðinn að þínu áhugasviði.

Farðu í Kolaportið. Þú þarft ekkert að versla, það eitt að vera þar er feikinóg. Ef þig langar á annars konar útimarkað geturu kíkt á Organ og ruggað þér í takt.

Klífðu Esjuna. Hættu að tala um það og gerðu það. Þá er það afrekað. Og hana nú.

Vertu heima hjá þér. Það er líka gott að vera heima með góða bók eða sjónvarpsfjarstýringuna límda við lófann. Leyfðu þér það.

**kolbruns@frettabladid.is**

# Amy vöktuð

**Faðir Amy Winehouse hefur undanfarið verið í fullri vinnu við að vakta dóttur sína og passa upp á að hún haldi sig fjarri eiturlyfjum og áfengi. Nú hefur honum hlotnast liðsstyrkur því útgáfufyrirtæki Amy hefur fengið öryggisvörð til að standa vakt fyrir utan heimili stjörnunar og fær nú enginn fyrir utan fjölskylduna að koma nálægt henni. Þetta mun vera síðasta hálmstráið í björgunartilraunum vina og vandamanna en heilsu Amy hefur hrakað ört síðustu mánuði og var hún meðal annars lögð inn á spítala fyrir stuttu.**



# Tónlistarmenn eru kranar

Í dag stendur Félag um stafrænt frelsi fyrir ráðstefnu á Grand Hotel þar sem ætlunin er að vekja Íslendinga til umhugsunar um frelsi á upplýsingaöld. Einn ræðumanna er Bandaríkjamaðurinn John Perry Barlow, sem hefur látið mikið til sín taka á þessum vettvangi. Réttindamál tónlistarmanna eru John meðal annars hugleikin því sjálfur er hann tónlistarmaður og gerði texta fyrir Grateful Dead.

„Í Bandaríkjunum eru tónlistarfyrirtækin farin að tala mikið um „tónlistarneytendur“. Hvað þýðir það?,“ spyr hann. „Ef ég neyti hamborgara þá veit ég hvað kemur út um hinn endann, en ef ég „neyti“ lags, hvað kemur þá út? Ég neyti lagsins en lagið er samt enn þá á sínum stað, en ef ég neyti hamborgara þá hverfur hann. Þess vegna fæ ég ekki skilið hvernig hægt er að kalla fólk sem hlustar á tónlist „neytendur“.“

John er kominn í stuð og heldur áfram: „Fyrir mér er tónlist ekki eins og nafnorð heldur eins og sögn – tónlist er aðgerð, samskiptaleið. Nú er tónlistar- og kvikmyndabransinn alltaf að tala um mannlega tjáningu sem innihald. Ef þeir breyta þessu í nafnorð geta þeir eignað sér það. Fyrir mér er tónlist ekki hlutur.“



**SPYR GRUNDVALLARSPURNINGA** John Perry Barlow talar um stafrænt frelsi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

John hefur þá sýn á lagasmíðar að tónlist sé ekki „búin til“ af einhverjum, heldur „flæði“ í gegnum hann. „Ég samdi ekki lögin sem eftir mig liggja. Ég skrifaði þau bara niður. Ef ég eignaði mér þessi lög væri það eins og að kraninn eignaði sér vatnið. Sem hann getur svo sem að hluta. Sumir kranar eru svo heppnari en aðrir. Ég hefði til dæmis alveg verið til í að vera kraninn sem Bob Dylan-lögin flæða í gegnum.“

John er umhugað um rétt almennings til upplýsinga eins og titill fyrirlesturs hans gefur til kynna, „The Right to Know“. „Á sínum tíma kom hópur fólks með kröfur um almenn mannréttindi og þær kröfur gengu eftir þótt það tæki tíma að ná þeim fram. Nú stöndum við frammi fyrir svipuðum grundvallarspurningum með tækninýjungum tölvutækninnar og internetsins. Nú ætti almenningur til upplýsinga að geta fræðst um allt sem hann vill, í mínum huga eiga allar upplýsingar um yfirvaldið að liggja fyrir. Það er bara hægt ef yfirvaldið er gegnsætt. Vald er tjáð á tvennan hátt: með ofbeldi og með því að hefta upplýsingaflæði. Ef þú getur stjórnað því hvað fólk veit, þarf ekki að hleypa af einu skoti.“

Ráðstefnan stendur frá kl. 12 til 18. Aðgangur er ókeypis.

**gunnarh@frettabladid.is**


NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI
RISA
MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
LAUGARDALSHÖLLIN
Opnar í dag
TÓNLIST
Íslensk tónlist
- erlend tónlist - klassík - jazz
VERÐ FRÁ KR. 99
Takmarkað magn
Þúsundir titla í boði
TÖLVULEIKIR
Leikir á allar leikjarvélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo
VERÐ FRÁ KR. 999
DVD MYNDIR
VERÐ FRÁ KR. 999
Nóg af bílastæðum
OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK D HJÓÐ & MYND | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| HANCOCK LÚXUS D HJÓÐ & MYND | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.10 | |
| KUNG FU PANDA D HJÓÐ & MYND | kl. 1 - 3.20 - 5.40 ÍSL. TAL | |
| BIG STAN | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ZOHAN | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| HORTON ÍSL. TAL | kl. 1 | |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HAPPENING | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 4 - 7 - 10 | 14 |
| ZOHAN | kl. 3 - 5.30 | 10 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3 - 10.20 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 4 - 6 - 8.30 - 10.30 | 12 |
| KUNG FU PANDA | kl. 4 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL | |
| BIG STAN | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| KJÖTBORG | kl. 4 - 5 | |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 4 - 6 - 8 - 10* | 12 |
| BIG STAN | kl. 8 - 10 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 3.40 - 5.50 | 12 |

*kraftsýning

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 2, 4, 6, 8(D) og 10(D) | 12 |
| KUNG FU PANDA | kl. 2(D), 4(D) og 6 (D) | L |
| WANTED | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 1, 4 og 7 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10 | 14 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2D - 4D - 6D | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | VIP |
| KUNG FU PANDA m/ensk. tali | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| HANCOCK | kl. 2 - 4 - 6 - 8D - 10:10D | 12 |
| HANCOCK | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| WANTED | kl. 5:30 - 8 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 - 8 | 7 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 - 8 - 10:20 | 12 |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| WANTED DIGITAL | kl. 8:30D - 10:50D | 16 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2:30D - 4:30D - 6:30D | L |
| NARNIA 2 DIGITAL | kl. 3D - 6D | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE BANK JOB | kl. 9 - 11:10 | 16 |
| SPEED RACER | kl. 3 | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 | 7 |
| WANTED | kl. 10:10 | 16 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| WANTED | kl. 8 - 10 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 - 8 | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 10:30 | 16 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| HANCOCK | kl. 8 - 10 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 | 7 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 10 | 12 |


# Sigur Rós í Eurovisiongír

Í nýlegu viðtali við götublaðið The Sun segir Jónsi í Sigur Rós að bandið hefði samið lagið „Gobbledigook“ eftir að hafa horft á Eurovision-söngvakeppnina. „Við vorum í bóndabæ sem við leigðum og horfðum á alla keppnina. Þetta var langt kvöld og eftir á voru heilarnir á okkur svo gjörsamlega steiktir að við bara urðum að semja þetta lag.“

Fyrst Sigur Rós horfir á Eurovision liggur næsta skref í augum uppi: þeir semja og flytja framlag Íslands í keppninni næst! Annað eins hefur nú gerst. Hinn eitursvali Sébastien Tellier keppti til dæmis fyrir Frakkland síðast og rokkhundarnir í System of a Down hafa lýst yfir að þeir vilji keppa fyrir hönd Armeníu næst. Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Sjónvarpsins, hlýtur bara í þessum töluðum orðum að vera að leita að símanúmerinu hjá Jónsa. - glh



**RÚSSLAND KALLAR 2009** Vinnum við loksins Eurovision með Sigur Rós?

# Myndlistarmenn í beinni línu frá Bíldudal til Ródos

**Myndlistarkonurnar Eva Ísleifsdóttir og Monika Frycova sjá um listahátíðina Festival Untitled á Bíldudal í sumar.**



**HRESSAR LISTASTELPUR** Eva Ísleifsdóttir og Monika Frycova sjá um listahátíð á Bíldudal.

Hátíðin sem Eva Ísleifsdóttir og Monika Frycova standa fyrir á Bíldudal er sú fyrsta af þremur og er hluti af stærra verkefni sem ber heitið Directrix. Seinni verkefnin tvö munu eiga sér stað í byrjun september í bænum Olomouc í Tékklandi og á eyjunni Ródos á Grikklandi.

Þær stallsystur munu verja sumrinu á Bíldudal og munu standa að alls kyns uppákomum þar í samstarfi við Gallerí Dynjanda. Í dag munu þær til dæmis standa fyrir kvikmyndakvöldi þar sem sýndar verða myndir sem Monika hefur safnað á ferðum sínum um heiminn. Þegar Eva er spurð um upphafið á verkefninu svarar hún: „Þetta byrjaði allt með einum tölvupósti þar sem ég var að falast eftir vinnu hér á Bíldudal, út frá því óx þetta verkefni, Directrix. Við hlutum svo styrk frá Menningarsjóði Vestfjarða og European League of Institutes of the Arts, ELIA, sem er með samevrópskt kvikmyndaverkefni í gangi.“ Eva segir að Directrix-verkefnið sé kvikmyndaverkefni á vegum ELIA og fjalli mynd þeirra um tungumál og hið þögla tungumál líkamans, eða líkamstjáninguna.

„Við byrjum hér á Íslandi þar sem móðurmál mitt er talað, þaðan förum við til Tékklands þar sem móðurmál Moniku er talað og endum í Ródos þar sem við stöndum jafnvíga því hvorug okkar talar grísku.“

Í Tékklandi taka þær stöllur einnig þátt í ljóðlistahátíð þar sem þær munu kynna það sem þær hafa unnið að í Bíldudal í sumar. Eva segir ástæðuna fyrir því að Ródos varð fyrir valinu vera þá að á korti mynda Bíldudalur, Olomouc og Ródos beina línu en einnig vildu þær enda verkefnið á stað sem væri ríkur af sögu og hefð. Í nóvember munu þær síðan fara til Berlínar þar sem Directrix og aðrar myndir sem tóku þátt í ELIA-verkefninu munu keppa til verðlauna. sara@frettabladid.is










# Frábært verð
# á flötum skjám

Mesta úrvalið í Hagkaupum Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

## Panasonic 32"

TX32LM70F

- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- HD Ready
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- VIERA Link
- Backlight Control
- 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Borðstandur með 15° gráðu snúning fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 65,7x47,3x10,7




**99.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

## United 19"

TVD7056

- 19" 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Sjónsvið (h/v): 150/130° og birtustig: 300 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- 12v snúra fylgir
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 46x35x8




**54.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

## Toshiba 37"

37C3000PG

- 37" 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL PROcessing III myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 5.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- 2 x 25w Nicam Stereó hljóðkerfi með SRS WoW Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 92x61,3x12,1




**129.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

## Dantax 40"

40LCDV7

- 40" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa: 2.000:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 550 cd/m2
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 108x81,2x14,2




**119.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

## Panasonic 42"

TH42PV70F

- 42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp
- Upplausn: 1024x768 punktar
- V-Real 2 Engine tækni Frábær myndgæði
- Advanced 3D Colour management
- Motion Pattern Noise Reduction
- Sub-Pixel Control
- HD Ready
- Progressive Scan
- Real Black Drive 10.000:1 skerpa
- VIERA Link
- 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og PC tengi
- Textavarp með 1500 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 102 x 68 x 9,7




**199.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

## Toshiba 42"

42C3530DG

- 42" 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL PROcessing IV myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 4.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- Innbyggður DVB-T móttakari
- 2 x 25w Nicam Stereó hljóðkerfi með SRS WoW Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 102,7x67,3x12,4




**169.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 11. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > KR hefur bikarvörnina gegn Fylki

Dregið var í 8 liða úrslit VISA-bikars kvenna í gær þar sem fjögur efstu lið síðasta sumars, Valur, KR, Breiðablik og Keflavík, komu loks inn í keppnina. Bikarmeistarar KR drógust á móti Fylki og fer leikurinn fram á Fylkisvelli. Íslandsmeistarar Vals fengu heimaleik gegn Keflavík, sem lék sem kunnugt er til úrslita um VISA-bikarinn við KR-stúlkur síðasta sumar. Þá þarf Breiðablik að ferðast norður á Akureyri og mæta Þór/KA en Akureyrarliðið vann viðureign liðanna á Akureyrarvelli í byrjun síðasta mánaðar þannig að Blikastúlkur eiga þar harma að hefna. Stjarnan leikur gegn eina liðinu utan Landsbankadeilarinnar, 1. deildarliði ÍA, og fer leikurinn fram á Stjörnuvelli.



**sport**
sport@frettabla-

SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON: HEFUR MENNTAÐ SIG Í ÞJÁLFARAFRÆÐUM FRÁ ÞVÍ ÁRIÐ 1992

# *Annar þjálfarinn á Íslandi til að fá æðstu gráðu*

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins, lauk nýverið UEFA Pro Licence-gráðunni. Hún er æðsta þjálfaragráða sem veitt er í Evrópu og gefur hún rétt til að stýra hvaða liði sem er í álfunni. Hann er aðeins annar Íslendingurinn til að fá gráðuna, hinn er Teitur Þórðarson.

Sigurður byrjaði að sanka að sér gráðum árið 1992 þegar hann var 19 ára gamall. Þá tók hann fyrsta og annað stig á vegum KSÍ. Hann lauk UEFA B-gráðu 2004, A-gráðunni 2007 og lauk hringnum með Pro gráðunni nú í júní. Eitt ár tekur að klára gráðuna.

UEFA greiðir fyrir nám Sigurður sem kostar um 1,5 milljónir þar sem það vill að fræðslustjórar knattspyrnusambanda í álfunni séu með gráðuna. Sigurður er fræðslustjóri KSÍ.

„Þetta var mjög mikil vinna en henni var dreift yfir árið. Ég þurfti að fara þrisvar til Englands og einu sinni til Spánar til að fylgjast með æfingum. Þess á milli eru unnin stór verkefni og ég þurfti til dæmis að búa til DVD-disk með æfingum frá mínu liði. Ég þurfti líka að skila inn öllum undirbúningi frá A til Ö fyrir einn leik, hvernig ég ætlaði að nálgast leikinn, allar skýrslur frá njósnurum, hvernig sóknin og vörnin áttu að vera, föst leikatriði og svo framvegis,“ sagði Sigurður sem tók saman undirbúning fyrir leik landsliðsins gegn Serbíu.



Ásamt Sigurði luku fleiri þjálfarar gráðunni, meðal annars Roy Keane, stjóri Sunderland. Stuart Pearce, sem stýrir ungmennalandsliði Englands, var að þjálfa á námskeiðinu og bauð hann þeim sem vildu að fylgjast með æfingaferli liðsins þegar þeir vildu. „Það gæti vel verið að ég nýti mér það,“ segir Sigurður.

Hugur Sigurðar stefnir áfram á þjálfun í framtíðinni og gráðan opnar ýmsar dyr fyrir honum. „Mér finnst mjög spennandi og skemmtilegt að þjálfa. Ég klára að sjálfsögðu verkefnið með kvennalandsliðinu og sé svo til. Það er erfitt að skipuleggja langt fram í tímann í þjálfun. Ef það kemur eitthvað krefjandi og spennandi upp þarf maður að skoða hvert og eitt tilfelli en ég held að ég leggi fyrir mig þjálfun í framtíðinni. Það er þangað sem hugurinn stefnir núna,“ sagði Sigurður Ragnar.



**VERJA EKKI TITILINN** FH er úr leik í bikarnum í ár eftir tap gegn Keflvíkingum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bikarmeistarar karla:

# Gengur illa að verja titilinn

**FÓTBOLTI** Það gengur illa hjá VISA-bikarmeisturum karla að endurtaka leikinn.

Þetta er sjötta árið í röð sem bikarmeistarar karla detta út áður en komið er í undanúrslit keppninnar. Keflavík vann FH 3-1 í 16 liða úrslitunum á fimmtudagskvöldið og sló bikarmeistarana út en árið á undan voru það Blikar sem slógu út þáverandi bikarmeistara Keflavíkur.

Síðasta liðið til þess að verja bikarmeistaratitilinn var lið Fylkis sem náði því sumarið 2002.

Það hefur þó ekki dugað liðunum langt að slá út bikarmeistarana því enginn þessara sex bikarmeistarabana hefur komist í sjálfan bikarúrslitaleikinn. Fylkismenn eru einnig síðasta liðið sem náði að slá út bikarmeistara og fagna bikarmeistaratitlinum en það gerðu þeir árið 2001.

- óój

**TITILVÖRN BIKARMEISTARA SÍÐUSTU ÁR:**

| | |
|---|---|
| 2003 Fylkir | 16 liða úrslit (KA) |
| 2004 ÍA | 32 liða úrslit (HK) |
| 2005 Keflavík | 16 liða úrslit (HK) |
| 2006 Valur | 8 liða úrslit (Víkingur) |
| 2007 Keflavík | 8 liða úrslit (Breiðablik) |
| 2008 FH | 16 liða úrslit (Keflavík) |

# Fjórleikur Loga gekk fullkomlega upp

**KR-ingar eru komnir á mikinn skrið, nýju mennirnir hafa smollið inn í liðið, þeir eru með heitasta sóknarmanninn í deildinni og vörnin hefur haldið hreinu í fimm leikjum. Fjórir menn liðsins hafa breytt miklu.**

**FÓTBOLTI** Logi Ólafsson hélt ró sinni þótt KR-ingar hefðu tapað þremur leikjum í röð í maímánuði. Slæmar minningar frá árinu á undan fóru að leita á huga stuðningsmanna liðsins en Logi átti spil uppi í erminni. Fjórleikur Loga hefur spilað lykilhlutverk í að snúa við KR-skútunni og koma liðinu á fulla ferð upp stigatöfluna í Landsbankadeildinni og inn í átta liða úrslit VISA-bikarsins.

Þetta hófst allt með því að setja Björgólf Takefusa á bekkinn í leik á móti FH í Kaplakrika. Björgólfur hafði ekki skorað mark (á 216 mínútum) í fyrstu þremur leikjum tímabilsins þrátt fyrir fjölda góðra færa en þetta útspil Loga kveikti í kappanum. Björgólfur kom inn á í næsta leik á móti Fram og hefur ekki hætt að skora síðan. Hann hefur nú skorað í sjö leikjum í röð, fimm í deildinni og tveimur í bikarnum, samtals 10 mörk á einum mánuði.

Framleikurinn frá því 2. júní markar fleiri tímamót hjá KR-liðinu í sumar. KR vann leikinn 2-0 og endaði umrædda þriggja leikja taphrinu. Í þessum leik komu þeir Stefán Logi Magnússon (markvörður) og Pétur Marteinsson (miðvörður) inn í liðið í fyrsta sinn í sumar og Jónas Guðni Sævarsson tók auk þess við fyrirliðabandinu. Stefán Logi hefur síðan haldið hreinu í fimm af sex leikjum og ekki fengið á sig mark í 364 mínútur. Pétur Marteinsson missti reyndar af 2-4 tapleiknum í Keflavík í næsta leik á eftir en KR hefur ekki enn fengið mark á sig með hann við hlið Grétars Sigurðarsonar þrátt fyrir að Pétur sé nú búinn að spila í 434 mínútur með liðinu í sumar. Það þætti mörgum kannski óvenjulegt að láta Jónas Guðna Sævarsson fá fyrirliðabandið í hans fimmta deildarleik fyrir KR en Jónas Guðni hefur spilað einstaklega vel og KR hefur unnið alla sex leiki sína þegar hann hefur borið fyrirliðabandið.



**STEFÁN LOGI MAGNÚSSON** Hefur haldið fimm sinnum hreinu í síðustu sex leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**PÉTUR MARTEINSSON** Hefur spilað í 434 mínútur án þess að KR hefur fengið á sig mark. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**JÓNAS GUÐNI SÆVARSSON** KR hefur unnið alla sex leikina með hann sem fyrirliða. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA** Hefur skorað í sjö leikjum í röð og samtals 10 mörk á einum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það má heldur ekki líta fram hjá innkomu fjögurra manna í KR-liðið því ólíkt mörgum nýjum andlitum á undanförnum árum þá hafa þeir Guðjón Baldvinsson, Grétar Sigurðarson og Viktor Bjarki Arnarsson auk Jónasar Guðna fundið sig vel í KR-liðinu. Guðjón hefur hrifið marga með vinnusemi sinni og sprengikrafti. Hann er algjör martröð fyrir varnarmenn deildarinnar þó að honum hafi ekki gengið eins vel að skora og Björgólfi.

KR-ingar eru nú komnir upp í 3. sæti deildarinnar, sjö stigum á eftir toppliði FH, í kjölfar þess að hafa náð inn 12 stigum af 15 mögulegum í júní. Fyrsti deildarleikur júlímánaðar er gegn Þrótti á Valbjarnarvellinum á sunnudagskvöldið og þá er að sjá hvort nýliðunum úr Laugardalnum takist að hægja á KR-skútunni.

**ooj@frettabladid.is**

Rúnar Kárason er í íslenska handboltalandsliðinu sem byrjar undirbúning fyrir Ólympíuleikana eftir helgi:

# Maður fær ekkert gefið á landsliðsæfingum

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið kemur saman á mánudag í undirbúningi sínum fyrir Ólympíuleikana. Fram undan eru stífar æfingar hjá nítján manna hópi sem Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari kynnti í gær.

Í hann vantar Einar Hólmgeirsson sem á von á barni og gaf því ekki kost á sér. Í hans stað valdi Guðmundur Framarann Rúnar Kárason, tvítuga hægri skyttu. „Ég var búinn að lesa fréttina um Einar og bjóst kannski hálfpartinn við þessu,“ sagði glaðbeittur Rúnar við Fréttablaðið í gær.

Hann hefur leikið þrjá landsleiki og æfði með liðinu fyrir undankeppni ÓL og HM. „Ég er búinn að æfa vel síðan á síðustu landsliðsæfingum þegar ég var í slöppu formi eftir prófin og langt tímabil. Ég er ferskari núna og í betra formi,“ sagði Rúnar sem dreymir um að fara til Peking. „Þetta er stærsti íþróttaviðburður sem til er, maður segir ekki nei við því.“

Liðið æfir tvisvar á dag flesta dagana og fær litla hvíld. Dagana 18. og 19., júlí verða leiknir tveir æfingaleikir við Spánverja og liðið fer síðan á æfingamót í Frakklandi. Brottför til Peking er svo þann 3. ágúst en þá verður búið að skera hópinn niður í fjórtán leikmenn. Leyfilegt er að skipta út meiddum manni meðan á mótinu stendur.

Rúnar segir kappið á landsliðsæfingum mikið en flestar æfingarnar fara fram á heimavelli hans í Safamýrinni. „Það er hrikalega gaman að sjá hvernig þessir strákar æfa, hugarfarið er öðruvísi og maður fær ekkert gefins. Hver æfing með landsliðinu er eiginlega erfiðari en allir leikir sem ég hef spilað. Það er meira kapp og fútt í því,“ sagði Rúnar.

**- hþh**



**RÚNAR** Segist ætla að spila áfram með Fram á næsta tímabili en eftir það stefnir hugur hans út í atvinnumennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ÆFINGAÁÆTLUNIN**

**7.-17. júlí:** Æfingar tvisvar á dag utan tvo daga þegar æft er einu sinni. Sunnudagurinn 13. júlí er frídagur.
**18. og 19. júlí:** Tveir æfingaleikir við Spánverja hér á landi.
**21.-23. júlí:** Æfingar á Íslandi.
**24.-28. júlí:** Æfingamót í Strassbourg í Frakklandi. Leikið við Egypta, Frakka og Spánverja.
**29. júlí-2. ágúst:** Æfingar á Íslandi.
**3. ágúst:** Haldið til Peking.

**LANDSLIÐSHÓPURINN**

**Markverðir:**
Birkir Ívar Guðmundsson (Haukar)
Björgvin Gústavsson (Bittenfeld)
Hreiðar L. Guðmundsson (Savehof)

**Aðrir leikmenn:**
Alexander Petersson (Flensburg)
Arnór Atlason (FC Köbenhavn)
Ásgeir Örn Hallgrímsson (GOG)
Bjarni Fritzson (St. Raphael)
Guðjón V. Sigurðsson (R.-N. Löwen)
Hannes J. Jónsson (Fredericia)
Ingimundur Ingimundarson (Minden)
Logi Geirsson (Lemgo)
Ólafur Stefánsson (Ciudad Real)
Róbert Gunnarsson (Gummersbach)
Rúnar Kárason (Fram)
Sigfús Sigurðsson (Ademar Leon)
Snorri Steinn Guðjónsson (GOG)
Sturla Ásgeirsson (Aarhus GF)
Sverre Jakobsson (HK)
Vignir Svavarsson (Skjern)



**EFTIRVÆNTING** Sonur Ólafs Kristjánssonar, þjálfara Breiðabliks, dró mótherja Kópavogsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

8 liða úrslit VISA-bikars karla:

## Keflvíkingar og Blikar mætast

**FÓTBOLTI** Dregið var í 8 liða úrslitum VISA-bikars karla í gær.

Stórleikur 8 liða úrslita er klárlega viðureign bikarmeistarabana Keflavíkur, sem sló FH út úr 16-liða úrslitunum, og Breiðabliks sem sló Íslandsmeistara Vals út.

KR og Grindavík mætast í öðrum Landsbankadeildarslag og fer leikurinn fram á KR-vellinum.

Fyrstudeildarlið Hauka úr Hafnarfirði kom á óvart í 16 liða úrslitunum á dögunum þegar það sló Landsbankadeildarlið HK út úr keppninni. Þetta er reyndar annað árið í röð sem Haukar komast í 8 liða úrslit VISA-bikarsins og á leið sinni þangað í fyrra lá Landsbankadeildarlið Framara í valnum. Haukar mæta nú Fylki og fer leikurinn fram að Ásvöllum.

Annað 1. deilarlið var í pottinum í gær, Víkingur Reykjavík, sem fær það verðuga verkefni að leika gegn bikarspútnikliði síðasta sumars, Fjölni, á Fjölnisvelli.

Leikirnir fara fram fimmtudaginn 24. júlí og hefjast kl. 19:15. - óþ

Blikarnir Marel Baldvinsson og Magnús Gunnarsson búnir að týna skotskónum:

# Hafa ekki skorað í 1.163 mínútur

**FÓTBOLTI** Marel Jóhann Baldvinsson og Magnús Páll Gunnarsson eiga gull- (Marel) og bronsskó (Magnús) eftir síðustu tímabil sín með Breiðabliki en þessir markakóngar eru líklega búnir að týna skotskónum ef marka má markaþurrð þeirra á þessu tímabili.

Hvorugur þeirra hefur náð að skora í fyrstu níu umferðunum í Landsbankadeild karla og það þarf að fara langt inn á undirbúningstímabil til þess að grafa upp síðasta mark þeirra félaga.

Kórinn, 7. mars 2008. Þetta er kannski ekki eftirminnilegur staður eða stund fyrir marga nema þá kannski Marel Jóhann Baldvinsson, framherja Breiðabliks í Landsbankadeild karla. Þarna skoraði kappinn nefnilega sitt síðasta mark fyrir Breiðablik.

Markið skoraði hann gegn 1. deildarliði Selfossi í upphafi deildabikarleiks liðanna. Marel skoraði þá með góðum skalla eftir fyrirgjöf frá Arnóri Sveini Aðalsteinssyni. Síðan þá eru liðnir rétt tæpir fjórir mánuðir. Marel er nú búinn að spila 10 leiki og í samtals 759 mínútur án þess að finna netmöskvana á nýjan leik.

Marel skoraði 11 mörk í 13 leikjum þegar hann lék síðast í Landsbankadeildinni sumarið 2006. Marel skoraði þá í þremur síðustu leikjum sínum, þar af tvö mörk í þeim síðasta. Hann fór síðan út til Molde í Noregi þar sem hann skoraði 7 mörk í 24 leikjum í A- og B-deild áður en hann kom aftur heim í Smárann í vetur.

Kollegi hans í framherjasveit Breiðabliks, Magnús Páll Gunnarsson, hefur þurft að bíða enn lengur en Marel því hann skoraði síðast í 5-1 stórsigri á Grindavík í deildabikarleik liðanna í Reykjaneshöllinni 23. febrúar.

Magnús Páll hefur verið meira eða minna varamaður í allt sumar og hefur því leikið mun minna en Marel. Nú eru samt liðnar 450 mínútur síðan að hann skoraði en líkt og hjá Marel var það bakvörðurinn Arnór Sveinn Aðalsteinsson sem lagði upp markið fyrir hann.

Magnús Páll fékk bronsskóinn í fyrra fyrir að skora 7 mörk í 17 leikjum en hann fékk auk þess eitt sjálfsmark skráð á sig og var því með átta mörk hjá KSÍ.

Þessir tveir markakóngar hafa nú leikið samanlagt í 1.163 mínútur án þess að skora mark. Sem betur fer fyrir Blika hafa þó ellefu aðrir leikmenn liðsins náð að skora á þessum fjórum mánuðum og þar á meðal eru miðvörðurinn Srdjan Gasic, bakvörðurinn Árni Kristinn Gunnarsson og nýliðinn Haukur Baldvinsson sem skoraði eftir aðeins 14 mínútur í sínum fyrsta leik.

Næsti leikur Blika er gegn Fylki á útivelli á mánudagskvöldið og þá verður gaman að sjá hvort skotskórnir verði komnir í leitirnar. - óój



**BEÐIÐ FYRIR MARKI** Marel Jóhann Baldvinsson hefur verið að komast í betra form upp á síðkastið en gengur samt ekkert betur að nýta dauðafærin. Hér til hægri er Magnús Páll Gunnarsson með uppskeru síðasta sumars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HAUKAR** Verða í mjög erfiðum riðli komist þeir í gegnum undankeppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Haukar í Evrópukeppninni:

## Yrðu með Flensburg í riðli

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í riðla í Meistaradeild Evrópu í handbolta. Haukar voru með í drættinum en þeir eiga eftir að spila við Cyprus College í undankeppninni. Vinni þeir háskólaliðið í tveimur leikjum í byrjun september verða þeir í F-riðli með ungversku meisturunum í Veszprem, Zaporoshje frá Úkraínu og stórliði Flensburg frá Þýskalandi. Með Flensburg leikur landsliðsmaðurinn Alexander Petersson.

Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Kiel eru með Barcelona í riðli og Snorri Steinn Guðjónsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson mæta Ólafi Stefánssyni og félögum hans í Ciudad Real með GOG. Arnór Atlason mætir meðal annars Hamburg frá Þýskalandi með FCK. - hþh

43. bikarmót Íslands í frjálsum íþróttum hófst í Kópavogi í gær:

# Góð stefna FH á 15. titilinn í röð

**FRJÁLSAR** FH er með forystu eftir fyrri keppnisdaginn í Bikarkeppni FRÍ sem fram fer í Kópavogi. FH hefur orðið meistari fjórtán ár í röð en fimm lið taka þátt að þessu sinni.

Gauti Ásbjörnsson (UMSS) vann stangarstökkið með stökki upp á 4,40 metra, Sveinn Elías Elíasson (Ármann/Fjölni) stökk einnig 4,40 í annarri tilraun líkt og Gauti en hann felldi 4 metra í tvígang og því vann Gauti. Jón Arnar Magnússon (FH) stökk 4,20 metra.

Íslandsmethafinn Pétur Guðmundsson varð annar í kúluvarpi, um fimm metrum frá gömlu meti sínu upp á 21,26 metra. Óðinn Björn Þorsteinsson sá við honum og kastaði 17,69 metra.

Sveinn Elías vann 100 metra hlaupið á 10,92 sekúndum og sveit Ármanns/Fjölnis vann 4*100 metra boðhlaupið. Það sama gerði FH hjá stelpunum.

Ásdísi Hjálmsdóttur (Ármanni/Fjölni) tókst ekki að bæta Íslandsmet sitt í spjótkasti eins og hún ætlaði sér. Hún kastaði best 56,50 og vann örugglega en metið er 57,10 metrar. Hún vann einnig kúluvarpið með 12,98 metra kasti.

Silja Úlfarsdóttir úr FH vann þrjár greinar, 100 metra hlaupið á 12,32 sekúndum, 400 metra hlaupið á 56,82 sekúndum og 400 metra grindahlaup á 59,91 sekúndum. Jóhanna Ingadóttir (ÍR) vann þrístökkið með 11,90 metra stökki.

Keppni heldur áfram í dag og lýkur mótinu seinni partinn. - hþh



**NÁLÆGT METINU** Ásdís Hjálmsdóttir kastar hér spjóti sínu yfir 56 metra í gær. Hún var stutt frá Íslandsmeti sínu í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FLJÓT** Silja Úlfarsdóttir var hlutskörp í hlaupunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SVEINN ELÍAS** Fer hér fremstur í flokki í 100 metra hlaupinu.

### STAÐAN EFTIR FYRRI DAG:

FH: 44,5 stig
ÍR: 40 stig
Breiðablik: 32,5 stig
Ármann/Fjölnir: 29 stig
HSÞ: 26 stig
UMSS 13 stig

### ÚRSLITIN Í GÆR:

**Karlaflokkur:**

*Kúluvarp (7,26kg.):* Óðinn Þorsteinss. (FH)
*Langstökk:* Kristinn Torfason (FH)
*Spjótkast:* Jón Ásgrímsson (FH)
*Stangarstökk:* Gauti Ásbjörnsson (HSÞ)
*100m hl.:* Sveinn E. Elíasson (Árm./Fjö)
*4*100m boðhlaup:* Ármann/Fjölnir
*400m hlaup:* Björgvin Víkingsson (FH)
*400m grindahl.:* Björgvin Víkingss. (FH)
*1500m hlaup:* Kári S. Karlsson (Brei.)
*3000m hindrunarhlaup:* Stefán Guðmundsson (Breiðablik)

**Kvennaflokkur:**

*Hástökk:* Berglind Ó. Kristjánsd. (HSÞ)
*Kúluvarp (4 kg.):* Ásdís Hjálms. (Árm./Fjö)
*Spjótkast:* Ásdís Hjálmsd. (Árm./Fjö)
*Þrístökk:* Jóhanna Ingadóttir (ÍR)
*100m hlaup:* Silja Úlfarsdóttir (FH)
*4*100m boðhlaup:* FH
*400m hlaup:* Silja Úlfarsdóttir (FH
*400m grindahlaup:* Silja Úlfarsd. (FH)
*1500m hl.:* Arndís Hafþórsd. (Árm./Fjö)



> **Samantha Morton**

„Það þarf trúverðugan leikara til að gera góða kvikmynd. Þess vegna forðast ég að vera í glanstímaritum eða sjampóauglýsingum því það getur skaðað þá ímynd sem ég hef sem sem leikari." Morton leikur í kvikmyndinni Lassie sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNA LEIÐAST AUGLÝSINGAR

# Kreppan drap mont-auglýsingarnar

Mér dauðleiðast auglýsingar. Samt er margt af hugmyndaríkasta og klárasta fólkinu í þessum bransa, valinkunnir grínistar og alls konar frábært lið. Verstar af öllu eru leiknar auglýsingar í útvarpi. Ég er orðinn svo harðsvíraður að ég skipti umsvifalaust um stöð þegar þessi leiðindi skella á. Ef ég lendi ekki á þokkalegu lagi eða röfli slekk ég bara og keyri í þögn þar til mér er óhætt að kveikja aftur.

Auðvitað geta sjónvarpsauglýsingar verið fyndnar í fyrstu tvö skiptin eða svo. Síðan verða þær óþolandi. Það er lágmarks kurteisi að fólk reyni að hafa auglýsingar fyndnar. Ef maður brosir hlýtur að vera örlítið meiri séns að maður skipti um bíl eða símafyrirtæki.

Eitt af því jákvæða við kreppuna er að auglýsingaharkið dregst saman. Ég er allavega vongóður um að mont-auglýsingarnar sem voru vinsælar hér í síðasta góðæri séu alveg búnar í bili, eða þar til línuritin fara að hallast upp á við á ný. Mont-auglýsingarnar voru nú alveg spes. Maður vissi eiginlega ekkert hvað var verið að auglýsa en inntakið virtist vera eitthvað á borð við: „Við hjá Aurora Funding Group erum hrikalega æðisleg." Svo var kannski búið að fljúga Gísla Erni Garðarssyni til ótal áfangastaða erlendis og hann látinn röfla einhverja innantóma steypu framan í myndavélina í óaðfinnanlegum jakkafötum. Ég trúi ekki öðru en við séum laus við svona krapp í kreppunni.



**ÓMÞÝÐ** Gerður G. Bjarklind má selja manni asbestklæðningu.

Einu auglýsingarnar sem ég þoli eru lesnar auglýsingar, eins lengi og röddin er ekki pirrandi. Eva María er ágæt en á ekkert í Gerði G. Bjarklind ennþá. Ómþýð Gerður má þess vegna reyna að selja mér asbestklæðningu. Ég fyrirgef henni allt enda er röddin samofin minningum manns og sögu.

## EKKI MISSA AF



▶ **11.45** F1 Tímataka Beint
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.25** 3: The Dale Earnhardt Story
STÖÐ 2



▶ **20.30** Lassie
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** Jarhead
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.15** The Evidence
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Snillingarnir, Bitte nú!, Pip og Panik, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn, Leyniþátturinn og Tobbi tvisvar.

**10.30 Kastljós** (e)

**11.00 Landsmót hestamanna** (4:7) (e)

**11.15 Hlé**

**15.40 Dýr í móðurkviði** (e)

**17.00 Saga rokksins** (6:7) (e)

**17.55 Táknmálsfréttir**

**18.05 Tímaflakk** (Doctor Who II) (4:13)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Sápugerðin** (Moving Wallpaper)

**20.05 Bergmálsströnd** (Echo Beach)

▶**20.30 Lassie** (Lassie) Fjölskylda í kröggum neyðist til að selja hundinn sinn. En Lassie er ósátt hjá nýjum húsbændum og leggur af stað í langferð heim á leið. Leikstjóri er Charles Sturridge og meðal leikenda eru Samantha Morton, Peter O'Toole, Peter Dinklage, John Lynch og Kelly Macdonald.

**22.05 Landsmót hestamanna** Samantektarþáttur frá Landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflötum við Hellu.

**22.25 Tindur Dantes** (Dante's Peak) Vísindamaður kemst að því að bæ sem þykir annar eftirsóknarverðasti staðurinn að búa á í Bandaríkjunum er ógnað af eldfjalli sem hefur haft hægt um sig lengi. Aðalhlutverk: Pierce Brosnan og Linda Hamilton.

**00.10 Ást og landráð** (Love and Treason) (e)

**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 How to Kill Your Neighbor's Dog**

**10.00 The Legend of Johnny Lingo**

**12.00 The Blue Butterfly**

**14.00 Everyday People**

**16.00 How to Kill Your Neighbor's Dog**

**18.00 The Legend of Johnny Lingo**

**20.00 The Blue Butterfly**

▶**22.00 Jarhead** Mynd byggð á samnefndri metsölubók með Jake Gyllenhaal í aðalhlutverki.

**00.00 The Badge**

**02.00 Dirty Deeds**

**04.00 Jarhead**

**06.00 Snow Wonder**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Gordon Garðálfur, Hlaupin, Funky Valley og Refurinn Pablo.

**07.55 Algjör Sveppi**

**09.20 Tommi og Jenni**

**09.45 Ben 10**

**10.10 Íkornastrákurinn**

**10.35 James and the Giant Peach**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Bold and the Beautiful**

**12.50 Bold and the Beautiful**

**13.10 Bold and the Beautiful**

**13.30 Bold and the Beautiful**

**13.50 Bold and the Beautiful**

**14.15 So you Think you Can Dance**

**15.45 Tekinn 2** (1:14)

**16.15 The Moment of Truth** (1:25)

**17.05 Curb Your Enthusiasm** (6:10)

**17.35 Two and a Half Men** (9:24)

**18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Lottó**

**19.01 Veður**

**19.10 Creature Comforts** (5:7) Þættir frá höfundum Wallace og Gromit þar sem dýr eiga í misgáfulegum samræðum sem eru fengnar að láni frá mannfólkinu.

**19.35 Primeval** (5:6)

▶**20.25 3: The Dale Earnhardt Story** Mynd byggð á sannsögulegum atburðum. Dale Earnhardt er frægur kappakstsurskappi sem lifir fyrir það eitt að keppa. Hann er stórtækur í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur en fyrir það er hann ýmist lofaður eða lastaður. Aðalhlutverk: Elizabeth Mitchell, Barry Pepper og Ernest Whitted.

**21.55 Walking Tall** Chris Vaughn snýr aftur í heimabæ sinn eftir herskyldu en finnur að margt hefur breyst í fjarveru hans. Aðalhlutverk: Johnny Knoxville, The Rock og Neal McDonough.

**23.25 Constantine** Mynd byggð á vinsælli teiknimyndasögu og segir frá særingarmanni sem sér um að flytja syndugar sálir til Helvítis. Aðalhlutverk: Keanu Reeves.

**01.20 Girl Fever**

**02.50 Derailed**

**04.35 Curb Your Enthusiasm** (6:10)

**05.05 Creature Comforts** (5:7)

**05.30 Fréttir**

**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT besta sætið

**08.55 Formúla 1 2008 - Bretland** Bein útsending frá æfingum fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Bretlandi.

**10.05 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**11.05 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

▶**11.45 Formúla 1 2008 – Bretland** Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Bretlandi.

**13.20 Sumarmótin 2008** Fjallað verður um Shellmótið í Vestmannaeyjum í máli og myndum. Knattspyrnumenn framtíðarinnar sýna listir sínar í frábærum þætti.

**14.05 Landsbankadeildin 2008** KR - ÍA

**16.00 Opna bandaríska mótið** Útsending frá lokadegi US Open í golfi.

**22.00 Formúla 1 2008 - Bretland** Útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Bretlandi.

**23.35 Box** Ricky Hatton - Juan Lazcano

## SPORT 2

**16.10 Bestu leikirnir**

**17.50 10 Bestu - Ríkharður Jónsson** Sjötti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**18.40 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**19.35 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**20.05 Football Rivalries** Þættir þar sem rígur helstu stórvelda Evrópu er skoðaður innan vallar sem utan. Í þessum þætti verður fjallað um ríg Arsenal og Tottenham ásamt því að kíkt verður til Króatíu og Zagreb skoðuð.

**21.00 PL Classic Matches** Arsenal - Manchester Utd, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.30 PL Classic Matches** Liverpool - Manchester Utd, 01/02.

**22.00 Bestu leikirnir**

## SKJÁREINN

**09.45 Vörutorg**

**10.45 Rachael Ray** (e)

**14.30 Kimora: Life in the Fab Lane** (e)

**15.00 Hey Paula** (e)

**15.25 Top Chef** (e)

**16.15 Kid Nation** (e)

**17.05 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**17.55 What I Like About You** (e)

**18.20 Style Her Famous** (e)

**18.45 Top Gear** Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir. (e)

**19.45 Life is Wild** Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. (e)

**20.35 Everybody Hates Chris** Bandarísk gamansería þar sem Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. (e)

**21.00 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. (e)

**21.25 Eureka** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. (e)

▶**22.15 The Evidence** Bandarísk sakamálasería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. Sögusvið þáttanna er San Francisco og aðalpersónurnar eru lögreglumenn og meinafræðingar sem rannsaka morðgátur. Í upphafi þáttanna fær áhorfandinn að sjá öll sönnunargögnin en síðan þarf að raða saman brotunum til að komast að því hver er morðinginn. (e)

**23.05 The Good Girl** (e)

**00.35 Damaged Care** (e)

**02.30 The Eleventh Hour** (e)

**03.20 Jay Leno** (e)

**04.10 Jay Leno** (e)

**05.00 Vörutorg**

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku.** Endurtekið á klst. fresti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.55**

### Primeval



Sérstaklega vandaðir og æsispennandi þættir um hóp vísindamanna sem rannsaka hvað gerist þegar undarleg frávik í tíma eiga sér stað víðs vegar í Englandi. Óheppileg hliðarverkun veldur því að risaeðlur eiga nú greiðan aðgang inn í nútímann og það gerir rannsóknarhópnum mun erfiðara fyrir.



**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

### Á sporbraut

**Rás 1 kl. 13.00**

Á sporbraut heitir ný þáttaröð um alþjóðamál í umjón Eddu Jónsdóttur. Í þættinum í dag verður fjallað um þá efnahagslegu þróun sem hefur átt sér stað í Kína auk þess sem viðræður milli íslenskra og kínverskra stjórnvalda um samvinnu í efnahagsmálum verða til umfjöllunar. Gestir þáttarins eru Gunnar Snorri Gunnarsson og Þórey Vilhjálmsdóttir.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Út um víðan völl
**09.03** Sólarglingur
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Mánafjöll
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Á sporbraut
**14.00** Umhverfis jörðina
**15.00** Tímakorn
**15.40** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Undur Andesfjalla
**17.05** Brjóstdropar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Betri stofan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Bravó, bravó!
**20.00** Sögur af sjó og landi
**21.00** Látún
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Í fáum dráttum
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**15.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks.
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**17.05 Talk Show With Spike Feresten** (17:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum.
**19.30 Comedy Inc.** (22:22) Ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
**20.00 So You Think You Can Dance** (2:23) Fjórða þáttaröðin. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**21.25 Entourage** (13:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en eins og komið hefur á daginn er leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött. Á slíkri þrautagöngu kemur sér vel að eiga góða vini en stundum getur það líka bara skemmt fyrir.
**21.50 The Class** (13:19)
**22.15 Talk Show With Spike Feresten**
**22.40 Comedy Inc.** (22:22)
**23.05 So You Think You Can Dance**
**00.30 Entourage** (13:20)
**00.55 The Class** (13:19)
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link
**11.00** Ballykissangel
**12.00** Ballykissangel
**13.00** Ballykissangel
**14.00** Ballykissangel
**15.00** Ballykissangel
**16.00** Ballykissangel
**17.00** Doctor Who
**17.45** Doctor Who Confidential
**18.00** Doctor Who
**18.45** Doctor Who Confidential
**19.00** After Thomas
**20.35** The League of Gentlemen
**21.05** The League of Gentlemen
**21.35** The League of Gentlemen
**22.05** Doctor Who
**22.45** Doctor Who Confidential
**23.00** Doctor Who
**23.45** Doctor Who Confidential
**0.00** After Thomas

## DR 1

**9.00** Lille menneske - hva' det? **9.50** Kær på tur **10.20** Trillingerne fra Belleville **11.35** Nationen - Ædegildet og fastekuren **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Koncert i en kuffert **13.50** Walter og Carlo - yes, det er far **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Amuletten **16.00** Blandt vilde dyr og bleskift **16.30** TV Avisen med vejret **17.15** Hold masken **17.45** Aftentour 2008 **18.10** Robin Hood **18.55** Røven af 4. division **20.40** Kriminalkommissær Barnaby **22.20** Conviction **23.00** Kodenavn: Jane Doe

## NRK 1

**8.00** H2O **8.25** Klasse 9a **8.55** Møte med Heidar Olafsson **9.20** Mujhse dosti karoge! **11.50** Ballerina **12.45** Wimbledon direkte **16.00** Barnas supershow **16.25** Underbuksepiratene **16.35** Eventyr på hesteryggen **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Etter at du dro **18.10** Retro **19.10** Sjukehuset i Aidensfield **20.00** Pizza Nostra **20.50** Komiprisen 2008: Årets morsomste **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nachspiel Wimbledon **21.35** Olme beist **23.05** Korte grøss: Vincents mørke hemmelighet **23.30** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**9.00** Karamelli **9.30** Fieteri **11.35** Packat & klart sommar **12.05** Ett stycke Sverige **13.05** Uppdrag granskning - sommarspecial **14.05** Tre kärlekar **15.00** Allsång på Skansen **16.00** Lenny och Knirp **16.05** Disneydags **17.00** Barnen på Luna **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Harry H - Fallet Mary **19.00** Kriminaljouren **19.45** De stora krigarna **20.40** Rapport **20.45** Flykten från Jante **22.25** Rose och Maloney **23.15** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN



*Bryndís Björgvinsdóttir*

**Aldur:** 26
**Starf:** Nemi.
**Fjölskylda:** Unnustinn heitir Haukur Már Helgason
**Foreldrar:** Katrín Bára Björnsdóttir húsmóðir og Björgvin Þór Jóhannsson kennari.
**Búseta:** Bý í Hafnarfirði.
**Stjörnumerki:** Ég er hrútur með fiska rísandi.

Bryndís er nemi í þjóðfræði og nýráðinn ritstjóri Stúdentablaðsins.

# Vínkynning og smökkun í matvöruverslun

„Tjahhhh…,“ sagði stúlkan og yppti öxlum þegar Dr. Gunni, umboðsmaður neytenda í Fréttablaðinu, spurði hana hvort hún færi ekki fram á persónuskilríki þeirra sem hún skipti við. Stúlkan var með rauðvínskynningu í Hagkaupum Skeifunnar á fimmtudaginn og mun þetta vera í fyrsta skipti sem staðið er fyrir vínkynningu í matvöruverslun hér á landi.

Vínið sem var verið að kynna er Tommasi sem Mekka Wines and Spirits flytur inn. Framkvæmdastjóri þar er Jón Erling Ragnarsson og hann vildi nú ekki kannast við það að verið væri að hella víni ofan í viðskiptavini Hagkaupa nema síður sé. „Fyrir þá sem hafa aldur til. Við lítum á þetta sem ráðgjöf: Hvaða vín getur farið vel með helgarsteikinni. Botnfylli í plastsnafsaglasi,“ segir Jón Erling sem hefur varla ímyndunarafl til að geta sér til um hversu mörg slík þyrfti svo menn færu að finna á sér. Og Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, tekur í sama streng og segir þetta hluta matarmenningar landsmanna. „Þetta er ráðgjöf. Og við viljum prófa okkur áfram með þetta og sjá hvernig viðskiptavinurinn bregst við. Því við erum til fyrir hann,“ segir Gunnar Ingi. Hann er sér meðvitaður um að þetta kunni að reynast á gráu svæði, jafnvel að þetta sé jarðsprengjusvæði.

„Við megum því miður ekki selja vín þó við glaðir vildum. Við höfum til þess betri aðstöðu en víðast býðst. Og margar kannanir sýna að fólki finnst eðlilegt að geta keypt léttvín með matarinnkaupum. En svo fara „lobbýistavélarnar“ í gang þegar talað er um að þetta eigi að fara í búðirnar,“ segir Gunnar Ingi. Hagkaupsmenn hafa áhuga á að prófa sig áfram með þetta í sumar og tengja grillstemningunni sem þá myndast. „Við sjáum til hvað verður eftir helgi.“

- jbg



**VÍNKYNNING Í MATVÖRUBÚÐ** Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, lítur á kynninguna sem ráðgjöf en ekki vínsmökkun.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** grútur, 6. kúgun, 8. skjögur, 9. bar að garði, 11. mun, 12. hólf, 14. yfirstéttar, 16. tveir eins, 17. hlaup, 18. flan, 20. tveir eins, 21. slagæð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistarstíll, 3. bogi, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. svelg, 7. eldsneyti, 10. samhliða, 13. iðn, 15. óhapp, 16. kvk nafn, 19. sjó.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. lýsi, 6. ok, 8. rið, 9. kom, 11. ku, 12. klefi, 14. aðals, 16. gg, 17. gel, 18. ras, 20. yy, 21. ósæð.
**LÓÐRÉTT:** 1. rokk, 3. ýr, 4. sikiley, 5. iðu, 7. kolagas, 10. með, 13. fag, 15. slys, 16. gró, 19. sæ.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ingrid Betancourt.
2. Will Smith.
3. Ögmundur Jónasson.






H.A.ARNARSON: HEIMILDARÞÁTTASERÍA UM KÁRA STEFÁNSSON OG DECODE

# Kári henti þeim öfugum út

„Þrisvar hef ég reynt að fá viðtal við Kára en – nei,“ segir Vestur-Íslendingurinn og kvikmyndagerðarmaðurinn Hörður Arnarson eða H.A. Arnarson.

Hörður er að gera sjónvarpsþáttaseríu um Kára Stefánsson og deCODE-ævintýrið. „Ég er loksins búinn að klippa fjóra hálftíma þætti af sex. Þetta verður þriggja tíma þáttaröð sem byrjar með athyglisverðri frétt á RÚV frá árinu 1998 þar sem sagt er frá samningi Kára við Hoffmann-la Roche,“ segir Hörður sem starfar í Los Angeles sem leikstjóri og klippari. Hann hefur þrisvar verið tilnefndur til Emmy-verðlauna en hans þekktustu verk eru líklega þau í tengslum við raunveruleikaþáttinn Survivor sem hann hefur klippt og svo sem leikstjóri atriða í Ripley´s Believe it or not. „Það þyrfti að borga mér mikið fyrir að tala um samstarf mitt við Mark Burnett [framleiðanda vinsælustu raunveruleikaþátta veraldar] en klippiherberginu er staðurinn þar sem hlutirnir gerast og nei verður stundum já.“

Mynd Harðar um Kára hefur verið lengi í vinnslu og fylgt Herði allt frá því að hann var að hasla sér völl í Bandaríkjunum. Hörður sá frásögn um fyrirtækið og taldi þarna hafa komið eitthvað fyrir sig. „Þetta byrjaði sem hefðbundin fréttaheimildarmynd árið 1999. Ég vildi að hún yrði mitt fyrsta verkefni á þessu sviði og steinféll fyrir öllu „PR-inu“ frá Kára: Gjöf Íslendinga til heimsins og svo framvegis. Hörður kom til Íslands 1999 og hóf að taka viðtöl bæði við menn sem voru með og á móti. Allt hékk þó á viðtali við Kára. „Ég var búinn að filma í sex vikur, mæti og kynni mig. Kári mælir mig og kvikmyndatökuliðið út. Segir þá að ég hafi talað við Jóhannes Jónsson, Erlu Eyfjörð og fleiri sem höfðu krítiserað hann og henti okkur svo öfugum út. Ég sat uppi með rjúkandi rúst í höndunum.“

Myndin fór á ís en Hörður hefur síðan unnið að henni samhliða öðrum verkefnum. Ekki er ákveðið hvenær og hvar þættirnir verða sýndir en Hörður hefur ekki áhyggjur af því að henni verði ekki fundinn staður. Hörður segir sögu deCODE, ris og fall, ævintýralega, eða allt frá því að Davíð Oddsson hélt 17. júní-ræðu 1999 og í kjölfarið keyptu ríkisbankarnir upp upprunalega fjárfesta og seldu íslenskum fjölskyldum fyrir ævintýralegar fjárhæðir.

„Ég fór að kaupa í deCODE þegar gengið var komið í 3,5 dollara. Hugsaði, þeir geta ekki látið þetta lognast út af. Það er of vandræðalegt. Nú er gengið í einum dollara en ég myndi segja að gengi mitt sem kvikmyndagerðarmanns hafi hækkað meðan það hefur lækkað í deCODE,“ segir Hörður.

jakob@frettabladid.is



**HÖRÐUR MEÐ STJÚPDÓTTUR SINNI GEORGIA RAE DEL GEORGE** Hefur nú klippt fjóra þætti af sex í þriggja tíma heimildarmynd um Kára Stefánsson og ævintýralegt ris og fall deCODE.



**KÁRI STEFÁNSSON** Mynd Harðar verður honum líklega ekki að skapi, í það minnsta hefur hann ekki viljað ljá máls á viðtali, að sögn Harðar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Logi Bergmann Eiðsson** sást á föstudaginn rogast með fjóra bjórkassa í sinn fjölskyldubíl. Reyndist það hans hlutur í EM-potti Stöðvar tvö manna en Logi, sem ávallt er potturinn og pannan í félagslífi hvers vinnustaðar þar sem hann er, hefur árum saman staðið fyrir vinnustaðaveðmálum þegar mikið liggur við. Logi vann pottinn að þessu sinni og eftir því sem næst verður komist mun þetta vera í fyrsta skipti sem hann vinnur slíkt veðmál. En ljóst er að potturinn hefur verið stór því Logi deildi honum með fimm öðrum sem giskuðu á að Spánn myndi vinna keppnina.



**Ólafur Stephensen**, ritstjóri Morgunblaðsins, heldur áfram að koma á óvart með mannaráðningum sínum. Nýjasti blaðamaður hans er **Þóra Kristín Ásgeirsdóttir**. Ekki það að Þóra Kristín sé slæmur blaðamaður nema síður sé og er hún varaformaður Blaðamannafélags Íslands. En móðir hennar er **Sigríður Jóhannesdóttir**, fyrrum þingmaður Samfylkingarinnar, og tilheyrir róttækari vinstri armi hennar enda úr Alþýðubandalaginu. Óhugsandi hefði verið í tíð **Styrmis Gunnarssonar** að slíkur uppruni þætti í lagi í Moggabyggingunni.



Umboðsmanni Merzedes Club, **Valgeir Magnússyni**, barst nýverið fyrirspurn frá breska tónlistartímaritinu Music and Media + vegna nýs lags með hljómsveitinni og **Haffa Haff**. Það kom Valla nokkuð á óvart hversu mikið blaðamaðurinn vissi um þessi fyrirbæri en til stendur að skrifa grein um þau í blaðið. Valli stendur annars í ströngu við að undirbúa prufu sem verður í dag á Tunglinu klukkan tvö fyrir söngkonu sem fær að ferðast með MC til Portúgal eftir hálfan mánuð. Og hefur áhyggjur af aðsókn vegna þess að allt stefnir í að helgin verði ein mesta ferðahelgi ársins. - jbg




OPNUNARTILBOÐ




Skeljar 199,000,-

Eigum gríðalegt úrval af rafmagnspottum!

Arctic Spas • Kleppsvegi 152 • 104 Reykjavík
Heitirpottar.is • sími 554 7755


# Fór keyrandi á Hróarskeldu

„Við lögðum af stað sautjánda júní og þetta er búið að vera mjög ævintýralegt,“ segir Guttormur Þorsteinsson sagnfræðinemi í Háskóla Íslands, sem fór keyrandi ásamt fjórum vinum sínum á tónlistarhátíðina í Hróarskeldu. „Snorri vinur minn á 1986 módel af Toyota Camri sem við ferðuðumst á austur og tókum Norrænu þaðan. Bíllinn var auðvitað troðfullur af farangri, enda vorum við fimm saman. Þegar við vorum lögð af stað uppgötvuðum við að það voru bara fjögur belti í bílnum, svo pabbi sendi mér bílbelti með flugpósti til Egilsstaða sem við settum sjálf í bílinn áður en við fórum í Norrænu,“ útskýrir Guttormur.

„Við vildum gera svolítið ferðalag úr þessu og keyra um Noreg og Svíþjóð, en fyrst vorum við í þrjár nætur í Þórshöfn í Færeyjum. Þar keyrðum við um eyjarnar og gerðum örugglega allt sem hægt var að gera í Færeyjum á þeim tíma,“ segir Guttormur og hlær, en þegar komið var til Noregs tók torfarnari vegur við. „Leiðin milli Björgvinjar og Óslóar liggur í 1200 metra hæð á kafla og bíllinn var oft við það að ofhitna á erfiðustu köflunum. Við þurftum þá stundum að stoppa, jafnvel í miðjum göngum eða á þröngu vegunum í Harðangursfirði, en Snorri er góður bílstjóri svo þetta hafðist,“ segir Guttormur.

-ag



**GUTTI Á HRÓARSKELDU** Keyrði frá Íslandi á tónlistarhátíðina vinsælu.

FRÉTTABLAÐIÐ/KOLBRÚN

# Ethnicraft – Júlítilboð




Gerum hús að heimili

**TEKK**
**COMPANY**

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 10-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



**MEST LESIÐ:**

- Læknavakt á Suðurnesjum lokað vegna fjárskorts
- Ramses meðhöndlaður eins og fangi á Ítalíu
- Jón ákærður fyrir hundraða milljóna króna skattsvik
- Hópslagsmál í Reykjanesbæ

visir.is ...ég sá það á visir.is





**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar


## *Boltasumarið mikla*

Það eru gömul sannindi og ný að íþróttir eru frábært sjónvarpsefni. Sem krakki horfði ég á hvert fimleikamótið á fætur öðru og hlustaði á Bjarna Fel. lýsa stökkum Natalíu Shaposhnikovu, Elenu Mukinu og annarra fimleikameistara af slíkri innlifun að það var eins og hann hefði þjálfað þær sjálfur. Þótt áhugi minn á íslenskri knattspyrnu einskorðist við það hvort Fram takist að halda sér í deildinni og ÍBV vinni síðasta leik fyrir Þjóðhátíð finnst mér erlend stórmót í fótbolta með betri sjónvarpsviðburðum.

**ÁHUGI** minn á Evrópumeistaramótinu dvínaði ekki við það að vera einmitt stödd í Rotterdam þegar Hollendingum gekk sem best. Stemmningin entist langt fram á rauða nótt. Vinkonur mínar hér heima sýndu mótinu samt fjarska lítinn áhuga. Þó gat ég ekki séð annað en að þær hrifust með þegar ég lýsti því fyrir þeim hvað leikur Króata gegn Portúgölum hafði verið magnaður. Jafntefli á lokasekúndunni og vítaspyrnukeppni. Hvað biður maður um meira? Stelpurnar urðu verulega hissa þegar mér tókst að bregða fyrir mig orðasambandinu „að brenna af“. Þessu áttu þær ekki von á frá mér. Þá óx mér ásmegin og ég tók að segja þeim hvernig menn höfðu „hreinsað frá markinu“. Mín ekki alin upp í Safamýrinni fyrir ekki neitt.

**Í** fótboltanum eru menn ekki fundnir sekir um ólöglega lyfjanotkun hægri vinstri eins og gerist til dæmis fulloft í frjálsum íþróttum. Því fær maður á tilfinninguna að knattspyrnukapparnir hafi raunverulega lagt eitthvað á sig til að öðlast þá færni sem þeir búa yfir en hafi ekki bara úðað í sig pillum. Eitt það besta við Evrópumeistaramótið í sumar var líka að sjónvarpsfréttatíminn var færður eitthvað – ég man ekki hvert – og ég vandist því af því að horfa á hann. Í blöðunum voru fréttirnar farnar að snúast um hrúta í tveimur reifum sem orðnir voru að ísbjörnum og drengi sem höfðu komið að kofunum sínum gjörónýtum. Þetta tvennt dugði til að maður áttaði sig á því að það væri gúrka.

**OG** það var ekki fyrr en löngu eftir mótið að það rann upp fyrir mér að það voru ekki Portúgalar sem att höfðu kappi við Króata, heldur Tyrkir en ég nennti ekki að leiðrétta það við vinkonur mínar. Þetta kennir þeim bara að fylgjast sjálfar með næst. Hvað segiði, stelpur, bolti og sódavatn heima hjá mér?

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 5. júlí, 188. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.15 | 13.32 | 23.48 |
| Akureyri | 2.16 | 13.17 | 0.14 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


